

SÚLUR

NORÐLENSKT TÍMARIT

XXXIX. árg.

52. HEFTI 2013

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

BJÖRN TEITSSON

Eigandi og útgefandi:

SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA

Ritnefnd Súlna
skipa:

Björn Teitsson
Jón Hjaltason

Sögufélag Eyfirðinga
Hjalteyrargötu 4, 600 Akureyri
Sími / símsvari: 462 4024

ISSN 1670-3170

UMBROT OG PRENTUN: ÁSPRENT, AKUREYRI
Akureyri 2013

Forsíðumynd – ritstjórnarspjall

Í tilefni af hátíðahöldum vegna 150 ára afmælis Akureyrar-kaupstaðar sumarið 2012 var sem forsíðumynd nú valin tölvu-gerð teikning af húsaskipan og umhverfi Akureyrar árið 1862 þegar kaupstaðurinn var stofnaður öðru sinni. Þessi tölvu-teikning er gerð af tveimur ungum hagleiksmönnum hér í bæ, þeim Arnari Birgi Ólafssyni skróðgarðyrkjufraðingi og Brynjari Karli Óttarssyni, og hafa þeir góðfúslega leyft birtingu hennar á forsíðu Súlna. Fyrir þetta er þeim hér með þakkað kærlega. Frumgerð teikningarinnar er komin upp á vegg í skjalasafni Amtsbókasafnsins á Akureyri.

Efst t.v. á teikningunni, í norðurbrekku Búðargils, blasir við kartöflugarður Levers kaupmanns, en sérstaka grein er að finna í þessu hefti um Lever og garðinn. Þá er hér birt mjög áhugaverð samantekt Sögu Jónsdóttur, leikkonu og leikstjóra, um Vilhelmínu Lever, þá merku atorkukonu, dóttur Levers, en Saga gerði leikrit um hana sem var frumflutt 30. ágúst 2012 á afmælishátíð bæjarins. Grein Sögu fylgja myndir af persónum í leiksýningunni. Sögu er hér með þakkað hennar framlag.

Ákveðið hefur verið að birta yfirleitt eitt viðtal í hverju hefti ársritsins. Fyrir jól 2012 kom út ævisaga rithöfundarins Pater Jóns Sveinssonar, Nonna, eftir Gunnar F. Guðmundsson. Að baki liggur þrotlaus vinna við söfnun heimilda og góð úrvinnsla. Viðtal við höfundinn er hér að finna, og eru honum þökkúð greið svör.

Öllum öðrum höfundum efnis í þessu hefti er einnig þökkúð góð samvinna. Hluti efnisins hafði raunar verið sendur fráfarandi ritstjóra, Hauki Ágústssyni, en við hann hefur verið gott samstarf. Sem fyrr hefur Minjasafnið á Akureyri góðfúslega útvegað ýmsar myndir.

Nýr ritstjóri óskar eftir því að sem flestir leggi ritinu lið og sendi inn þjóðlegan fróðleik, greinar og annað efni, einkum varðandi eyfirska sögu, m.a. eru stuttir þættir vel þegnir. Netfang ritstjóra er: banna@simnet.is - Heimasími er 456 4119.



Pater Jón Sveinsson – Nonni, rithöfundur. Hann fæddist á Möðruvöllum í Hörgárdal 16. nóvember 1857, upp á dag hálfri öld síðar en Jónas Hallgrímsson. Jón Sveinsson var aðallega til heimilis á Akureyri, í Nonnahúsi, Aðalstræti 54, frá 1865 þangað til hann fluttist utan tólf ára gamall. Hann gerðist kaþólskur Jesúitaklerkur. Eftir þetta kom hann aðeins tvisvar í heimsóknir til Íslands. Nonni andaðist 16. október 1944 í Köln í Þýskalandi, og þar er hann grafinn.

– Mynd frá Minjasafninu á Akureyri.

Viðtal við Gunnar F. Guðmundsson um Jón Sveinsson – Nonna

Gunnar F. Guðmundsson er fæddur í Reykjavík 1952. Að loknu stúdentsprófi frá M.R. 1971 lagði hann í fyrstu stund á guðfræði en sneri sér síðan að sagnfræði, íslensku og heimspeki og lauk B.A.-prófi í þeim greinum 1976, kandidatsprófi í sagnfræði 1979 og prófi í uppeldis- og kennslufræði 1982. Veturinn 1981-82 var hann kennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og 1982-95 við Fjölbrautaskóla Garðabæjar. Frá árinu 1996 hefur Gunnar verið



*skjalavörður kaþólska biskupsdæmisins í Reykjavík, en jafnframt starfaði hann sem sagnfræðingur hjá óbyggðanefnd 2000-2005. Hann hefur gefið út og samið nokkur rit.
– Ljósmynd af Gunnari: Þorkell Örn Ólason.*

Þetta viðtal er tekið í tilefni af útkomu bókar Gunnars F. Guðmundssonar um rithöfundinn Pater Jón Sveinsson – Nonna,¹ en fyrir hana hlaut hann íslensku bókmenntaverðlaunin 2012 í flokki fræðirita og rita almenns eðlis. Gunnar féllst góðfúslega á að svara fáeinum spurningum ritstjóra Súlna um tilurð bókarinnar.

¹ Gunnar F. Guðmundsson: *Pater Jón Sveinsson – NONNI*. Bókaútgáfan Opna, Reykjavík 2012.

Hvernig fékkst þú fyrst veður af Nonna (Jóni Sveinssyni) og kynntist verkum hans?

Sennilega hef ég verið um átta ára þegar ég kynntist fyrst verkum Jóns Sveinssonar. Elsti bróðir minn átti allt ritsafn hans í fallegu rauðu bandi með gyllingu, og skipuðu þessar bækur sérstakan sess í bókahillum okkar bræðranna. Í þessum bókum var einhver heillandi framandleiki sem ég hafði ekki kynnst áður.

Á heimili mínu stafaði ljóma af nafni Jóns Sveinssonar. Allir vissu að hann hafði átt ævintýralegan feril, farið héðan af landi brott 12 ára að aldri, gengið í skóla í fjarlægum löndum, gerst kaþólskur prestur, trúboði og rithöfundur og hlotið heimsfrægð. En ekki var nóg með það heldur hafði faðir minn kynnst honum persónulega. Hann var þá 10 ára nemandi í Landakotsskóla. Þetta var sumarið 1930. Dag einn kom Jón í heimsókn í skólann, en hann var þá gestur íslenskra stjórnvalda hér á landi í tilefni af alþingishátíðinni. Skilveggur milli tveggja skólastofa hafði verið opnaður svo að öll börnin gætu komið saman og tekið á móti ævintýradrengnum Nonna. Þarna birtist hann hár og tígulegur, góðlátlegur á svip með blátær augu – allt var þetta föður mínum minnisstætt – og fékk sér sæti á litlum stól fyrir framan börnin. Síðan byrjaði hann að segja frá. Allan tímann á meðan hann talaði hélt hann um stólbak fyrir framan sig, og stundum kom fyrir að hann hristi stólinn óþyrmilega. „Hvers vegna var Nonni svona reiður,“ spurði drengurinn sjálfan sig en fékk síðar þau svör að þetta hefði gamli maðurinn gert þegar hann átti örðugt með að finna réttu orðin, því að móðurmálið var honum ekki lengur tamt sem forðum daga.

Á háskólaárum mínum varð ég svo lánsamur að kynnast Haraldi Hannessyni hagfræðingi og forstöðumanni bókasafns Seðlabankans. Hann hafði verið góður vinur Nonna og eftir andlát hans safnað saman á einn stað flestu því sem hann lét eftir sig af skriflegu efni. Síðan lét hann búa um þetta safn af stakri smekkvísi og augljósri virðingu fyrir Jóni Sveinssyni. Þetta hafði sín áhrif á mig. Nonnasafnið var á


Þessum árum varðveitt á heimili þeirra hjóna, Haralds og Ragnheiðar Hannesdóttur, en þar var ég á tímabili tíður gestur.

Á hvern hátt lýsir þú aðdraganda þess að þú fórst að rita þessa bók?

Árið 1996 var ég ráðinn skjalavörður hjá kaþólsku kirkjunni og var þar næstu fimm árin en fór þá tímabundið til annarra starfa. Á þessum árum skrifaði ég stutta grein eða inngang að bréfum sem Jón Sveinsson hafði ritað Meulenberg biskupi í Landakoti á sínum tíma og birtist hún í tímariti kaþólsku kirkjunnar, Merki krossins, árið 2003. Hún nefndist „Jón Sveinsson og ættjörðin í norðri. Inngangur að bréfum.“ Þetta var aðeins lítið sýnishorn af miklu safni bréfa sem höfðu farið á milli þessara manna og geymd voru í skjalasafni kirkjunnar. Snemma árs 2005 tilkynnti ég þáverandi biskupi að ég ætlaði að láta af störfum hjá kirkjunni og snúa mér að kennslu í þeirri von að geta fengið rýmri tíma til að skrifa bók um Jón Sveinsson. Þá gerði biskupinn mér það tilboð að breyta starfsskyldum mínum á þann veg að hluti þeirra yrði að skrifa fræðilegt rit um ævi Jóns. Þetta varð til þess að ég ílengdist við skjalasafnið og notaði jafnan eftir það nokkrar vinnustundir flesta daga og öll sumarleyfi til að fást við þetta verkefni. Vorið 2011 hafði ég að mestu lokið við bókina og vantaði aðeins tíma til að geta farið yfir heimildir og rekið smiðshöggið á verkið. Sá tími kom árið eftir og er ánægjulegt að bókin skyldi koma út í kringum afmælisdag Nonna, 16. nóvember, þegar 155 ár voru liðin frá fæðingu hans.

Á hvaða stöðum og hvernig aflaðir þú þér heimilda?

Mikilvægustu heimildirnar um Jón Sveinsson eru í Nonna-safni sem nú er varðveitt í þjóðdeild Landsbókasafns, að mestu leyti í þeim vandaða búningi sem Haraldur Hannesson bjó um þær. Þarna er mikið safn einkabréfa, dagbækur Jóns, handrit að bókum hans og fyrirlestrum, úrklippur og



Nonni í Japan meðal ungra aðdáenda, 1937-38.

– Mynd frá Minjasafninu á Akureyri.

ljósmyndir svo að nokkuð sé nefnt. Þó er vitað að mikið er glatað. Jón segir t.d. á einum stað undir lok ævi sinnar að hann hafi fargað um það bil 50.000 bréfum og flestum dagbókum sínum. Á móti kemur að bréfadagbækur hans eru varðveittar nær óskertar og af þeim má fá hugmynd um efni flestra bréfanna, einnig þeirra sem nú eru glötuð. Það útheimti töluverðan tíma að rýna í þessar bréfadagbækur, sérstaklega elstu færslurnar, því að þar er margt skrifað með örmáu letri svo að stundum varð ég að nota stækkunargler, og kom þá einatt í ljós að sum orðin eru skammstafanir og merking þeirra ekki alltaf auðráðin. Einnig sat ég löngum stundum yfir dagbókum föður Jóns, Sveins Þórarinssonar, og las þær spjaldanna á milli, enda eru þær stórmerkar heimildir og verðskulda að vera gefnar út.

Skjalasafn hins þýska umdæmis Jesúítareglunnar í München var einnig ríkuleg uppspretta heimilda. Þar var einkum að finna gögn frá starfsárum Jóns í Danmörku og bréf sem hann sendi yfirmönnum sínum og reglubræðrum. Í þessum bréfum og þeim sem varðveitt eru í skjalasafni kaþólsku kirkjunnar hér á landi mátti glöggst sjá hversu auðvelt Jón átti með að skrifa sendibréf. Orðin streymdu fram úr penna hans og á ýmsum tungumálum í einu og sama bréfinu ef því var að skipta, enda voru afköstin mikil.

Þriðja safnið sem ég vildi nefna er skjalasafn kaþólsku kirkjunnar í Kaupmannahöfn. Þar fann ég m.a. bréf sem fóru á milli trúboðans í Landakoti, séra Baudoins (Baldvins eins og hann var kallaður hér á landi) og yfirmanns kaþólsku kirkjunnar í Danmörku, Hermanns Grüders, sem Nonni bjó hjá einn vetur og hafði síðan mikil samskipti við næstu árin. Þarna voru líka bréf sem Nonni skrifaði Grüder á námsárum sínum í Frakklandi, fyrst á dönsku en síðar frönsku. Að auki fór ég í dagsferð út á Borgundarhólm og leitaði að upplýsingum um Fog skipstjóra, sem flutti Nonna héðan af landi til Kaupmannahafnar í skútunni Valdemar frá Rönne, og sat nokkra daga við heimildaleit í Landsarkivet for Sjælland og í Ríkisskjalasafni Dana. Hins vegar lét ég hjá líða að

fara til Rómar þó að þar væru tvö skjalasöfn sem líkur voru á að lumuðu á forvitnilegu efni: skjalasafn Jesúíta í höfuðstöðvum reglunnar og skjalasafn stjórnardeildar Vatíkansins um trúboðsmál (Propaganda Fide). En þarna voru starfsmenn sem tóku að sér ómakið og spöruðu mér þannig bæði fé og fyrirhöfn.

Fyrir utan skjöl og önnur slík frumgögn varð ég að sjálf-sögðu einnig að styðjast við ýmiss konar fræðirit sem flest eru til í Þjóðarbókhöfðinu en töluvert margar bækur varð ég að fá í millisafnaláni, sérstaklega þær sem fjalla um sérhæft kápólskt efni og starfsemi Jesúítareglunnar. Vefsíður af ýmsu tagi gerðu sitt gagn þó að mér sé ljóst að heimildagildi þeirra er misjafnt.

Hvernig skiptir þú lífshlaupi Nonna í kafla í bókinni?

Bókin hefst ekki í réttri tímaröð því að í upphafi hennar er Nonni orðinn fulltíða maður. Hann var þá kennari við skóla Jesúíta í Ordrup í Danmörku og ætlaði sér að skrifa sögur um æskuár sín á Íslandi. Í því skyni fær hann lánaðar frá Íslandi dagbækur föður síns og les þær af mikilli gaumgæfni. Við lestur þeirra verður Nonna – og lesendum – ljóst að bernskuár hans voru miklu erfiðari og raunalegri en hann vill vera láta í bókum sínum. Síðan hefst hin eiginlega ævisaga og styðst ég þá við Nonnabækurnar, svo langt sem þær ná, en reyni ævinlega að hafa til samanburðar aðrar heimildir til að rétta af myndina og sýna hvernig veruleikinn getur tekið á sig ýmsar myndir í höndum rithöfundar með fortíðarþrá. Að öðru leyti má segja að efni bókarinnar skiptist í eftirfarandi þætti: Bernsku- og uppvaxtarár á Íslandi, námsár í Danmörku og Frakklandi, liðsþjálfun og menntun í Jesúítareglunni, kennslu- og trúboðsstörf í Danmörku, rithöfundur og fyrirlesari, íslenskar rætur Jóns Sveinssonar og samband hans við ættjörðina, ferð hans umhverfis jörðina þegar frægðarsól hans rís hæst og loks ævikvöldið. Inn í þennan ramma er síðan reynt að bæta ýmsu efni til að fylla

upp í myndina. Í bakgrunninum er aldarfarið bæði á Íslandi og úti í heimi, enda fór Nonni víða um, en fyrst og síðast er reynt að kafa inn í hug þessa manns, geta sér til um hans „innra líf“, svo að vitnað sé í Halldór Laxness. Hvernig tókst fátækum íslenskum sveitadreng, Jesúítapresti, rithöfundu og rótslitnum heimsborgara með brotna sjálfsmynd að fóta sig í lífinu?

Hvað kom þér mest á óvart í fari Nonna við þessa nánú kynningu? Hverjir voru hans helstu kostir og gallar?

Í Nonnabókunum má fá nokkra hugmynd um hvers konar persónuleiki Jón Sveinsson var, því að hann eins og flestir höfundar opinberar sig leynt og ljóst í verkum sínum. Samt kom mér ýmislegt á óvart við nánari kynni og vil ég sérstaklega nefna fjögur atriði: Í fyrsta lagi hvað líf hans var að mörgu leyti erfitt bæði á æskuárum hans heima á Íslandi, þó að hann gefi annað í skyn í bókum sínum, og einnig síðar á ævinni þegar hann hefði átt að vera í blóma lífsins. Í öðru lagi hvað þrá hans eftir því að fá að helga sig ritstörfum var mikil svo að hann varð næstum hugstola og sjúkur eins lengi og hann varð að bæla þessa löngun sína niður. Í þriðja lagi kom mér á óvart hvað þessi hlýðni og auðmjúki maður gat verið ákveðinn og fylginn sér þegar hann síðar á ævinni þurfti að verja frelsi sitt til ritstarfa, jafnvel þó að það kostaði núning við yfirmenn hans. Síðast en ekki síst er mér ofarlega í huga hvað hann var rammíslenskur í hugsun og öllu eðlisfari, og ef til vill var það þess vegna sem hann gat aldrei almennilega fest rætur á sinni löngu ævi.

Um kosti Jóns og galla má ýmislegt segja. Halldóri Laxness þótti siðfræðilegt mat hans stundum undarlegt og tók sem dæmi frásögn eina í bókinni *Eldeyjan í norðurhöfum*. Jón var þá staddur í hafnarborginni Leith á leiðinni til Íslands sumarið 1930. Hvarvetna blöstu við langar raðir af atvinnulausum verkamönnum, en hann hafði þó ekki mestar áhyggjur af bágunum kjörum þeirra heldur því hvað yrði um

breska heimsveldið ef það yrði áfram að ausa gífurlegum fjárhæðum úr ríkissjóði handa öllum þessum milljónum atvinnuleysingja (sbr. *Reisubókarkorn* (1950), bls. 289-291). Á öðrum stað segist Halldór Laxness þó oft hafa orðið vitni að því hvað Jón gat verið artarlegur við fátæklinga og umrenninga sem hann mætti á götum Parísarborgar.

Eftir nokkuð löng kynni af Jóni Sveinssyni held ég að megi fullyrða að hann hafi verið vænn maður, hrekklaus og góð sál, en vammlaus var hann ekki. Hann var t.d. langminnugur ekki aðeins á það sem vel var við hann gert heldur einnig á það sem hann taldi vera óvild í sinn garð. Því gleymdi hann aldrei. Annars getur oft verið álitamál hvað teljast kostir og gallar í fari annarra. Jón var auðmjúkur maður og hlýðinn og lét framan af ævi margt yfir sig ganga möglunarlaust. Frá sjónarhóli kirkju hans og reglu var þetta lofsverð dyggð, en hún getur verið varasöm og jafnvel snúist upp í andhverfu sína, ef hún gefur öðrum færi á að ganga á lagið og elur á beiskju hjá þeim sem fyrir verður. Ekki er laust við að slíkt hafi gerst hjá Nonna. Annað mætti nefna. Hann var Jesúíti og æðsta skylda hans var að þjóna markmiðum reglunnar. En þess í stað tók hann um miðjan aldur að krefjast þess að hann fengi fullt frelsi til að ferðast um, skrifa bækur og flytja fyrirlestra, ekki um guð og andleg mál heldur um hann sjálfan. Þessi sjálfhverfa tilætlunarsemi var ekki til fyrirmyndar hjá manni í hans stöðu, en samt var hún forsenda þess að sagan af Nonna varð til og að hann sjálfur yrði sá ástsæli fulltrúi Íslands um allan heim og raunar reglu sinnar einnig sem síðar varð. Ef til vill var það helsti kostur hans og sú dyggð sem gæti orðið öðrum til fyrirmyndar að hann skyldi um síðir rísa upp úr öskustónni til að fylgja köllun sinni eftir í lífinu.

SAGA JÓNSDÓTTIR

Borgarinnan Vilhelmína Lever

Saga Geirdal Jónsdóttir fæddist árið

1948 og ólst upp á Akureyri.

*Snemma fór hún að syngja með
hljómsveitum og einnig að leika,
einkum með Leikfélagi Akureyrar.*

*Að því félagi var hún fastráðin
1973-78 og aftur frá 1999.*

Þar á milli starfaði hún í

Reykjavík, m.a. hjá

*Borgarleikhúsinu. Hin seinni ár
hefur hún leikstýrt mörgum sýning-
um, bæði hérlandis og í Færeyjum,
og haldið námskeið. Þann 30. ágúst*

2012 var leikrit hennar,

Borgarinnan, frumsýnt í Samkomuhúsinu á Akureyri.

– Mynd af Sögu: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir.



Hvernig var lífið hér á Akureyri fyrir 150 árum og jafnvel enn fyrr? Mannlífið, veðráttan og umhverfið? Er hægt að ímynda sér það? Kannski ekki, en ef til vill er hægt að búa sér til mynd í huganum eftir lestur margra bóka og með því að skoða myndir.

Þetta flaug í gegnum huga mér eftir að mér var sagt frá merkiskonunni Vilhelmínu Lever og eiginlega heimtað að ég skrifaði leikrit um hana. Ég hafði aldrei heyrt um hana eða allavega ekki veitt henni athygli. Eitthvað gerði það að verkum að ég fór af stað og byrjaði að kynna mér ævi hennar og störf. Ótrúleg kona og þegar maður tekur með í reikninginn



Hluti leikarahópsins á leið á Danska daga í innbænum, við Laxdalshús, þar sem Vilhelmina bjó um tíma ung. – Mynd: Saga Jónsdóttir.

á hvaða tíma hún var uppi þá virkar hún jafnvel enn stærri og sterkari. Mig langaði að segja hér frá því hvernig mynd ég fékk af henni eftir að hafa sankað að mér ýmsum heimildum og unnið handritið. Leikrit mitt, Borgarinnan, um Vilhelmini er ekki sagnfræði heldur er stuðst við atriði úr ævi hennar, sumt fært til í tíma og margar persónur eru uppspuni höfundar. Þessi grein er ekki heldur sagnfræði heldur mínar hugmyndir um kjarnakonuna Vilhelminu Lever byggðar á þeim gögnum sem ég hef fundið, og vekur vonandi áhuga lesenda á þessari konu.

Vilhelmina Lever fæddist þann 1. mars 1802 á Seyðisfirði. Móðir hennar er sögð hafa verið niðursetningur og hét Þuríður Sigfúsdóttir en faðir hennar ýmist sagður danskur eða norskur verslunarmaður í heimildum og hét Hans Wilhelm Lever. Móðir hennar lést þegar Vilhelmina er ung og tel ég að hún hafi fylgt föður sínum alla tíð. Hans Lever flytur til Akureyrar og gerist verslunarstjóri Kyhnsverslunar 1803-1811 og eiga þau þá heima í Laxdalshúsi. Hann var framsýnn og hugmyndaríkur framkvæmdamaður og vildi kynna fyrir fólkinu á Akureyri ýmsar nýjungar. Árið 1807 kom skip frá Vesturálfi með ýmsan varning s.s kartöfluútsæði. Hann

hófst handa við að rækta kartöflur í Búðargili og kenndi fólki að rækta þær og nýta. Enn er hægt að sjá ummerki eftir garðana í Búðargilinu. Hans gaf út merkilegt rit um kartöflurækt árið 1810, það eru til eintök af því og eitt er t.d. í Davíðshúsi. Einnig flutti hann inn ýmis fræ, hnetur og fleira sem hann kenndi fólkinu að meta. Hann var mikið ólíkindatól og með eindæmum stríðinn, sérstaklega var honum uppsigað við yfirvaldið. Hann var áhugamaður um garðrækt og virðist hafa haft mikil áhrif í þeim efnum sem öðrum.

Hans og Vilhelmína fara af landi brott sennilega til Norðs en koma aftur til Akureyrar árið 1817, þá er með þeim í för Karen Kristine, norsk gæðakona, Hans kvænist henni og reynist hún Vilhelminu vel og virðast þær hafa átt gott skap saman.

Hans faðir hennar var einsog áður sagði mikill framkvæmdamaður, hann byrjaði sem verslunarstjóri en byggir síðan hús norðan Búðarlækjarins árið 1818 þar sem nú stendur Hafnarstræti 19 og stofnar þar sína eigin verslun, Leversverslun.

Á þessum árum eru íbúar á Akureyri fáir eða aðeins um 30-40 manns.

Vilhelmína vex úr grasi, kát og fjörug stúlka og þykir falleg. Mér sýnist að faðir hennar og Karen hafi alið hana þannig upp að hún stæði jafnfætis körlum, væri allir vegir færir, altént gekk hún í ýmis störf með föður sínum, sem ekki var algengt að stúlkur gerðu, fór á sjó og kynntist m.a. verslunarrekstrinum.

Sagt er að Vilhelmina hafi talað einhverskonar hrognamál, annað orðið íslenskt en hitt danskt! Hún var vel gefin og óhrædd við að hafa skoðanir. Ung að árum kynnist hún Þórði Daníelssyni frá Skipalóni sem þá var nýkominn heim úr námi frá Danmörku. Þau rugla saman reitum sínum og eiga heima um tíma á Skipalóni. Ég trúi að það hafi ekki átt alls kostar við Vilhelminu að búa með tengdforeldrunum og ekki síður að þurfa að sinna einvörðungu heimilisstörfum.

Þórður var hrifinn af sinni ungu konu en ákaflega hræddur

um hana. Kærði hann hana fyrir framhjáhald, áttu margir menn að hafa komið þar að, jafnvel heil skipshöfn! En ákæran var felld niður og hafði hún þar sigur. Hún sækir um lögskilnað fyrst kvenna eftir stutta sambúð og fær hann, en Þórður fór til Danmerkur og kom ekki aftur til Íslands að talið er.

Á þessum árum var það afar erfitt fyrir ungar stúlkur að vera einar með barn en Vilhelmína eignast son árið 1833 með dönskum manni Mads Christiansen og kemur hann ekki meira við sögu. Sama ár sækir Vilhelmína um að setja upp verslun fyrst kvenna og gengur það eftir, kaupir lóð í landi Eyrarlands og byggir þar lítið hús. Henni vegnar misjafnlega, hún stóð endalaust í strögli við karlpeninginn sem öllu réði. Hún var ekki á því að láta sinn hlut og gafst ekki upp þrátt fyrir að reynt væri endalaust að bregða fyrir hana fæti og standa í vegi fyrir henni og hennar hugmyndum.

Faðir hennar lést 1843, 63 ára að aldri og var það henni mikið áfall, þau voru samrýmd og unnu mikið saman í gegnum tíðina, ráku saman matjurtagarða t.d. og hugmyndir þeirra um lífið og tilveruna voru svipaðar, sýnist mér.

Vilhelmína selur búðina sína fyrrverandi mági sínum, Þorsteini Daníelssyni 1846 og flytur að Syðra-Krossanesi, þar sem hún er í nokkur ár eða til ársins 1852, fyrir utan stuttan tíma sem hún er á Möðruvöllum í Hörgárdal. Þar tekur hún að sér litla stúlku, Vilhelmínu Pálsdóttur, en móðir hennar lést.

Á þessu tímabili er Vilhelmína að því er virðist heitbundin ungum manni, Eggerti Björnssyni, hún um fimmtugt en hann tæplega þritugur, altént taldi hann það svo vera. Eitt-hvað virðist Vilhelmína hafa orðið þreytt á honum, hann starfaði sem ráðsmaður hjá henni og vildi hún losna við hann. Hann gerði sér lítið fyrir og kærði hana fyrir að „þverneita sér fæðis og annarrar aðhjúkrunar... og reka sig hælislausan útá bláberann klakann.“ Að öllum líkindum var þessi kæra líka látin niður falla.

Mína er ekki af baki dottin, hún byggir hús að Aðalstræti



Hannes Örn Blandon sem Hans V. Lever og Stefán Guðlaugsson sem „yfirvaldið“. – Mynd: Skapti Hallgrímsson.



Jóhanna Þorgilsdóttir sem Vilhelmina ung og Sunna Borg sem Karen Kristine. – Mynd: Skapti Hallgrímsson.

52 og fer að reka þar veitingahús og ekki löngu seinna kaupir hún Leversverslun af stjúpu sinni Karen Kristine sem var orðin fullorðin (aldurnhigin) og vildi fara heim til Noregs.

Allt virðist ganga henni í haginn, hún tekur að sér þurfa-linga og kemur vel fram við þá og aðra sem minna mega sín. Hún lætur til sín taka á ýmsum sviðum, stendur í endalaus-um bréfaskriftum líkt og faðir hennar, til amtmanna, sýslu-manna og canselísins. En erfðleikar eru með son hennar sem er drykkfelldur og henni til lítillar ánægju. Aftur þarf Vil-helmina að selja búðina sína, nú er það Leversverslun og aftur er það Þorsteinn Daníelsson sem kaupir af henni. Hann var henni afar vinveittur og aðstoðaði hana með ýmsu móti í gegnum árin.

Aftur fer mín kona af stað og 1861 rekur hún stórt bú og vertshús að Aðalstræti 64, kallað Mínubær. Hún vildi fá einkarétt á veitingasölu hér í bænum og sótti um það. En þetta var alveg fáheyr! Kona og að auki rúmlega sextug að láta sér detta þetta í hug! Allt fór af stað til að koma í veg fyrir að hún fengi þetta leyfi og baktjaldamakkið bar árangur. Henni var reyndar boðið að hefja veitingarekstur á Oddeyr-inni sem þá þótti fjarri öllu og öllum. Má geta þess að sá að-ili sem fékk einkaréttinn gafst fljótlega upp og hætti.

Árið 1863 gerðust mikil tíðindi á Akureyri, það var kosið til bæjarstjórnar í fyrsta sinn, Akureyri hafði fengið kaup-



Svipmyndir úr leikritinu Borgarinnan sem sýnt var í Samkomuhúsinu á Akureyri 2012.

– Myndir: Skapti Hallgrímsson og Helga Gunnlaugsdóttir.

staðarréttindi árið áður. Og að sjálf sögðu fannst Vilhelmínu hún eiga rétt á að kjósa. Konur höfðu ekki kosningarétt og fengu hann ekki fyrr en 19 árum seinna. En Vilhelmina Lever mætti á kjörstað og hvernig sem hún fór að því þá kaus hún. Mín skoðun er sú að þeir háu herrar sem hún talaði við hafi ekki haft roð við henni, hún hefur að öllum líkindum verið búin að undirbúa sig vel og þeir ekki haft svör á móti. Hún var þá vefefnuð kona og búin að borga sitt til bæjarins og vel það. Fyrir þetta er hennar aðallega minnst þó hún hafi gert margt annað sem vert er að minnast. Hún var fyrsta konan til að fá lögskilnað frá manni sínum, fyrsta konan til að hefja verslunarrekstur á Akureyri, gerði tilraun með tólmstunda- iðkun við hús sitt ofl. ofl. Leikrit voru sýnd á heimili hennar og einnig hélt hún þar skemmtileiki líkt og faðir hennar. Guðrún Borgfjörð lýsir því í bók sinni þegar hún sem ung stúlka stalst til Maddame Vilhelmínu á skemmtileik, það var mjög spennandi og þar lærði hún að hoppa!

Sonur Vilhelminu, Hans Lever yngri, druknaði 1867 í Búðarlæknum aðeins 34 ára gamall. Einkabarnið sem hún var búin að stríða við árum saman, enn eitt áfallið sem hún verður fyrir.

Vilhelmína hélt sínu striki í nokkur ár, en heilsan fór að bila, hún missti sjónina og var karlæg hin síðustu ár. Vilhelmína Pálsdóttir, sú sem Mína tók til sín unga sá um hana og annaðist síðustu árin.

Vilhelmína, Vertshús-Mína, Borgarinnan lést 1879, merk baráttukona sem alltof fáir hafa vitað um í gegnum tíðina.

Það var óneitanlega gaman þegar áhorfendur komu út af leiksýningunni og sögðu m.a. með tárin í augum: Hugsu sér að við skulum hafa átt svona konu og ekki haft hugmynd um það!



Hannes Örn Blandon sem Hans V. Lever, Fanney Valsdóttir sem Vilhelmína eldri og Jóhanna Þorgilsdóttir sem Vilhelmína ung.

– Mynd: Agnes Heiða Skúladóttir.

BJÖRN TEITSSON

H. V. Lever, jarðeplin og Búðargil

Björn Teitsson er fæddur 1941 í S.-Þingeyjarsýslu. Hann lauk stúdentsprófi frá M.A. 1962 og magistersprófi í íslenskum fræðum frá H. Í. 1970. Björn kenndi um tíma í Reykjavík en var skólameistari á Ísafirði frá 1979 til 2001, er hann flutti til Akureyrar og kenndi í nokkur ár við framhaldsskólana þar. Hefur nokkuð sinnt ritstörfum.



Jarðepli koma til Íslands

Upphaf kartöfluræktar á Íslandi tengist hinum þekktu Inn-réttingum Skúla Magnússonar landfógeta upp úr miðri 18. öld. Svo virðist sem fyrstur hafi reynt jarðeplarækt hérlandis maður að nafni Friedrich Wilhelm Hastfer, barón og ævin-týramaður af þýsk-sænsku bergi brotinn. Kartöflur munu fyrst hafa vaxið hjá honum á Bessastöðum á Álftanesi sum-arið 1758, en síðan fór Hastfer af landi brott. Séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal við Patreksfjörð stundaði kart-öfluræktun einnig um líkt leyti.¹ Það er raunar talið að Björn hafi fyrst pantað kartöfluútsæði frá Kaupmannahöfn 1758 en ekki fengið það fyrr en sumarið eftir og þá þegar gróður-

¹ Þorkell Jóhannesson, í: Saga Íslands VI. bindi (Reykjavík 1943), bls. 489-500.

sett kartöflurnar. Hann stundaði jarðeplaræktun síðan ötulega.²

Séra Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum hélt reyndar áfram jarðeplarækt á Álftanesi, hjá honum fékk Eggert Ólafsson skáld, mágur séra Björns í Sauðlauksdal, kartöflur í mat 1762.³

Þessi ræktun virðist hafa breiðst fremur hægt út um landið í fyrstu, en 1776 er talið að jarðepli hafi verið ræktuð í Hörgárdal, líklega í Stóra-Dunhaga. Fyrir ræktuninni stóð væntanlega presturinn sr. Sigurður Stefánsson, síðar Hólabiskup, sem þá bjó þar.⁴ Þetta er sennilega hið fyrsta sem vitað er um þessa ræktun á Norðurlandi. Árið 1780 sá Nicolai Mohr sem ferðaðist um landið ekki kartöflur annars staðar á Norðurlandi en hjá Friðriki Lynge kaupmanni á Akureyri, en sagði þær smáar enda settar niður á óheppilegum stað.⁵ Móðuharðindin frá 1783 hljóta síðan að hafa tafið fyrir útbreiðslunni. Napóleonsstríðin sem hófust um 1800 urðu til þess að siglingar til Íslands drógust mjög mikið saman frá 1807 og innflutningur matvæla þar með, þess vegna jókst þá matjurtarækt í landinu, því að fólk varð einhvern veginn að bjarga sér. Þá hlutu jarðeplin verulegan meðbyr.

Hans Vilhelm Lever

Sá sem fyrstur fór að rækta jarðepli á Akureyri að verulegu marki fyrir rúmlega 200 árum hét Hans Wilhelm Lever, höndlunarfaktor. Hann var fæddur 1780 og dó 1843; um hann verður rætt hér stuttu síðar. Eldri bróðir hans var Anders Fredrik Lever (um 1778-1806). Móðurbróðir bræðranna var Andreas Kyhn verslunareigandi, m.a. á Akureyri. Anders Lever var orðinn búðardrengur á Akureyri um 1796,

2 Hannes Þorsteinsson: Björn Halldórsson, í: Merkir Íslendingar VI. bindi (Reykjavík 1957), bls. 60-62.

3 Hildur Hákonardóttir: Blálandsdrottningin og fólkið sem ræktaði kartöflurnar (Reykjavík 2008), bls. 94, 110-111.

4 Ólafur Olavius: Ferðabók II. bindi (Reykjavík 1965), bls. 14.

5 Hildur Hákonardóttir: Blálandsdrottningin, bls. 142.

starfaði svo í fáein ár á Siglufirði, þar sem hann er nefndur í manntali 1801, en fluttist skömmu síðar til Reyðarfjarðar og andaðist þar 1806.⁶

Um ætt Lever-bræðra skal vísað til Steens Thomsen, sem er ættfræðingur í Kaupmannahöfn. Amma Steens í föðurætt var Augusta Sveinsson, dóttir Hallgríms Sveinssonar biskups, en maður Augustu var Detlev Thomsen yngri (1867-1935) kaupmaður í Reykjavík og Kaupmannahöfn, sonur Hans Theodors *Augusts* Thomsen (1834-99), kaupmanns í Kaupmannahöfn og Reykjavík, sonar Detlevs Thomsen eldra (1803-57), kaupmanns í Reykjavík sem var kvæntur Jacobine *Gytte* Frederichu Lever (1805-35), dóttur áður-nefnds Anders Fredriks Lever faktors á Reyðarfirði, sonar Sebastians Samuels Lever (1744-1812) ballettmeistara við konunglega ballettinn í Kaupmannahöfn, en faðir hans var Johann Kasper Löber (svo) (um 1710- um 1777 eða fyrr) skraddari í Kaupmannahöfn. Kona Sebastians Samuels og móðir bræðranna Anders Fredriks og Hans Wilhelms var Anna Christina Kyhn (1752-93), systir Akureyrarkaupmanns. *Gytte* Lever átti tvær eldri systur, þ.e. Önnu Christine (1801-68) húsmóður í Reykjavík (fædda á Siglufirði) og Vilhelminu Christiane (1802-74) á Stórhóli (Espihóli) í Eyjafirði, sem fyrst var kona Stefáns St. Thorarensen (1803-44) bónda þar, en síðar um skeið kona Bjarna Jóhannessonar (1815-83) frá Kambfelli.⁷ Vilhelminu Christiane hefur stundum verið ruglað saman við nöfnu sína og náfrænku, dóttur Hans Wilhelms, enda báðar fæddar á sama ári eins og skjótt verður um rætt. Um Vilhelminu Christiane er það að segja að samkvæmt varðveittri kirkjubók var hún skírð 10. ágúst 1802 í Hólmaprestakalli í Reyðarfirði og hafði fæðst 4. sama mánaðar, dóttir Levers factors og hans Madame, eins og þar

6 Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar*, I (Akureyri 1990), bls. 68. – Manntal á Íslandi 1801, Norður- og austuramt (Reykjavík 1980), bls. 182.

7 <http://www.danbbs.dk/%7Estst/> – Um þessa ætt hefur helst skrifað á íslensku Hildur Hákonardóttir í Blálandsdrottningunni, bls. 140.



Jomfru Lever. Myndin mun tekin í Reykjavík af Sigfúsi Eymundssyni um 1870 eða litlu síðar. Til er önnur mynd af sömu konu frá sama eða svipuð-um tíma og með á þeirri mynd er mun yngri kona, sögð vera frú Christine Thomsen kona Aug. Thomsen sem sé þarna ásamt móðursystur hans (upp-lys. frá Herði Geirssyni á Minjasafninu). Móðir Aug. Thomsen var Gytte Lever, alsystir Vilhelminu á Stórhóli. Eldri systir Gytte og Stórhóls-Mínu, Anna Kristín, dó 1868. Konan á myndinni hér er því sennilega Vilhelmina á Stórhóli (Stórhóls-Mína). Hún er með giftingarhring. Stórhóls-Mína varð ekkja 1844 en giftist aftur og skildi við þann mann eftir 1860. Ekki virðist fráleitt að frænkurnar Vilhelminurnar, borgarinnan og sú á Stórhóli, hafi verið eitthvað líkar í útliti. Af borgarinnunni virðist engin ljósmynd vera til.

– Mynd frá Minjasafninu á Akureyri.

segir.⁸ Hún var því dóttir Anders Fredriks Levers sem hefur verið nýkominn frá Siglufirði og konu hans, Frederiku Christinu ljósmóður sem var dóttir Rasmusar Lyngre kaupmanns á Akureyri. Vafalaust er að þessi Vilhelmína Christiane varð seinna kona Stefáns á Espihóli (Stórhóls-Mína) og líklegt að hún hafi fæðst í Reyðarfjarðarkaupstað. Af Stórhóls-Mínu virðist vera til ljósmynd sem hér er birt.

Það sýnist ljóst að Levers-bræðurnir hafi verið af danskri ætt en ekki af norsku bergi brotnir eins og sumir hafa talið.⁹

Af Hans Wilhelm Lever, aðalsöguhetjunni hér, er það að segja að hann var líklega kominn til Reyðarfjarðar 1799 í þjónustu móðurbróður síns, Kyhns. Í manntali 1801 er nefndur sem búsettur á Reyðarfjarðar höndlunarstað Andreas Vilhelm Lever. Þar sem bróðir hans er þá sagður á Siglufirði er nánast öruggt að hér sé átt við Hans Vilhelm, en nafnaruglingurinn gæti stafað af því að þetta manntal var víðast skráð meira en ári eftir að það átti að taka, en það skyldi miðað við 1. febrúar 1801. Einmitt árið 1802 var eldri bróðirinn kominn til Reyðarfjarðar.¹⁰ Yngri bróðirinn virðist líka á þessum árum aðallega hafa verið kallaður Vilhelm. Um þetta leyti, jafnvel seint á ári 1801, fluttist (Hans) Vilhelm til Seyðisfjarðar og gerðist faktor þar, en strax 1803 varð hann forstöðumaður Kyhnsverslunar á Akureyri og gekk 22. október sama ár að eiga þuríði Sigfúsdóttur bóndadóttur úr Reyðarfirði, sem hafði verið niðursetningur í æsku.¹¹ Þeim (Hans) Vilhelm fæddist á Seyðisfirði dóttirin Vilhelmína (1802-1879), sem seinna varð verslunarborgarinnna á Akureyri og neytti fyrst kvenna á Íslandi kosningaréttar til sveitarstjórnar. Kirkjubók Dvergasteinsprestakalls

8 Ministerial (= prestþjónustu) bók Hólma í Reyðarfirði 1802, filma á skjalasafni Amtsbókasafnsins á Akureyri.

9 Sjá: Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar* (Akureyri 1948), bls. 32. Einnig: Kristmundur Bjarnason: Þorsteinn á Skipalóni. Þættir úr norðlenzkri sögu (Akureyri 1961), I, bls. 147. Á báðum þessum stöðum er Hans Lever helst talinn norskur.

10 Manntal á Íslandi 1801, Norður- og austuramt, bls. 442. Sjá einnig bls. viii.

11 Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar* I, bls. 59-60, 84. – Ministerialbók Hrafnagilsprestakalls.

í Seyðisfirði frá þessum tíma er varðveitt. Þar stendur að 1. mars 1802 hafi fæðst – og verið skírð degi síðar – Vilhelmina (einu nafni), óektagetið (= óskilgetið) barn factorsins á Seyðisfirði Vilhjálms (svo) Lever og þjónustustúlku hans Þuríðar Sigfúsdóttur, og það sé beggja, það menn til vita, fyrsta meínalaust frillulífisbrot (= barneign í lausaleik). Guðfeðgina er getið, hjóna í Vestdal.¹² Frá Vilhelmínu borgarinnu segir Saga Jónsdóttir á öðrum stað í þessu hefti Súlna, og vísast þangað.

Ekki hefur höfundur þessarar ritgerðar tekist að finna Þuríði Sigfúsdóttur austanlands í hinu nokkuð skeikula manntali frá 1801, en Mekkin systir hennar, 21 árs, er þá til heimilis á Reyðarfjarðarhöndlunarstað. Gísli Jónsson menntaskólakennari á Akureyri hefur gert nokkra grein fyrir foreldrum og uppruna systranna.¹³ – Varðandi ástæðu fyrir Vilhelmínunafninu, sem finnst ekki í ættartölu Levers-bræðra, er líklegast að Þuríður hafi verið hrifin af föðurnum og viljað skíra dótturina í höfuðið á honum, einu nafni. Þegar svo bróðir hans, þá á Reyðarfirði, eignast einnig nýja dóttur fimm mánuðum seinna, eins og nefnt er hér frammar, er hún látin fá sama nafn að fyrri nafni, enda líklega kært með þeim bræðrum.

Samkvæmt sálmaregistri (sóknumarmannatali) Hrafnagilssóknar árið 1804 bjó í kaupstaðnum á Akureyri meðal annarra fjölskyldan:

Hans Vilhelm Lever factor 23 ára

Madame Thurid Sigfúsd. Lever 23 ára

Vilhelmina Lever 2 ára

Þetta fólk var ekki á staðnum 1813.¹⁴

Hans Vilhelm Lever var í þetta sinn verslunarstjóri á Ak-

¹² Ministerialbók Dvergasteinsprestakalls 1802, filma á skjalasafni Amtsbókasafnsins á Akureyri.

¹³ Gísli Jónsson: „Hún hafði gott hjarta.“ Íslendingur, 50. tbl. 66. árg., Akureyri 18. des. 1981, bls. 10-11.

¹⁴ Sóknumarmannatal Hrafnagilssóknar, filma í Skjalasafni Amtsbókasafnsins á Akureyri. Þess skal getið að Gísli Jónsson, sbr. næstu tilvísun hér á undan, las á sínum tíma ekki rétt úr nafninu „Thurid“ (= Þuríður).

ureyri væntanlega til 1811 og hóf á þeim tíma eða sennilega 1808 ræktun jarðepla í Búðargili; að því verður vikið nánar hér á eftir. Í júlí árið 1811 voru eignir þeirra Hans Vilhelms og Þuríðar seldar á uppboði á Akureyri.¹⁵ Fóru þau um það leyti e.t.v. til Danmerkur í tengslum við dauða föður Hans, en síðan til Noregs. Fjölskyldan virðist nefnilega koma fyrir á skráum í Noregi þar sem Hans Vilhelm hefur sótt um og fengið borgarabréf og verslunarleyfi í Bergen árin 1814-16. Þuríður andaðist í Noregi og segir í kirkjubókum þar að hún hafi átt ættingja í Bergen, sem getur skýrt flutninginn þangað.¹⁶

Hans Vilhelm var kominn aftur til Akureyrar 1817 og þá með nýja konu sem hét Karin Kristín, f. Bergendahl, og var norsk prestsdóttir. Líklega áttu þau ekki börn saman.¹⁷ Með ungri stúlku, Guðrúnu Jónsdóttur frá Moldhaugum, átti Hans Vilhelm sennilega soninn Vilhelm Anton, f. 1818, sem reyndar var rangfeðraður í fyrstu, en átti síðar eftir að gera garðinn frægan í Arnarnesi við Eyjafjörð og mun margt manna af honum komið. Hans Vilhelm Lever var guðfaðir Vilhelms Antons.¹⁸

Hugsanlegt er að flutningur Hans Vilhelms Levers frá Noregi til Akureyrar 1817 hafi tengst því að Noregur lenti 1814-15 á vald Svíakonungi en undan Danakonungi við friðarsamninga eftir Napóleonsstyrjaldirnar. Lever var tvímælalítið þegn Danakonungs og kann að hafa talið að eftir þetta myndi hann eiga erfitt uppdráttar við verslun í Noregi.

Hvað sem þessu líður er vitað að Hans Lever hóf 1819 sjálfstæðan verslunarrekstur rétt fyrir norðan Búðarlæk er hann byggði þar hús, lóðin náði út að svonefndum Grásteini, sem var jarðfastur steinn í Eyrarlandsbrekku við norðvesturhorn lóðar Levers og markaði norðurmörk kaupstaðarins 1818; þarna stundaði Lever rekstur sinn til dauðadags,

15 Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar I*, bls. 84.

16 Hildur Hákonardóttir: *Blálandsdrottningin*, bls. 160.

17 Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar I*, bls. 84.

18 Kristmundur Bjarnason: *Þorsteinn á Skipalóni, I*, bls. 195-196.

1843.¹⁹ Lóðina fékk hann úr landi Stóra-Eyjarlands, en þá jörð hafði Stefán Þórarinsson amtmaður keypt 1796, og afkomendur hans, Thorarensenar, áttu jörðina til 1893.²⁰

Lever þótti vel gefinn, var m.a. listaskrifari og mun hafa kunnað ensku, sem þá var mjög fátítt hérlendis.²¹ Hann var oft glaðsinna, en þótti stríðinn, sem kom m.a. niður á Gunnlaugi Briem sýslumanni. Fært er í sögur að 1817 lagði Lever til að ráðinn yrði lögregluþjónn í Akureyrarkaupstað. Þremur árum síðar stóð hann að því að drepa sel á Pollinum á sunnudegi og var kærður fyrir helgidagabrot, sem kostaði hann sekt.²²

Þess hefur verið getið að Hans Lever hafi stundað síldveiðar á Akureyrarpolli og viljað gera síldina að verslunarvöru. Þorsteinn Danielsson á Skipalóni smíðaði fyrir hann síldarbat 1834 eða 1835, en um það leyti fór síldveiðin vaxandi. Eyfirðingar veiddu síldina sér til matar og mikið virðist hafa verið af henni.²³

Hans Lever þótti þó aldrei mjög umsvifamikill, m.a. átti hann ekki hafskip í förum og reiddi sig því á lausakaupmenn um vöruöflun. Þremur árum fyrir andlát sitt var hann aðeins hinn 10. eða 11. í röð hæstu útsvarsgjaldenda á Akureyri. Hið verðmætasta í dánarbúi hans 1843 var lúíð íbúðarhús, virt á 690 ríkisdali, og kartöflugarðurinn í Búðargili sem hann þá átti með Vilhelmínu dóttur sinni, en hlutur Levers í honum var virtur á 200 ríkisdali enda þótt girðingin í kringum garðinn væri talin að falli komin.²⁴

Óhætt er að segja að Hans Lever hafi á vissan hátt verið ævintýramaður og dottið sitt af hverju í hug, enda flæktist hann framan af ævi á milli Danmerkur, Noregs og nokkurra staða á Íslandi. Svipað má væntanlega segja um Anders

19 Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar*, bls. 37-45.


20 Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar I*, bls. 31, 76.

21 Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar*, bls. 32.

22 Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar I*, bls. 84-87.

23 Kristmundur Bjarnason: Þorsteinn á Skipalóni, I, bls. 250.

24 Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar I*, bls. 159-160. – Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar*, bls. 66.



Teikning af jarðeplagarði Levers frá 1820-21. Úr bók Þjóðverjanna F.A.L. Thienemann og G. Günther: *Reise im Norden Europa's vorzüglich in Island* (Leipzig 1827). – Mynd frá Minjasafninu á Akureyri.

bróður hans. Þessa tilhneigingu höfðu þeir úr fjölskyldu sinni sem hafði bæði stundað verslun og störf í leikhúsum, eins og minnst er á hér að framan.

Jarðeplabæklingar

Lever samdi ritling, **Ávísan til jardeplaRæktanar, fyrir Almúga-menn á Íslandi, frá Hans Wilhelm Lever Høndlunar Faktóri** sem prentaður var á kostnað höfundarins. Rit þetta er í mjög litlu broti, um 10x11 cm, 32 bls. Í formála sem er dagsettur í Eyjafjarðarkaupstað 24. október 1809, kemur fram að Lever vill kynna kunningjum sínum á Norður- og Austurlandi tilraunir sem hann hefir gert til jarðeplaræktunar hér í landi og hann segir greinilega að hann sé reiðubúinn að láta af hendi útsæði og sýna hverjum sem þess óski þann tilbúning sem hann viðhafi í sambandi við ræktunina, að jarðhúsi meðtöldu. Lever ráðleggur fólki að neyta ekki jarðeplanna fyrr en þau séu eins eða tveggja mánaða gömul, en þó séu þau ekki óholl fersk eða nýppteikin. Þá varar hann við

rauðleitum og aflöngum jarðeplum, sem séu einhver hin lökustu. Lever telur að hvað jarðveg snerti sé laus jörð og vel sendin sú sem gefi mestan arð. Sem garðstæði vill hann að menn velji þurran stað í hléi fyrir útnorðan-, norðan- og landnorðanvindum og einnig fyrir hafgolu. Garðinum skal koma þannig fyrir að hann snúi móti sólu. Úr garði sem sé um 1000 ferálnir segir hann að vænta megi af kvartils útsæði að fá 4 tunnur²⁵ jarðepla, sem er líklega 16-föld uppskera. Lever segir að grassvörðinn skuli stinga upp og umgirða árið áður en ræktun hefst. Næsta vor skuli umróta jörðinni eftir sumarmálin, en setja skuli niður 4-5 vikur af sumri eftir veðri. Hann mælir með að menn geri reiti eða beð sem séu 1½ alin á breidd, gerðar séu holur eitt kvartil að dýpt, og um hálf alin á milli holanna, og skal holan fyrst hálfyllt með hrossataði, en jarðeplið svo lagt ofan á með litlu af þurri mold undir, yfir komi líka mold en þó verði ekki meira en 4 þumlungar niður á jarðeplið. Þegar grasið sé vaxið upp og orðið 4 þumlunga hátt skal sópa mold að stofninum og það skal síðar endurtaka. Ekki þarf að vökva. Fram kemur að nota á fremur lítil jarðepli í útsæði, jafnvel má skera stór jarðepli í sundur til þess en þá má ekkert auga á þeim skaddast. Lever segir að jafnvel sé betra að dreifa sauðataði eða kúamykju, jafnvel þangi, yfir allan garðinn, svo sem kvartils þykkt og blanda svo við moldina, en hrossatað sé þó best. Lever segir að með losun jarðvegs kringum plönturnar öðru hvoru eftir rigningu megi fá 24 til 40-faldan ávöxt. Uppskerutími er sagður seint í september eða október, en jarðepli mega alls ekki frjósa, og því er ráðlegt að taka strax um krossmessu (þ.e. 14. september) upp nógu mikið til útsæðis næsta ár og þurrka vel. Lever ræðir einnig allrækilega um jarðeplageymslur og um það hvernig matbúa eigi uppskeruna. Hann segir að Svíar eigi það til að saxa blöð jurtarinnar til helminga saman við tóbak, sem notist svo sem pípu-

25 E.t.v. var tunna um 60 lítrar. Sjá Magnús Már Lárusson: Íslenzkar mælieiningar. Skírnir 1958, bls. 208-245.

tóbak. Loks leggur Lever áherslu á að garðinum þurfi að halda hreinum af arfa og öðru illgresi.²⁶

Í Kaupmannahöfn kom út árið 1816 á kostnað höfundar bæklingur eftir Stefán Þórarinsson amtmann á Möðruvöllum. Kver þetta er 32 bls. og fjallar mest um kálrækt en kaflinn um kartöflur nær yfir bls. 23-29. Hann segir að sumir bændur í Vaðlasýslu hafi í nokkur undanfarin ár tekið að leggja sig eftir jarðeplarækt og sumum heppnast það sæmlega, enda sé þetta byrjað að breiðast út hingað og þangað í Hegranes- og Þingeyjarsýslur. Stefán vitnar til ritlings Levers frá 1809 en segist þó vilja víkja að nokkrum atriðum varðandi þessa ræktun. Hann ráðleggur mönnum að bera gamla kúamykju á garðinn að haustlagi og grafa og pæla hana niður í moldina. Um haustið og aftur um vorið skal stinga garðinn upp. Stefán segir að sumarið verði vegna frosta og kulda, oft mjög stutt hér til ræktunar, jafnvel ekki nema frá því skömmu fyrir Jónsmessu og fram um miðjan september, en við því sé ráð fengið frá Noregi, þ.e. að láta útsæðið spíra talsvert í 3-4 vikur inni í baðstofu eða fjósi áður en það sé sett niður. Geymslustaður yfir veturinn eigi helst að vera gryfja í horni baðstofu, búrs eða eldhúss.²⁷

Sama ár og Stefán amtmaður gaf sinn bækling út var prentað á Beitistöðum garðyrkjukver eftir Bjarna Arngrímsson, prest til Mela- og Leirársókna í Borgarfjarðarsýslu. Þar er á bls. 42-47 rætt um jarðeplarækt, og fyrst vísað til ritlings Levers, en síðan einkum til eigin reynslu Bjarna. Hann vill helst að skipt sé um jarðveg í garðinum annað hvert ár, annars þurfi mikið tað. Bjarni segir að ef jurtirnar blómstri almennt sé það merki um góða uppskeru.²⁸ – Fjórum árum síðar kom út annað rit eftir Bjarna Arngrímsson um garð-

26 Hans Wilhelm Lever: Ávisan til jardeplaRæktanar, fyrir Almúga-menn á Íslandi (Leirárgörðum 1810), bls. 3-30.

27 Stephan Thorarensen: Stutt og einföld Ávisan fyrir Bændur í Íslands Nordur- og Austur-amti um fæinra fyrir þá hentugustu Maturta-Rækt. Med litlum Vidbætur um Kartöflur og Mykiu-Blöndun (Kaupmannahöfn 1816), einkum bls. 23-29.

28 Bjarni Arngrímsson: Handhægt Gardyrkju Fræði-Quer, ætlað midur æfðum Kál-bændum til glöggvunar (Beitistöðum 1816), bls. 42-47.

yrkju og hlaut hann verðlaun hins konunglega danska landbústjórnarfélags fyrir. Hér, á bls. 28-29 og 34, segir Bjarni að jarðepli vilji allir eiga, og reynt hafi verið til með þau í öllum landshlutum en sér í lagi nú síðast norðanlands þar sem sagt sé að þau gefi oftast nær góðan arð. Annars staðar hafi gengið verr með þau, einkum þegar veður hafi verið óhagstætt, kalsavinda- og vætusamt.²⁹

Í Viðeyjarklaustri kom út 1824 leiðarvísir um garðyrkju eftir Jón Þorláksson Kjærnested, 40 bls. Formálinn er dagsettur að Skriðu í Hörgárdal 4. mars sama ár, en Jón var sonur hins merka ræktunarmanns Þorláks Hallgrímssonar í Skriðu. Á bls. 25-27 ræðir hann um kartöflur, en vísar þar fyrst í ritling Levers kaupmanns. Jón vill að menn velji til útsæðis snemmvaxnar og aflangar kartöflur fremur en hnöttóttar, og hafi þær ekki litlar. Hann ráðleggur að menn strengi snúru eftir garðinum á móti halla, og öðrum megin við hana sé gerð 3ja þumlunga djúp renna sem kartöflur komi í með 1½ kvartils bili og handfylli af muldum áburði ofan á hverja. Hinum megin við snúruna hafi menn troðning eða götu, svo komi næsta renna og verði þá 3ja kvartila bil á milli kartöfluraðanna, en tvær rennur á milli troðninga. Mold skal svo raka yfir rennurnar. Þessar raðir telur Jón auðveldast að verja gegn arfa.³⁰

Á Akureyri 1856 kom út ritlingur um ræktun jarðepla eftir Jónas Benediktsson fyrrum bónda í Fjósatungu, 24 bls. Hann hælir dugnaði Akureyrarbúa, sem hafi að undanfögnu aflað nokkurra hundraða tunna af jarðeplum, væntanlega árlega. Uppskeran komi úr snarbrattri brekku á móti austri fyrir ofan bæinn, þar sem ekkert skjól sé fyrir norðannæðingum og hafgolum. Að auki sé reiturinn víða stórgrýttur með steinmöl innan um gráan sandleir. Jónas telur að þarna

²⁹ Bjarni Arngrímsson: Um Gardyrkjunnar Naudsyn og Nytsemi fyrir Ísland (Kaupmannahöfn 1820), bls. 28-29, 34.

³⁰ Jón Þorláksson Kjærnested: Stuttur Leidarvísir til Gardyrkju, ásamt litlum Vidbætir um Vidar-plöntun, handa bændum (Viðeyjarklaustri 1824), einkum bls. 25-27.

vanti svarta mold. – Jónas lýsir brautryðjandastarfi Levers um 1808-10 og segir að litlu síðar hafi auðnumaðurinn herra H(allgrímur) E. Thorlacius á Miklagarði komið sér þar upp jarðeplagörðum og gefist vel, enda sé þar hin fegursta afstaða til þessarar ræktunar. Faðir Jónasar hafði þá búið að Hvassafelli og hófu þeir feðgar þá jarðeplarækt þar og gekk vel, enda segist Jónas hafa verið vakinn og sofinn yfir henni. Hann kvæntist svo sjálfur og flutti ári síðar að Gröf í Kaupangssveit. Þar kom hann sér upp garði og notaði sem áburð gamlan öskuhaug á bænum, því að húsdýraáburð sem til féll varð hann að nota á túnið. Garðurinn var stækkaður upp í 300 ferhyrnda faðma og komu úr honum yfir og undir 20 tonnur. Minni garða gerði hann einnig. Eftir níu ára dvöl í Gröf flutti Jónas að Fjósatungu í Fnjóskadal. Þar taldi hann kaldara en í Eyjafirði. Árið 1849, eftir fjórtán ár þar, hóf hann þó garðrækt og fékk upp jarðepli 1850, tvær tonnur. Næsta sumar kom slæmt ágústthret og hann fékk minna og þá segir hann tilraunir nágranna sinna í dalnum til jarðeplaræktunar hafi orðið að engu. Næstu ár stækkaði hann þó sinn garð upp í 120 ferfaðma og fékk 1854 10 tonnur. Nokkurt vandamál var reyndar að verja þurfti garða í Fnjóskadal sérstaklega fyrir geitfénaði. Af þessu segir hann mega ráða að í Suður-Þingeyjarsýslu geti jarðepli þróast í góðum árum, en nú segir hann garðyrkju þar mjög ófullkomna nema á Svalbarðsströnd. – Ýmsu lýsir Jónas líkt og höfundar hinna bæklinganna, hann ræðir þó sérstaklega um verkfæri og nefnir sköfujárn til að eiga við arfann og þríhyrnt hreykijárn til að gera rákir og hreykja mold upp að plöntunum.³¹

Ritlingar þeir sem nú hefur verið vísað til sýna glögglega hve merkilegt það brautryðjendastarf var sem Hans Vilhelm Lever vann í Búðargilinu. Athyglisvert er hve höfundarnir hafa lagt sig vel fram við að finna hentugar ræktunaraðferðir og á það ekki síst við um Lever. Þá er vert að gefa gaum að

31 Jónas Benediktsson: Fáein orð um ræktun jarðepla (Akureyri 1856), bls. 5-11, 18-20.

orðum Levers um kartöflugeymslu. Á þekktri teikningu úr ferðabók Þjóðverjanna Thienemann og Günther frá komu þeirra til Akureyrar 1820-21 sést í hægri neðra horni Leversgarðsins mannvirki sem er með bogadreginni burst og gæti vel verið jarðeplageymsla byggð inn í brekkuna.³²

Búðargilið – gul jarðepli

Jónas bóndi Benediktsson segir í bæklingi sínum frá 1856, sem rétt hér að framan var rætt um, frá því að árið 1807 hafi komið til Akureyrar skip frá Vesturálfu með hveiti, hrísgrjón og lítið eitt af jarðeplum. Þá hafi framkvæmdamaðurinn H.V. Lever sem nú sé andaður keypt jarðepli af skipsráðendum og sett niður hálfa skeppu í hina ytri brekku Búðargilsins, þar sem hann síðan hafi fært garðinn út. Jónas minnir að Lever hafi um haustið fengið upp um sextánfaldan ávöxt eða tunnu jarðepla, en þetta fullyrðir hann ekki. Næsta sumar hafi hann sett aftur niður og fengið svo mikið að hann hafi getað hjálpað þeim um útsæði er þess hafi óskað.³³

Hildur Hákonardóttir greinir frá því bók sinni, Blálandsdrottningunni, að um haustið 1807 í siglingaleysinu, hafi eins og hver önnur himnasending komið skip frá Vesturálfu, og segir að Gunnlaugur Briem sýslumaður Eyfirðinga minnist á skipakomu þetta haust en hann virðist ekki hafa sett sig upp á móti þeirri verslun, og sé raunar alls ekki fullvíst að skipið hafi verið amerískt.³⁴

Sagt hefur verið, að árið 1807 hafi Lynge kaupmaður verið sá eini sem sent hafi skip til Akureyrar.³⁵ Á þessum tíma var verslun á Íslandi einungis heimil þegnum Danakonungs. Skipið sem hugsanlega kom til Akureyrar haustið 1807 frá Bandaríkjunum að ætla má, var væntanlega talið ólöglegt smyglskip, þ.e. stundaði launverslun, og líklegt er að þess vegna sé lítt um það getið í rituðum heimildum. Um tilvist

32 Myndin hefur birst víða og er birt hér á bls. 28.

33 Jónas Benediktsson: Fáein orð um ræktun jarðepla, bls. 7.

34 Hildur Hákonardóttir: Blálandsdrottningin, bls. 138-139.

35 Klemens Jónsson: Saga Akureyrar, bls. 27.



Ýmis verkfæri sem nota má við niðursetningu og upptöku jarðepla.

og komu þessa skips verður ekki fullyrt hér, en leiða má líkur að því að frásögnin af komu þess fái staðist.

Þetta gerðist eins og áður segir á tímum Napóleonsstyrjalda í Evrópu, en eftir að Englendingar tóku flota Dana af þeim 1807 lagðist dönsk kaupsigling til Íslands að mestu leyti niður um skeið, en þá komu hingað til lands í staðinn m.a. fáein bresk og hugsanlega bandarísk skip, t.d. kom hingað með bresku skipi Jörundur hundadagakonungur 1809. Þessi atburðarás og sú staðreynd að vorið 1807 var afar kalt hér á landi, gera það nánast útilokað að Lever hafi getað byrjað að setja niður jarðepli sem gáfu nokkuð teljandi af sér fyrr en vorið 1808. Frásögn Jónasar Benediktssonar hér á undan um sextánfaldan ávöxt um haustið hlýtur því að eiga við haustið 1808.

Í ferðabók Thienemann og Günther, sem hittu Lever 1821, er talað um að garður hans gefi af sér 200 skeppur á ári.³⁶ Skeppan er líklega talin um 17-18 lítrar.

³⁶ Thienemann, F.A.L., og Günther, G.: Reise im Norden Europa's vorzüglich in Island (Leipzig 1827), bls. 405.

Í riti Baldvins Einarssonar, Ármanni á Alþingi, segir svo: „Kaupmadr Lewer á Akureyri hlód sér stórann jardeplagard, sunnaní snarbrattri brekku, í gili því sem gengr beint upp frá kaupstadnum. Gardrinn hefir rúma dagsláttu stærð ad flatamáli, eda hérum 1200 □ (fer) alnir; í hönur er leirjörd, full af smá mөл og steinum. Adrenn hann hlód gardinn var gilsbakki þessi, einsog svo margir adrir gilsbakkar í landi voru, til einkis eda mjög lítills nýtr, það var óásjálíg vallendis brekka med litlu og lágu grasi, og með smáfłögum, en þessi gódi og hrösverdi gardyrkjumadr hefir nú sídan árid 1808 fengid 70 tunnur jardepla árliga úr þessari sømu brekku, auk töluerds af káli og rótum. Eg hefi sjálfr sėd þennan kálgard í blóma sínum í Augúst mánudi, og er það sú falligasta brekka, sem eg hefi sėd á öllu Íslandi.“ Baldvin segist ekki vita um neinn á landinu sem hafi fengið slíkan afla sem Lever úr jarðeplagarði sínum. Eftir honum hefur Baldvin að á 19 árum hafi hann fengið úr garðinum 60-100 tunnur og þar yfir árlega eða 70 tunnur að meðaltali á ári, og er þetta líklega ekki fjarri því sem þeir Thienemann gera ráð fyrir, sjá hér rétt á undan. Árin 1821, 1825 og 1829 hafði þó að sögn Levers orðið uppskerubrestur og vart ætilegur ávöxtur fengist. Jafnframt hefur Baldvin eftir Lever að garðstæðið hafi hann fengið að gjöf í upphafi.³⁷

Af verslunarbókum sést að Lever hefur árið 1817 lagt tíu tunnur af kartöflum inn í reikning sinn við Gudmannsverslun sem hann það ár er verslunarstjóri fyrir og selur tunnuna á 16 dali sem er ekki hálfvirði einnar rúgtunnu það ár. Á árunum kringum 1830 virðir hann kartöflutunnu að meðaltali á 2 ríkisdali og 64 skilinga. Matið á tunnunni er talið lágt hjá Lever. Þegar kom fram yfir 1820 var ærin oft metin á 2½-3 ríkisdali. Og er þá tunna af kartöflum jafngildi einnar geldrar ær.³⁸

Af þessu öllu sést að Hans Lever hefur verið vel liðtækur við að draga björg í bú Akureyringa á siglingaleysisárum

37 Ármann á Alþingi, þriðji árg. (Kaupmannahöfn 1831), bls. 70-72.

38 Kristmundur Bjarnason: Þorsteinn á Skipalóni, I, bls. 149.



Rás sem kartöflur eru komnar í, eftir er að fella moldina yfir.

Napóleonsstyrjaldanna. Það er athyglisvert að sagt skuli vera að hann hafi fengið garðstæðið ókeypis, en það var í landi Stóra-Eyyarlands sem Stefán Þórarinnsson amtmaður átti, eins og fram kom hér að framan, og sýnir þetta fram á góða samvinnu og samstöðu þeirra Levers í ræktunarmálum, eins og kartöflubæklingarnir benda til. Ljóst virðist að kartöfluræktinni í garðinum hafi verið haldið áfram á meðan Lever var erlendis, árin um 1811-16, og hvarflar að manni að þá hafi Stefán eða hans fólk að einhverju eða öllu leyti haft umsjón með ræktuninni.

Í dagbókum sínum frá árinu 1839 segir Jónas Hallgrímsson skáld og náttúrufræðingur frá komu sinni til Eyjafjarðar það ár. Hann segir að í norðanverðu Búðargili sé „stóri kartöflugarðurinn hans herra Levers. Hann bregst aldrei með öllu og er uppskeran í góðu ári um 200 tunnur.“ Jónas segir að brekkan ofan kaupstaðarins sé „úr hörðnuðum leir- og sandlögum og efsti hlutinn möl, sorfnir steinar, stórir og litlir.“ Þetta sé bersýnilega allt verk vatnsins. Þá telur Jónas að garðyrkju í Eyjafjarðarsýslu hafi farið verulega aftur síðustu 10-12 árin fyrir 1839.³⁹

Orð Jónasar skálds um að 200 tunnur hafi komið úr garði Levers benda til þess að garðræktin hafi færst mjög út eftir 1830, og hnígur umsögn Jónasar Benediktssonar í bæklingi hans, sjá hér framar, um að garðar Akureyringa snúi móti austri, ótvírætt einnig í sömu átt. Fleiri heimildir sýna að ræktunin breiddist þannig út.

Þess hefur verið getið til að kartöflur þær sem Hans Lever fékk e.t.v. frá Bandaríkjunum 1807-08 hafi verið af því afbrigði sem enn er ræktað á Akureyri og víðar og hefur verið nefnt gular Akureyrarkartöflur.⁴⁰ Í þessu sambandi skal vísað til blaðagreinar frá árinu 2000. Þar segir frá Norræna genabankanum, sem stofnaður var 1979 og hefur höfuðstöðvar á Skáni í Suður-Svíþjóð. Öll Norðurlönd stóðu að stofnun bankans, og hefur hlutverk hans verið að varðveita og skrá verðmæti sem felast í erfðafni norrænna plantna, m.a. jarðepla. Alkunnugt er að geysilega mörg mismunandi afbrigði eru til af jarðeplum. Mjög dýrt er að varðveita kartöflur í genabankanum, því að reglulega þarf að sá þeim í jörð og endurnýja. Í greininni segir að ákveðið hafi verið að geyma þar aðeins 63 kartöfluafrigði, flest þeirra eða 28 eru sænsk en þrjú eru íslensk. Þau íslensku eru: Bláar íslenskar, Gular íslenskar og Rauðar íslenskar. Af gula afbrigðinu bárust ekki neinar kartöflur frá öðrum Norðurlöndum, ólíkt

39 Ritverk Jónasar Hallgrímssonar. II. bindi. Bréf og dagbækur (Reykjavík 1989), bls. 323, 327.

40 Þetta er ábending frá Jóhanni Thorarensen, garðyrkjufraeðingi.



Gular Akureyrarkartöflur.

bláa og rauða afbrigðinu, sem bæði finnast þar. Í greininni segir að gulu kartöflurnar hafi verið þekktar undir heitinu gular Akureyrarkartöflur, en þær hafi einnig verið ræktaðar á Vestfjörðum og líklega víðar.⁴¹

Sú hugmynd að Hans Vilhelm Lever kaupmaður hafi einmitt fengið gula afbrigðið úr hinu dularfulla skipi frá Vestur-

⁴¹ Sigurgeir Ólafsson: Fyrstu jarðeplín á Íslandi. Morgunblaðið, sunnud. 15. okt. 2000, blað E, bls. 26-27.

heimi 1807-08 er freistandi og fær góðan stuðning af þeirri staðreynd að afbrigðið finnst ekki annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurlagsorð

Staðreynd er að norðurhlið Búðargilsins hentar merkilega vel til kartöfluræktar, og svo er enn í dag. Þar kemur bæði til lega móti sól í skjóli fyrir norðanátt, og svo sá sendni og smágrýtti jarðvegur sem þarna er. Það er hægt að hugsa sér að þetta minni einmitt á aðstæður hátt í Andesfjöllum, í Perú og Bolívíu, en þaðan er kartaflan einmitt upprunnin, eins og mörgum er kunnugt. Jóhann Thorarensen garðyrkjufræðingur telur að um 1890 hafi föðurafi hans, Þórður Thorarensen gullsmiður, sem bjó þarna í næsta nágrenni, verið farinn að rækta þarna jarðepli, og hafi afkomendur hans gert það alveg eða nánast samfelld síðan, og áttu þeir frændur garðinn lengi vel. Þórður var sonarsonarsonur Stefáns amtmanns. Að því er best verður séð er því samfella í ræktuninni í Leversgarði. Þar eru núna þessi árin m.a. ræktaðar gular kartöflur. Akureyrarbær telst nú eiga garðstæðið.

Rætt hefur verið um að friðlýsa ætti garðlandið. Minjavörður Norðurlands, Sigurður Bergsteinsson, segir aðspurður svo um þetta: „Garðarnir í Brekkunni í Búðargili hafa ekki verið friðlýstir, en hér er klárlega um fornleifar að ræða bæði samkvæmt skilgreiningu gömlu þjóðminjalaganna og laga um menningarminjar, sem tóku við af þeim nú um áramótin. Allar fornleifar eru friðaðar samkvæmt þessum lögum, en til fornleifa teljast nánast allar leifar mannanna verka 100 ára og eldri... En hvers vegna eru gömlu garðarnir í Búðargili ekki friðlýstir? Því er til að svara að sparlega hefur verið farið með friðlýsingar undanfarin ár... Svo er á hitt (að líta) að brekkan er enn nýtt til garðræktar, sem er vel að mínu mati. Líta má svo á að æskilegt sé að garðrækt í smáum stíl sé þar haldið áfram og er þá líklega um óslitna garðrækt á svæðinu að ræða, að minnsta kosti allt frá 19. öld. Garðræktarhefðin á staðnum er því hluti af minjagildi svæðisins... Ég hef verið



Jóhann Thorarensen við störf í hinum gamla jarðeplagarði Levers.

– Þessa mynd og næstu þrjár á undan tók Kristín Sóley Björnsdóttir á vettvangi 24. maí 2008.

í ágætu sambandi við skipulagsyfirvöld á Akureyri um svæðið og hefur bærinn fullan skilning á varðveislu svæðisins. Rætt hefur verið um að setja upplýsingaskilti á viðeigandi stað við svæðið... Snúist bænum hugur og vildi t.d. byggja á svæðinu, gæti komið til greina að friðlýsa því (svo).⁴²

Brautryðjendastarf Hans Vilhelms Lever við jarðeplaráækt á Akureyri og nágrenni verður seint fullþakkað. Það er ljóst að hann hitti á óskastað þegar hann setti kartöfluútsæðið forðum niður í norðurhlið Búðargilsins. Vona verður að þetta sögulega stórmerka svæði fái að vera í friði fyrir hugsanlegri byggingastarfsemi.

Að stofni til er þessi grein erindi sem var flutt 13. september 2008 á málþingi í Akureyrarakademíu, Þórunnarstræti 99 á Akureyri. Þingið var haldið í minningu þess að 200 ár voru liðin frá upphafi kartöfluræktunar í Búðargili og 250 ár frá upphafi jarðeplaráæktunar á Íslandi, auk þess sem árið 2008 hafði verið útnefnt ár kartöflunnar hjá Sameinuðu þjóðunum. Erindið birtist nú í talsvert lengdri gerð.


Öðrum fyrirlesurum á málþinginu 2008, Bergvini Jóhannssyni kartöflubónda, Brynhildi Pétursdóttur ritstjóra og Friðriki V veitingamanni, en einkum þó Hildi Hákonardóttur rithöfundi, er þakkað gott samstarf og margvíslegar upplýsingar. Þá fær Jóhann Thorarensen garðyrkjufræðingur sérstakar þakkir fyrir góða samvinnu, m.a. við gerð þessarar ritgerðar.

42 Tölvupóstur frá Sigurði Bergsteinssyni, minjaverði Norðurlands eystra, 15. janúar 2013.

JÓHANN Ó. HARALDSSON, TÓNSKÁLD

Æviágrip, samið 1951

*Jóhann Ólafur Haraldsson
fæddist að Dagverðareyri 1902
og andaðist á Akureyri 7. febr.
1966. Helstu æviatriði hans
koma fram hér að neðan.
Til viðbótar skal þó nefnt að
hann skrifaði ýmsar blaðagrein-
ar um tónlist. Þá var hann einn
af stofnendum Tónlistarfélags
Akureyrar og ritari þess frá 1947
til dauðadags. Um tilefni og
varðveislubréfs þess sem hér er
birt skal vísað til eftirmálans á
eftir því.*



Þakka heiðrað bréf yðar frá 17. febr. sl., meðtekið sl. þriðju-
dag 27. febr.

Að athuguðu máli tel ég rétt og sjálfsagt að verða – eftir
veikum mætti – við tilmælum yðar og láta yður í té helstu
upplýsingar um sjálfan mig. Þér vinnið að sjálfsögðu úr þeim
að eigin vild.

Fæddur er ég að Dagverðareyri við Eyjafjörð 19. dag
ágústmánaðar 1902.

Faðir minn var Haraldur Pálsson (1874-1938), búandi að
Dagverðareyri. Um ættir föður míns er ég eigi fróður. Faðir
hans var Páll Pálsson fæddur 1833 í Litla-Árskógi við Eyja-
fjörð. Páll dvaldi í Þingeyjarsýslu að miklu fram um 1870, en


bjó síðan 27 ár í Brekku í Kaupangssveit. En móðir Haralds var Elísabet Jónsdóttir frá Helgárseli í Eyjafirði. Er ætt mín mjög fjölmenn í Eyjafirði framan Akureyrar. Mun frændi minn, séra Benjamín Kristjánsson, manna fróðastur í þeim efnum. Afi hans í móðurætt, Friðrik Pálsson í Brekku í Kaupangssveit, var albróðir föður míns, en tæplega 12 árum eldri.

Móðir mín var Katrín Jóhannsdóttir (1876-1927). Móðir hennar var Ólöf Árnadóttir, sem ól allan aldur sinn í Glæsi-bæjarhreppi við Eyjafjörð. Um hana ritar móðurbróðir minn, Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra (hálfbróðir móður minnar af síðara hjónabandi ömmu minnar), í bókinni „Móðir mín“, 1949. Faðir móður minnar var Jóhann Jóhannsson, hreppstjóra á Syðri-Bægisá, Pálssonar, prests á Ytri-Bægisá, Árnasonar, biskups á Hólum, Þórarinssonar. En þeir bræður, Jóhann, afi minn, og séra Árni Jóhannsson í Glæsibæ fórust á hinn svílegasta hátt á leið frá Akureyri sjöveg ásamt þriðja manni 3. nóv. 1880. Stóð þá amma mín, Ólöf, ein uppi svipt forsjá manns síns og mágs með þrjú börn í bernsku. Var móðir mín elst þeirra og þó eigi 5 ára gömul, f. 17. jan. 1876. Fám árum síðar fluttust þær mæðgur að Dagverðareyri og giftist amma á ný Stefáni Oddssyni, niðja Dagverðareyrmanna. (Lesi má um þá hjá Bólu-Hjálmar.)

Amma missti seinni mann sinn 1894, en hélt áfram búi með aðstoð bróður síns fram undir það, að foreldrar mínir tóku við 14. maí 1901. Þjuggu foreldrar mínir á hálfri Dagverðareyri móti Sigurði Oddssyni, er sat ættaróðal sitt.¹

Amma var áfram hjá foreldrum mínum með tvö börn sín frá síðara hjónabandi: Kristínu Margréti og Stefán Jóhann, þar til Stefán fór í skóla 1912. Amma mín tók við mér er ég var kominn hátt á annað ár og ól önn fyrir mér fram að fermingaraldri.

1 Foreldrar Jóhanns eignuðust fjögur börn. Jóhann Ólafur var elstur, svo kom Elísabet Pálína f. 1904, lengi húsfreyja á Öxnhóli í Hörgárdal, síðan Laufey Sigrún f. 1907, húsfreyja að Skógum og í Lönguhlíð, en yngstur var Árni Júlíus Haraldsson f. 1915, lengst bóndi á Hallfríðarstöðum í Hörgárdal en ritstjóri Súlna 1987-93.



Gamli bærinn á Dagverðareyri, byggður á síðari hluta 19. aldar.

– Mynd úr Minningum Stefáns Jóh. Stefánssonar.

Í Dagverðareyrarheimilinu var oftast 12-15 manns á báðum búum og minnst ég þess og verður mér oft til þess hugsað, hve sambúðin var prýðileg í því sambýli.

Sigurður Oddsson og Rannveig Jónsdóttir áttu 4 börn, er voru að komast til fullorðinsára, er ég man fyrst. Synir þeirra voru: Kristján, kennari um 34 ára skeið við Barnaskóla Akureyrar (og síðar Gagnfræðaskóla Akureyrar) og um leið mikill framfarabóndi að Dagverðareyri frá 1916 (dáinn 7. apríl 1950), og Jón, ljósmyndari á Akureyri, skáldmæltur vel.

Kristján var kominn í Gagnfræðaskólann á Akureyri, er ég man fyrst eftir mér, útskrifaður þar 1906 og tók kennaraþróf 1909, en var næstu ár að mestu að heiman í kaupavinnu á sumrin, og við heimiliskennslu að vetrinum, en oft kom hann heim og hlakkaði ég mjög til þess, því að þá var hann sífræðandi um ýmsa hluti og ég mjög hændur að honum. Var mér mjög snemma sagt til í lestri og eigi síður skrift og reikningi. Hafði faðir minn það í öllum aðalatriðum á hendi. Skrifaði hann prýðilega rithönd og gat veitt mér staðgóða þekkingu. Fluglæs varð ég veturinn 1908-1909. Þann vetur var ég farinn að reikna margföldun með lægri tölum. Hafði mér þó eigi verið kennd öll margföldunartaflan. Einn dag um veturinn skrifuðu þeir Jón Sigurðsson og Stefán Jóhann upp töfluna frá fjórum sinnum og fór ég með hana fram í fjós og þuldi dágóða stund og hefi kunnað hana síðan.

Í rökkrinu dvaldi ég oft hjá gömlu hjónunum Sigurði og


Rannveigu í suðurhúsinu og sögðu þau mér sögur og ævin-týr. Litlu eftir að ég lærði margföldunartöfluna sagði Sigurð-ur mér eitt sinn í rökkrinu hvernig ég gæti fundið margfeldi 10 sinnum hærri talna, þar eð ég kynni margföldunartöfluna reiprennandi. Þótti mér þetta allmikil uppgötvun og sigur og segi þá strax, að ég vildi eigi taka lægri endann: 90 sinnum 90 er þá 8100. Er skemmst frá því að segja, að ég hafði mikla leikni í meðförum einskonar talna, er ég hóf nám í barna-skóla haustið 1912 og það svo, að eftir þriggja vikna nám þar lét kennarinn mig reikna með fermingarbornunum.

En það lítur út fyrir, að ég ætli sem minnst að geta hins rauða þráðar lífs míns, tónlistarinnar.

Faðir minn hafði numið organleik hjá Magnúsi Einars-syni, organleikara og söngkennara, Akureyri. Var faðir minn einnig einn af stofnendum hins nafntogaða söngfélags Magnúsar, Karlakórsins Heklu, 1899. Sagði Magnús mér það haustið 1927, er ég heimsótti hann með Kristjáni Sig-urðssyni, kennara, að hann teldi að öllu samanlögðu föður minn bezta tenór, er nokkru sinni hefði sungið undir sinni stjórn. Kvaðst hann aldrei hafa þurft að óttast um tenórinn, þegar faðir minn var þar á þingi, og sagði okkur nokkur dæmi og atvik því til sönnunar.

Tæplega mun sá dagur hafa liðið, að faðir minn sæti eigi stund við 4ra áttunda Steenstrup-orgelið sitt og syngi þá alla jafna með sinni hreimmiklu og sérkennilega karlmannlegu rödd. Sérstaklega raulaði hann oft í rökkrinu ásamt móður minni og oft tvíraddað stundum án hljóðfæris, en oft lék hann á orgelið í rökkrinu utan að sönglög. Hins vegar voru það tiltölulega mjög fá lög, er hann lék utanað, og spilaði því undantekningarlítið eftir nótum og var prýðilega nótnalæs. Ég tel þó móður mína að mörgu leyti hafa verið ennþá söng-hæfari og með meiri meðfædda músíkgáfu. En hún lærði aldrei að spila, en hún söng jöfnum höndum sópran og alt. Varð ég eigi var við, að hún þyrfti sérstaklega að læra milli-röddina, ef hún kunni lagið á annað borð.

Er ég man fyrst, var faðir minn organleikari við Glæsibæj-



Glæsibæjarkirkja, byggð undir umsjón Þorsteins Danielssonar 1866. Ársetning myndar óviss (um 1900?), en turn og forkirkja komu við kirkjuna 1929-30. – Mynd frá Minjasafninu á Akureyri.

ar- og Lögmannshlíðarkirkjur. Var messað á hvorri kirkjunni 3ja hvern helgan dag og stundum oftár um hátíðir, svo að hann var mjög sjaldan heima á helgum. Þá hafði hann spilað í Möðruvallakirkju veturinn 1903-1904.

Alla jafna fór flest heimilisfólk til Glæsibæjarkirkju, þegar messað var, einkum eldra fólkið. Höfðu foreldrar mínir mig strax með til kirkjunnar kornungan og fyrir mitt minni. Bar ég því strax og ég vitkaðist, lotningu fyrir helgum síðum. Aldrei var unnið á sunnudögum, nema það sem fyllsta nauðsyn bar til. Var eigi meira en svo, að þurri töðu væri bjargað undan rigningu. Er mér talið, að prófastur, séra Davíð Guðmundsson á Hofi, hafi tekið mjög hart á sunnudagavinnu sóknarbarna sinna. Þá helga daga, er faðir minn var heima, voru húslestrar fluttir með sálmasöng. Sungu foreldrar mínir og Rannveig, kona Sigurðar, og Kristján, ef hann var heima. Sjaldan var þó leikið á orgelið við húslestur, þar sem það stóð í Litlahúsinu, en á öllum hátíðardögum var það flutt í miðborðstofuna, er húslestur var lesinn.

Mér þótti lítið til koma að hlýða á einraddaðan söng við

húslestur án orgelundirleiks. Hugur minn og hjarta þráði strax samhljóma og þá sem fyllsta. Mér fannst ætíð bjartara í baðstofunni á helgum dögum. Hvernig sem viðraði var æ hátíð í hjarta mínu á helgum. Er spariföt fólksins voru borin í baðstofu, fylltist hún góðum ilmi. Hrifning mín náði hámarki, er ég gekk í kirkjuna og söngurinn var að hefjast. Vildi ég síður fara í kirkjuna fyrr en eftir samhringingu, þótti klukknaahljómurinn sterkur í eyrum, þar eð klukkurnar voru inni í sjálfri kirkjunni. Og sennilega hef ég orðið hrifnastur um ævina, er ég hlýddi á séra Geir Sæmundsson í fyrsta sinn. Er það raunverulega fyrir minni mitt, því að ég mun hafa verið rúmlega tveggja og hálfs árs gamall. En séra Geir þjónaði Möðruvalla- og Glæsibæjarkirkjum, er heilsa prófests Davíðs Guðmundssonar þraut fyrri hluta árs 1905.

Móðir mín sagði mér frá þessu atviki, er ég vitkaðist og minntist þess oft síðar, er við vorum ein saman. Hún kvaðst eigi hafa undrast það þótt ég sæti hljóður við hlið hennar í kirkjunni, en strax kvaðst hún hafa veitt því athygli eftir messu meðan tafið var í Glæsibæ, að ég hefði ekki veitt verulega athygli neinu er fram fór og verið í algerðri leiðslu. Leiddu foreldrar mínir mig á milli sín heim að Dagverðareyri, og hafði ég enn gengið þögull og niðurlútur, sem var þó eigi talinn minn vandi. Er þau voru komin nokkuð áleiðis til Dagverðareyrar hafði ég eigi lengur orða bundist og þessi setning braust út: „Séra Geir messar ljómandi fallega,“ og hafði eigi leynt sér, hve mikið mér var niðri fyrir – algleymis-hrifning. En meira sagði ég ekki og var í sömu hrifningarleiðslunni það sem eftir var dagsins.

Er séra Jón Þorsteinsson tók við embætti að Möðruvöllum 14. maí 1907, var hátíðleg guðspjónusta. Séra Geir fermdi rúm 20 börn og var fyrir altari, en séra Jón flutti stólræðu. Veður var dásamlegt, glaða sólskin og hægviðri. Ég hafði eigi komið í svo fagurt hús áður og var mjög hrifinn. Mannfjöldi var fyllilega það sem kirkjan rúmaði og var mannþyrping eftir öllu kirkjugólfinu inn að kór. Mér var starsýnt á glitrandi stjörnurnar í lofti kirkjunnar. En nú hófst söngurinn.

Lag L. Nielsens: „Rís upp mín sál og bregð nú blundi“ (ég hygg sálmur Matthíasar: „Í gegnum lífsins æðar allar“). Litlu síðar hrekk ég við og hvíslað er í eyra mér. Ég hafði gleymt öllu umhverfi og tekið fullum hálsi undir lagið. En mér leið illa yfir að þetta skyldi þurfa að koma fyrir og dró að nokkru úr gleði minni þenna mikla hátíðardag í lífi mínu.

Nokkru síðar kemur fyrir afdrifaríkt atvik. Orgel föður míns var alla jafna læst. En eitt kvöld, er hann hafði spilað á það og var að læsa því, brotnaði lykillinn í skránni og hafði faðir minn talsvert fyrir að ná lykilskegginu. Var okkur systur minni nú harðbannað að fíka í orgelinu, en ég man vel næsta dag.

Það var sæmilega gott veður, sólskinslaust og skýjaður himinn en hægviðri. Við systkinin lékum okkur fyrir neðan tún, en ég var þó eigi með hugann við leiki. Þar komst ekkert að annað en orgelið og eftirvæntingin var mikil og tilhlökkun og hátíð í hug mínum. Ég gat alls eigi skemmt orgelið þótt ég reyndi að fá hljóð úr því og hugurinn byggði sér borgir og sá í anda, er sá tími kæmi að ég gæti leikið lög eins og pabbi. En ég varð að fara að öllu gætilega og aðeins að faðir minn vissi eigi, að ég stælist í orgelið. Ég vissi alveg fyrir víst, að amma mín og jafnvel mamma myndu eigi reka mig frá hljóðfærinu, ef ég tæki nógu lipurlega í. En nokkur tími leið þó, þar til ég þyrði að gera alvöru úr þessu, en 1908 mun ég þó hafa byrjað að reika um nóturnar og gera mér grein fyrir mismunandi tónfegurð frá þeim.

Mér þótti hvað fegurstir tónar frá svörtu nótonum og hinar fyrstu tilraunir mínar til samhljóma sá ég síðar meir að voru í ges-dúr tóntegund. Ég hafði enga unun af að spila laglínur einum fingri. Ég þráði samhljóma fagra og fulla.

Árið 1909 sagði faðir minn mér eitt sinn, er hann sat við orgelið, hvað hvítu nóturnar hétu og hvernig heiti þeirra endurtæki sig. Býst við, að hann hafi þá stundina gert það sér til gamans, en eigi reiknað með því að ég gripi það á auga-bragði.

Að litlum tíma liðnum eða fyrir jól 1909 heppnaðist mér að

ná fyrsta laginu eftir eyranu með fjórum röddum nákvæmlega eins og ég heyrði föður minn leika það. Það var „Heims um ból“. Nú var nokkur sigur unninn og strax um áramótin og upp úr þeim gat ég svo spilað án nokkurrar verulegrar fyrirhafnar ýmis önnur lög. Næstfyrsta lagið man ég var: „Ég elska hafið“ í As-dúr. Öll þessi fyrstu lög lék ég í þeim tóntegundum sem ég heyrði föður minn og sá spila þau, þótt ég hefði enga hugmynd um tóntegundir. En það sýnir aðeins, hve náíð samband var strax milli mín og orgelsins og með hve ótrúlega lítilli fyrirhöfn ég gat leikið ýmis smálög.

Eftir nýárið, í ársbyrjun 1910, stofnuðu nokkrir söngmenn þar í héraðinu karlakór, tíu manna. Var miðstöð kórsins á Dagverðareyri og í Glæsibæ, þar sem voru saman komnir höfuð söngmenn héraðsins norðan Akureyrar, faðir minn og Glæsibæjarbræður, Jón og Oddur og faðir þeirra Kristján, mesti og stórfenglegasti íslenski bassi, sem ég hef heyrt. Meiri hluti þessara manna höfðu verið söngmenn í „Heklu“ Magnúsar Einarssonar. Æfingar voru í Glæsibæ og í þinghúsi hreppsins um helgar. Raddirnar munu þeir aðallega hafa æft faðir minn og Jón í Glæsibæ. Var Jón lærisveinn föður míns á orgel og organleikari að Möðruvöllum í Hörgárdal og er það enn í dag tæplega sjötugur, 1951. Heyrði ég föður minn daglega syngja lögin og spila, er voru í æfingu. Meðal þeirra var „Bí, bí og blaka“ í útsetningu Sigfúsar Einarssonar í B-dúr. En þá skeður það einn daginn, að ég spila það án fyrirhafnar í C-dúr með hljóðfæra- (harmóníum-) útsetningu, sem var í engu lík karlakórsútsetningunni. Er þetta fyrsta sjálfstæða útsetningin mín frá sjö ára aldrinum. Eigi hef ég skrifað útsetningu þessa, en leikið hana oft óbreytta allt til þessa dags, fyrst eðlilega daglega, þegar ég gat komist í orgelið í fjarveru föður míns. Leið svo fram tíminn, að lög-unum fjölgaði, sem ég lék utan að. Ennfremur spilaði ég oft gömul danslög eftir eyranu.

Vorið 1912 fluttum við að Ytri-Skjaldarvík, nokkru innar með firðinum. Faðir minn lék oft og söng fyrir gesti sína, en þess var gjarna óskað að ég syngi með eða helst einn. En ég

giska dálítið um 6-7 ára aldurinn tók ég að kenna verulegrar feimni í þessum efnum. Kom þar fljótlega, að mér var mjög óljúft að syngja í áheyrn ókunnugra. Fór ég þá gjarnan í felur, ef svo bar undir. Heimafólkinu þótti þetta miður og skildi eigi hverju þetta sætti, og fékk ég jafnvel ávitur fyrir. En ég bar raunir mínar einn og gat eigi eða vildi opinbera tilfinningar mínar. Þá tók ég það ráð að hætta að syngja laglínu, en söng alla jafna eftir 7-8 ára aldur einhverja aðra rödd með orgelinu, jafnvel oftast bassa. Gat þó eigi stillt mig um að grípa stundum í tenór í blönduðum kórlögum, þar sem mér þótti sú rödd í mörgum tilfellum fegurst. Var þetta að sumu leyti aðeins til þess að styrkja tónskynjun mína.

Bernskuleikir: Mér var sagt, að ég hefði numið sönglög fyrst af öllu og sungið fyrr lög, en fólkið þóttist vita dæmi um, og leikir mínir í fyrstu bernsku hefðu mjög hnigið í músíkáttina. Í stórhúsinu á Dagverðareyri var allstór ofn. Neðan eldhólfins var gáruð plata. Varð platan hljómborðið mitt. Dró ég fótskemil móður minnar að ofninum, settist á hann og raðaði blöðum á plötuna innst en spilaði síðan eftir nótum á gárum plötunnar. Hryggirnir voru svörtu nóturnar, en lautirnar hinar hvítu. Sat ég svo fattur á skemlinum og söng mín eftirlætis lög – og það sjaldnast á lágum nótum, að því er mér var sagt. Eitt fyrsta og mesta eftirlætislag mitt kvað hafa verið „Hlíðin mín fríða“ og textinn á þessa leið eftir sögn móður minnar: „Jæja ía, agga meju gæna, bágesi bía, beja autu æna. Áse átta auju ungu je je fetta, bómmóa betta.“ – En altalandi telja mínir nánustu mig vera 2ja ára. Sjálfur man ég aðeins einu sinni eftir því, að ég sæti við ofninn með blöð mín og spilaði og syngi og lagið var: „Skjótt hefur sól brugðið sumri“. Söng faðir minn það oft. Mun ég þá hafa verið á fjórða ári og eftir þann tíma hætt þessum leik að mestu.

Aðfangadagskvöldið, er pabbi hafði haft fataskipti, settist hann við orgelið og lék ætíð úr hátíðasöngvum Bjarna Þorsteinssonar nokkru áður eða um sexleytið er jólahaldið hófst, forspilið og lögin er heyrðu jölunum til. Var það ein ógleymanlegasta og yndislegasta músíkstund ársins heima

hjá pabba og mömmu. Í Skjaldarvík söng ég 1. rödd með orgelinu í jólalögnum við húslesturinn.

Veturinn 1912-1913, er ég var 10 ára, fór ég alvarlega að hugsa um að reyna að læra að lesa nótur. Leit ég þá eitthvað í söngfræði Jónasar Helgasonar og kynnti mér lauslega helstu atriði er þar voru greind. Eigi get ég þó fyllilega skýrt hvernig ég náði að spila eftir nótum. Fyrir samvisku mína er það þó helst á þenna veg: Ég gaf meiri gætur en áður er faðir minn spilaði og fylgdist með nótunum um leið. En þó öllu fremur fór ég að hafa fyrir mér nótur að þeim lögum er ég kunni utanað, sem voru orðin allmörg, bæði andleg og veraldleg. Og fyrr en varði náði ég á þenna hátt dálítilli leikni í nótnalestrinum. Næsta vetur, 1913-14, er ég var 11 ára, gat ég spilað alla þá söngva sálmalög sem ég kærði mig um, svo og ýmis lög veraldleg. Þá fyrst síðari hluta vetrar 1914 þorði ég að spila í návist föður míns og sérstaklega eftir að kennari minn í barnaskólafræðum heimsótti foreldra mína og gisti. Spilaði ég fyrir hann ýmis lög um kvöldið, en sjálfur hafði hann verið organleikari við Möðruvallakirkju um og eftir aldamótin. Nokkrum dögum síðar sagði pabbi við mig, að hann teldi rétt að leiðbeina mér um fingrasetningu og tók hann fyrir þrjú sálmalög: „Ó, hve dýrðleg er að sjá“, „Lofið vorn Drottin“ og „Sæti Jesús sjá oss hér“ í ýmsum tóntegundum. Er þar talin öll sú leiðbeining, er ég hlaut í organleik um dagana. Um 1915-1916 gat ég leikið öll verk Organtóna I. og II. heftis, en yfirleitt lærði ég alla músík fyrirhafnarlaust, er ég annars lék eftir nótum og hefur svo alla jafna verið.

Á þessum árum eða strax 1914 gerði ég talsvert að því að láta hugann reika á hljóðfærið. En ekkert skrifaði ég niður, því að til þess vantaði mig alla þekkingu og kjark. Þessar melódíur hurfu því jafnan í gleyskunnar sjó en ég saknaði sumra þeirra mjög. Á þessum árum hafði ég mikið dálæti á A-dúr tóntegund og D-dúr og reikaði hugurinn mjög á vegum þeirra.

Skal nú farið fljótt yfir.

Vorið 1917 fluttust foreldrar mínir frá Skjaldarvík vestur á Þelamörk að Efra-Rauðalæk. Kvaddi ég þá með trega minn fagra, kæra Eyjafjörð og ömmu mína og móðursystur. Þó fór ég eigi vestur fyrr en fjórum dögum síðar en foreldrar mínir og systkini.

Sló ég nú eigi slöku við orgelið í frístundum mínum, sérstaklega næsta vetur. Fór ég þá einnig að æfa rödd mína á árinu 1918, er var orðin falleg(?),² þótt ég væri eigi nema 15 ára. Þá um veturinn skrifaði ég upp eitt sönglag, er ég hafði lært á skotspónum með útsetningum fyrir harmóníum eða blandaðan kór. Þetta örvaði hug minn lítið eitt.

Og svo kom 20. apríl 1918 um sumarmálin. Það var sunnan þíða og hlýindi, autt orðið í lágsveitum. Ég hafði undanfarið verið að lesa Andvökur Stephans G. Stephanssonar og lært þar nokkur kvæði, en sérstaklega var eitt þeirra alltaf í höfðinu á mér: „Hver er alltof uppgefinn“. Ég var á leið neðan túnið eftir hádegðið. Þá hefir ljóðið skyndilega fengið tóna, sem óma svo sterkt í höfðinu á mér, að ég hleyp inn að orgeli, spila lagið undir mjög sterkum áhrifum, síðan skrifaði ég það strax niður með hjálp orgelsins í hljóðfæraútsetningu í E-dúr. Nokkru síðar skrifaði ég það fyrir einsöng með píanó-undirleik, því að það er eingöngu einsöngslag.

Næsta vetur og vor samdi ég svo níu einsöngslög á tíma-bilinu frá mars til maí, flest í apríl. En svo tók ég mér langa hvíld. Fyrst og fremst fór ég að búa mig undir skóla. Þeir sem þóttust kenna námshæfileika mína, töldu sjálf sagt að ég gengi skólaveginn. Kristján Sigurðsson, kennari, var helsti hvatamaður þess. Veturinn 1919 -20 var ég í skóla hjá honum að Dagverðareyri um átta vikna skeið. Lásam við þar allmikinn hluta námsgreina 1. bekkjar Gagnfræðaskólans á Akureyri. Næsta vetur las ég talsvert heima áfram og síðari hluta vetrar 1921-1922 gekk ég inn í Gagnfræðaskólann óreglulegur og hlýddi á kennslu til vors og tók próf upp í 3. bekk.

Vorið og sumarið 1922 vann ég hjá Kristjáni Sigurðssyni

² Hér er reyndar handritið óljóst.

að Dagverðareyri og greiddi hann fyrir mig skólakostnað næsta vetrar og bjó ég á heimavist skólans. Féll mér skólavistin sémilega. Það var sémilegt orgel í hátíðarsal skólans. Æfði ég mig þar oft og spilaði oft fyrir besta söngmanninn, er þá var í skóla. Las mjög lítið, aðallega þrjú fög, íslensku, ensku og stærðfræði. Músíkin var alltaf í höfðinu á mér. Náði góðu prófi 1923 í skólanum. Sigurður Guðmundsson skólameistari var mér sem umhyggjusamur faðir og alla tíð til hinstu stundar.

Einn af fáum músíkmönnum bæjarins er ég kynntist lítið eitt, sagði mér, að enginn gæti samið sönglög nema læra allmikið í tónfræði og helst undir handleiðslu góðs kennara. Eigi var þetta uppörvandi fyrir hlédrægan ungling og fundust mér nú öll sund lokuð. Á Akureyri voru engir er gátu kennt mér að ráði. En ég hafði oft hugsað til Sigfúsar Einarssonar tónskálds, en mig skorti algjörlega fé til suðurferðar, var kominn í skuldir eftir skólaveruna og engir mínir nánustu gátu styrkt mig. Móðir mín hafði orð á því við mig, að sér fyndist ég breyttur og dapur. Vildi ég að sjálfsögðu sem minnst úr því gera.

Sigurður skólameistari og fleiri vildu, að ég héldi áfram námi. Ég greindi honum fjárhagsvandráði mín. Sjálfur hafði ég auðvitað engan áhuga fyrir frekara námi bóklegra fræða. Þó má vel vera, að ég hefði haldið áfram náminu, ef menntaskóli hefi verið til staðar á Akureyri, en það varð eigi fyrr en eftir fjögur ár.

Frumsamda músík skrifaði ég enga frá fyrri hluta árs 1919 til 1924, að ég samdi eitt einsöngslag og lítið hljóðfæralag í A-moll.

Næstu ár vann ég algeng sveitastörf að vori og sumri, en var nokkuð við heimiliskennslu á vetrum bæði barna og unglinga og 1926 kenndi ég fyrst á orgel. Vorin 1926 og 1927 og þau næstu stundaði ég vegavinnu og var undirverkstjóri síðari hluta þess tíma.

Vorið 1927 lést móðir mín 14. júní. Um það leyti lagðist faðir minn og lá þungt haldinn fram á sumar. Ég varð að

hverfa heim úr vegavinnunni og sjá um jarðarförina. Var sungið í karlakór heima og varð ég að leika á gamla orgelið og stjórna söngnum, þar sem viðstaddir organistar treystust eigi að hafa lag á orgelinu.

Á þessum undanförunum árum æfði ég talsvert rödd mína og söng allmikið heima næstum daglega meira og minna. Fyrri hluta vetrar 1927 fór ég til Akureyrar, bjó hjá velgjörðarmanni mínum, Kristjáni Sigurðssyni, kennara. Keyptum við þá saman nýtt orgel og ég tók að kenna. Ég hafði nokkra nemendur en lítið í aðra hönd. Söng ég um veturinn með karlakórnum Geysi undir stjórn Benedikts Elfars,³ söngvara. Kenndi hann þá einnig söng allan vetur og sótti ég tíma til hans af kappi og hafði allverulegt gagn af. Næsta sumar var ég enn í sveitinni á bernskustöðvum, Dagverðareyri og Glæsibæ, um vorið í vegavinnu.

Fyrri hluta vetrar kom ég á ný til Akureyrar og tók á ný þátt í sönglífi bæjarins, söng í Geysi o. s. frv., kenndi dálítið á orgel, söng tenór í Akureyrarkirkju og við jarðarfarir svo sem árið áður, varð mjög handgenginn kirkjuorganleikaranum Sigurgeiri Jónssyni og mun sú vinátta haldast á meðan báðir lifa. Varð starfsmaður við Landsímastöðina á Akureyri frá 1. maí 1929. Gott orgel keypti ég í málok. Ég kvæntist 28. júní 1929 Þorbjörgu Stefánsdóttur frá Skógum, vel menntaðri gáfukonu. Sambúðin varð stutt, þar sem Þorbjörg veiktist af berklum vorið 1930 og lést í Kristneshæli 11. des. 1931. Var þetta erfiður tími. Ég fór flesta daga fram að Kristnesi, einkum er á leið, en var um leið vökumaður við Landsímastöðina á Akureyri.

Þrátt fyrir allt þetta æfði ég þrotlaust rödd mína, tók tíma í söng hjá Sigurði Birkis um mánaðar tíma sumarið 1929 og aftur veturinn 1930, en hann var þá við kennslu hjá Karla-kórnum Geysi. Söng ég að jafnaði þá 2-4 stundir daglega og stundum mun lengur og var mér orðið mjög létt um og hafði

3 Benedikt Elfar Árnason (1892-1960) var ættaður úr Litladal í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði fram. Hann var faðir Árna Elfars hljóðfæraleikara. Kona Benedikts og Þorbjörg fyrri kona Jóhanns Ó. voru systkinadætur.

röddin enn fremur aukist allverulega. Býst ég við, að röddin hafi tekið eðlilegum framförum allt til þess að ég veiktist í ársbyrjun 1933. Ég dvaldi í Kristneshæli frá febrúarlokum 1933 til 14. júní 1934. Var gerð á mér loftbrjóstaðgerð um tæplega 5 ára skeið.⁴ Eftir hælsvistina dvaldi ég hjá móður-systur minni, Kristínu í Skjaldarvík, til næsta vors 1935.

Í septemberbyrjun 1942 réðist ég svo til Kaupfélags Eyfirðinga fyrir tilmæli kaupfélagsstjórans og gerðist daglegur endurskoðandi við hið umfangsmikla fyrirtæki – og held þeirri stöðu enn.

Er ég kom til Akureyrar á ný 1935, tók ég strax þátt í kirkjusöngnum með Sigurgeiri organista og söng í jarðar-farakvartett hans fyrst II. tenór en frá 1937 I. tenór, eins og í gamla daga. Gerðist ég þá einnig aðstoðarorganleikari hans við kirkjuna. Vorið 1936 tók ég á ný þátt í Karlakórnum Geysi og söng I. tenór sem áður. Um haustið hóf ég raddkennslu í kórnum, skrifaði út raddir og ýms lög fyrir kórinn á stensil til fjölrítunar. Raddkennslu og nótnaskriftir hafði ég svo á hendi fyrir kórinn til vors 1941, að ég hætti að syngja og dró mig út úr félagsskapnum eftir Reykjavíkurför kórsins í júní 1941. Var ég orðinn dálítið þreyttur og fannst tæplega svara erfiðinu að sækja æfingar og fást jafnvel við sömu einföldu viðfangsefnin ár eftir ár. Var langt frá, að slíkt fullnægði mínum hugmyndum í tónlistarmálum.

Fremur lítið hefir orðið úr tónsmíðum á þessu þó langa tímabili og ber margt til, en ef til vill eigi hvað minnst annríki við óskyld, þreytandi störf. Nokkur karlakórslög og einnig lög fyrir blandaðan kór hefi ég þó sett saman og ennfremur fáein lög fyrir hljóðfæri. Í janúarmánuði 1946 samdi ég þó á rúmri viku 15 sálmalög. Greip ég í þetta á kvöldin eftir kl. 8 til 8:30 og samdi þá oftast og skrifaði niður 2 lög á kveldi og eitt kvöldið 3 lög. Ég hugsaði um lögin á morgnana og á leiðinni að störfum mínum, hafði sálmana í huga að deginum eftir því sem ég gat. En ég vann einmitt, meðan á

4 Líklega er átt við að aðgerðin, sem var einhvers konar blástursaðgerð, hafi verið endurtekin öðru hvoru í nær fimm ár.



Jól á Viðivöllum 8 á Akureyri 1965. Jóhann Ó. Haraldsson við píanóið, seinni konu hans Maríu Kristjánsdóttur ber yfir hann. Sonardætur hans í aldursröð Þorbjörg, Sólveig Sigurrós, Svanfríður, María Björk, Katrín Elfa og Eyrún Svava Ingvadætur. Móðirin Sólveig Jónsdóttir heldur á þeirri yngstu.
– Mynd: Ingvi Rafn Jóhannsson.

Þessu stóð, að mjög erfiðu uppgjöri fyrir K.E.A. Lögin sendi ég síðan sálmasöngsbókarnefnd og voru sjö þeirra tekin í viðbæti þann, er Kirkjuráð Íslands gaf út um sumarið.

Þetta vor, 1946, kvæntist ég á ný Maríu Kristjánsdóttur, Tryggvasonar, fyrrum skipstjóra. Móðir hennar var Albína Jónsdóttir, elsystir hins sérstæða ágætismanns, Stefáns Jónssonar, klæðskerameistara, eiganda elliheimilisins að Skjaldarvík. Hjá okkur dvelur nú undanfarin rúm þrjú ár sonur minn af fyrra hjónabandi, Ingvi Rafn.

Fáein lokaorð, minningar

Mun ég nú ljúka þessu langorða, sundurlausa bréfi. Finn ég sárt til þess, hve litlu ég hef orkað á vegum hinnar dýru listar og harma það, að mér skyldi eigi auðnast að afla mér meiri



Jól á Viðivöllum 8 á Akureyri 1965. Jóhann tónskáld og Ingvi Rafn ásamt dætrum þess síðarnefnda. Ófæddir voru tveir synir.

– Mynd frá fjölskyldunni.

þekkingar og menntunar í tónlist. Ýmsir hafa þó leitað að-
stoðar minnar fyrr og síðar í þeim efnum og eigi síst í tónlist-
armálum kirkjunnar. Lék ég í fyrsta sinn við guðsþjónustu er
ég var 15 ára: Fór ég þá með föður mínum að Möðruvöllum.
Prófessor Haraldur Nielsson flutti prédikun og þjónaði einnig
fyrir altari. Rétt áður en messa skyldi hefjast, benti faðir
minn mér að koma í söngstúkuna og sagði: „Það er best, að
þú spilir“. Ég settist þegjandi að hljóðfærinu og messugerðin
hófst. Mannfjöldi var og margt söngfólk. Ég man vel alla
sálmana og lögin.

Þá eru þær orðnar allmargar jarðarfarirnar, undanfarin 25
ár, sem ég hef verið kvaddur til aðstoðar við um söngstjórn
og organleik. En síðustu átta árin hefi ég þó í mörgum tilfell-
um eigi getað orðið við þeim óskum sakir annríkis í starfi
mínu. Oftast fór ég með þrjá söngmenn framan af, söng
sjálfur I. tenór með orgelinu og hafði valda menn í hinum
röddunum, oftast þá sömu. Á síðari árum hef ég oftast sungið
II. tenór með hljóðfærinu og haft þá tíðast tvo í I. tenór.

Oftast hefi ég stjórnað jarðarfarasöng að Möðruvöllum í Hörgárdal, en í fleiri og færri skipti í flestum kirkjum prófast-dæmisins. Þá hefi ég annast organleik og söngstjórn við flestar hátíðlegar guðspjónustur að Möðruvöllum, svo sem á kirkjudögum 1928 og 1930, við 100 ára minningarguðspjónustu Davíðs prófests Guðmundssonar, 17. júní 1934, og á 75 ára afmæli kirkjunnar 1942. Hafði ég þá söngfólk af Akureyri. Frá 1945 hefi ég verið organleikari við Glæsibæjarkirkju. Varð ég við þeirri ósk aðeins vegna hinna fögru og helgu æskuminninga, sem bundnar eru við það guðshús.

Þegar Sigurgeir Jónsson lét af störfum við Akureyrarkirkju, er nýtt pedalorgel kom í kirkjuna 1941, stóð til að ég tæki við starfinu. Hafði presturinn, vígslubiskup Friðrik J. Rafnar, löngu fært það í tal við mig og endurnýjað, er kirkjubygging var hafin 1939. Ennfremur var þetta einlæg ósk Sigurgeirs organleikara. Þá hafði söngfólk kirkjunnar samþykkt það á fundi í árslok 1940 að leggja niður söng við kirkjuna, ef ég yrði eigi eftirmaður Sigurgeirs. Rétt eftir áramótin kvaddi Jakob Frímannsson mig á fund sinn, fyrir hönd sóknarnefndar, og réð mig til starfans frá 1. júlí 1941. Skyldi ég fara suður til Reykjavíkur á fund Páls Ísólfssonar og taka hjá honum tíma á pedalorgel. Var séra Friðrik Rafnar á förum suður og kvaðst myndi semja um það við Pál, hvenær ég mætti koma. Á sama tíma eða fyrr sótti Jakob Tryggvason skriflega um organistastöðuna og í janúarmánuði verður sóknarnefndin þess vör, að ónefndir valdamenn úr Reykjavík hafa tekið sér fyrir hendur að koma Jakobi í stöðuna. Var hringt í einn aðalsóknarnefndarmanninn og sterkar fortölur í frammi hafðar. Ég sagði sóknarnefnd, að ég færi alls eigi í stríð í þessum málum og dró mig algerlega til baka. En alllangur tími leið, áður en Jakobi tækist að safna um sig nægu söngfólki. Nokkrum sinnum hefi ég þó leikið á orgelið og síðast við jarðarför velgerðarmanns míns, Kristjáns Sigurðssonar, 15. apríl 1950.

Ég sit hér í fremur lítilli stofu við að ljúka þessu bréfi. Hjá mér eru hljóðfærin mín, orgelið frá 1929 og píanóið (notað),

Þín náðin, drottinn, — Jóhann Ó. Haraldsson
25. nóv. 1946.

Þín náð - in, drott - inn, náð mér er, þú mý - a ver - ðir
gæst - u mér; í þinn - i birtu þín bro - ið ill, í blám - a de ég
lífs - ina líðill.
E. H. Kvaran.

Þessi sq. ritad 25. nóv. 1946, fl. 645 — 710 sq. fært
Sigurgeiri Jónssyni, organistara, á áttíðingafélagi hans.
J. Ó. H.

Sýnishorn af nótnaskrift Jóhanns tónskálds. Visan „Þín náðin, drottinn“ er eftir Einar H. Kvaran. Jóhann gerði lagið á 25 mínútum 25. nóv. 1946 og færði það Sigurgeiri Jónssyni organista áttíðingum þann dag.

er ég fékk vorið 1949. Er nú fimmtudagskvöld um miðnætti. Hefi ég gripið í bréfið undanfarin tvö kvöld. Í fyrrakvöld, rétt áður en ég settist við bréfaskrifiturnar, sat ég um stund við píanóið og raulaði ein tvö lög. En rétt áður en ég stóð upp, flaug um huga minn lítið lag, sem hefir unað sér í huganum síðan og mun ég skrifa það fyrir einsöng við tækifæri. Allmargt á ég af drögum til laga eða smærri verka (motiv), sem orðið hafa skyndilega til og ég hefi stungið niður, þar sem ég hefi verið staddur. Tími, líf og heilsa ræður, hvort þau komast nokkru sinni á pappír fyllilega frágengin.

Bið ég yður einlæglega velvirðingar á lengd bréfsins. en ég efast eigi um, að þér munið eygja stærstu og helztu punktana í því.

Kveð yður með fyllstu virðingar og árnaðaróskum.

Jóhann Ó. Haraldsson

Skrá yfir fjölda tónsmíða Jóhanns Ó. Haraldssonar (þetta er þó ekki tæmandi listi):

20 sálmasöngvar og andleg lög fyrir blandaðan kór, þar af voru sjö lög prentuð í Sálmasöngsbók (viðbæti), sem Kirkjuráð Íslands gaf út 1946.

15 sönglög, „Andante religioso“, við texta eftir Guðmund Guðmundsson skólaskáld, tólf þeirra fyrir blandaðan kór án undirleiks en þrjú fyrir einsöng með píanóundirleik.

14 sönglög fyrir blandaðan kór án undirleiks. Kantötukór Akureyrar frumflutti á sínum tíma ýmis þessara laga.

20 sönglög fyrir karlakór án undirleiks. Þau munu öll hafa verið flutt opinberlega.

25 einsöngslög með píanóundirleik, og hafa a.m.k. sum þeirra verið gefin út.

Söngvar til Svövu, þrjú einsöngslög með píanóundirleik við texta Guðmundar Guðmundssonar, þessi lög frumflutti Jóhann Konráðsson á Akureyri 1962.

Vísur Sigrúnar, sjö sönglög með píanóundirleik við ljóð Guðmundar Guðmundssonar, en Ingibjörg Steingrímsdóttir frumflutti fjögur þessara laga á Akureyri 1962.

5 lög við ljóð eftir Davíð Stefánsson, þau voru gefin út 1965 í hefti sem nefnist „Sigling inn Eyjafjörð“ eftir tvísöngslagi með sama heiti.

10 orgelverk, m.a. fantasía yfir „Heims um ból“.

6 tónsmíðar fyrir píanó.

8 útsetningar, þar af fimm sálmasöngvar raddsettir fyrir karlakór.

Eftirmáli ritstjóra Súlna

Bréf hins stórmerka tónlistarmanns Jóhanns Ó. Haraldssonar sem birt er hér var svar við bréfi til hans frá sr. Halldóri Jónssyni (1873-1953) sem hafði verið prestur á Reynivöllum í Kjós í hálfa öld. Bréf sr. Halldórs er varðveitt, það er dagsett 17. febr. 1951, og þar biður hann Jóhann um ýmsar upplýsingar varðandi ævi hans og störf, einkum að tónlistarmálum, svo og um lista yfir tónverk hans. Fram kemur að beðið sé um þetta

vegna rits sem sr. Halldór segist vera með í smíðum. Greinilegt er að hið ítarlega svarbréf Jóhanns sem hér er birt, er skrifað skömmu síðar. Bókin sem sr. Halldór sagðist vera með í smíðum mun ekki hafa komið út, enda andaðist Halldór seint á ári 1953.

Varðveitt er í förum Ingva Rafns Jóhannssonar uppkast að svarbréfinu, að mestu skrifað smáu lettri með blýanti og á stöku stað torlesið; það er notað hér. Fyrst vélritaði sonardóttir Jóhanns, Sólveig S. Ingvadóttir, bréfið upp eftir uppkastinu árið 2001, með aðstoð föður síns. Undirritaður hefur borið vélrituðu útgáfuna saman við blýantskrifaða frumritið og lagað allnokkur atriði, sem talið var að betur mættu fara, m.a. leyst úr ýmsum skammstöfunum, en í öllum meginatriðum er þó orðfæri Jóhanns sjálfs látið haldast. Undirstrikað skal að Jóhann var listaskrifari.

Æðilöng skrá Jóhanns yfir eigin tónverk sem fylgdi bréfinu er ekki birt hér, en hins vegar var gerður nýr og mun styttri listi þar sem greindur er fjöldi verka eftir hann, samkvæmt yngri heimildum sem ná nokkurn veginn til loka ævi hans, og hann er birtur hér að ofan á eftir sjálfu bréfinu. Þessi listi sýnir hve afkastamikill Jóhann var. Mörg laga hans eru mjög vel þekkt og oft flutt.

Vegna ummæla Jóhanns seint í bréfi hans um ráðningu organista að Akureyrarkirkju árið 1941 skal bent á að Jóhann er auðvitað ekki hlutlaus í málinu. Vafalítið má telja að Jakob Tryggvason hafi verið ráðinn í þetta organistastarf vegna þess að hann hafði talsvert meiri formlega tónlistarmenntun en Jóhann Ó. Haraldsson.

Einkasyni Jóhanns, Ingva Rafni Jóhannssyni, og dóttur hans, Sólveigu S. Ingvadóttur, báðum á Akureyri, svo og frænku þeirra Huldu Aðalsteinsdóttur á Syðri-Bægisá, er hér með þakkað kærlega fyrir mjög góða og fúslega veitta hjálp við þessa útgáfu bréfsins.

Ritstjóri


MAGNÚS STEFÁNSSON

Sitthvað um upphaf sjúkrahúss á Akureyri

Magnús Stefánsson fæddist 1936 á Akureyri í húsi sem stóð þar sem nú er verslunarmiðstöðin Krónan.

Eftir nám og störf heima og erlendis starfaði Magnús sem læknir á Akureyri frá áramótum 1974/1975 til ársloka 2008, lengst af sem sérfræðingur og yfirlæknir við barnadeild FSA.


Lengi hefur hann haft gaman af grúski í gömlum bókum.



Það er kunnara en svo að festa þurfi einu sinni enn á blað, að dansk-íslenskur kaupmaður, Friðrik Gudmann að nafni, færði Akureyrarkaupstað heilt hús að gjöf haustið 1873, til afnota sem sjúkrahús ásamt húsbúnaði, tækjum og viðbygg-ingum svo koma mætti að notum. En eitt og annað í sam-bandi við þennan gjörning hefir samt um hrið verið að bögg-last fyrir brjóstinu á skrásetjara þessa pistils. Eitt er hvernig og hvers vegna í ósköpunum karlinum honum Gudmann datt í hug að gera þetta. Manngæska? Vond samviska? Sam-keppni? Kannski eitthvert sambland af öllu þessu? Og annað er hvenær nákvæmlega það var, sem telja má að sjúkrahús-starfsemi á Akureyri hafi byrjað. En áður en reynt verður að finna svör við þessum spurningum er rétt að athuga bak-landið, hvernig umhorfs var á Akureyri á þeim árum, sem

atburðurinn gerist. Hvað fólk hafði sér til viðurværis og dægra-styttinga, tíðarfar og afkomu.

Það sýnist ekki mikil ástæða til að ætla, að nokkrar stórbreytingar hafi orðið á atvinnuháttum Akureyringa þegar hér er komið sögu frá því sem Norðri lýsir um tveimur áratugum áður, [1] þ.e. verslun, smíðar, heyskapur, jarðeplarækt og veiðar sjávarfangs. Þó má nefna, að árið 1866 var sett á laggirnar lifrarbræðsla á Torfunefinu, sem fjórfaldaði afköstin við bræðslu hákarlalifrar. [2, bls. 43] Árið 1870 bjuggu 313 sálir í Akureyrarkaupstað og hafði ekki fjölgað nema um 27 frá árinu 1862, þegar höndlunarstaðurinn við Eyjafjörð öðlaðist kaupstaðarréttindi aftur, og var kennt um íhalds- og aðhaldssemi bæjarstjórnar að veita mönnum búsetuheimild. En á því varð þó breyting næstu árin, því fjöldi Akureyringa var kominn í 639 manns árið 1884. [3, bls. 108]



Fólksfjölgun að meðaltali á ári 1862-1884.


Ekki var mikið byggt í bænum, aðallega svarðargeymslur og litlir kofar. Þó var reist hegningarhús norðan við læk þjóðhátíðarárið 1874. Þangað var amtsbókasafnið flutt, sem

áður hafði um alllangt skeið verið í vörslu einkaaðila í kaupstaðnum, en bjó ennþá yfir fremur litlum bókakosti, [3, bls. 100] og þangað flutti líka bæjarstjórn aðstöðu sína. Fanga-geymsla var á efri hæð, en menning og stjórnsýsla á þeirri neðri. Mun meiri starfsemi fór fram á neðri hæð enda húsið oftast kallað ráðhús en tukthús. Rúmum áratug áður hafði H. P. Tærgesen, lausakaupmaður úr Reykjavík, látið reisa nýtt verslunarhús, líka norðan við læk, og það var í því húsi, sem Voga-Jón¹ hefur horft á leiksýningu árið 1862. Söguritari leiklistar á Akureyri telur líklegt að sýndir hafi verið leikþættirnir „Narfi“ og „En Comedie i det Grønne“. Sjónleikjaspil hófst á Akureyri 1860, og var faktor Gudmannsverslunar, Bernhard August Steincke, þar innstur á palli og á hann eftir að koma meira við sögu.² Næstu árin voru árlega færðar upp leiksýningar og ýmist leikið á íslensku eða dönsku. Síðan dregur úr starfseminni, einkum vegna harðinda og annarra erfiðleika, en árið 1875, Steincke er þá alfarinn til Danmerkur, tekur etazráð Jakob V. Hafsteen, kaupmaður og konsúll m.m., við sprotanum og stofnar Gleðileikjafélagið.[4] En það var líka hugað að alvarlegri hlutum. Sama ár og bærinn varð kaupstaður í annað sinn reis í Fjör-
unni kirkja, [3, bls. 80] og vígð ári síðar. Bæjarbúar þurftu eftir það hvorki að sækja náðarmeðulin lengur inn að Hrafnagili né veita þar sínum nánustu hinstu hvíld, því greftrunarstaður fékkst um leið uppi á höfðanum. En varla hefur alltaf verið auðvelt að paufast með niðþungar líkkistur upp göngustíginn frá kirkju í garð, þótt krókóttur væri.

Eins og sjá má á myndinni var á guðshúsinu turn einn

1 Jón Jónsson, f. 1829, d. 1866, ætíð kenndur við bæinn Voga í Mývatnssveit. Lærði trésmíði í Kaupmannahöfn, en sjálfmenntaði sig líka í tungumálum og fiðluleik. Hann ritaði ævisögu sína á ensku og birtist hún í ensku tímariti ellefu árum eftir dauða Jóns.

2 Jón Hjaltason segir í Sögu Akureyrar 1. bindi bls. 148, að Steincke hafi fyrst komið 26 ára gamall til Akureyrar 1851, og segir síðan orðrétt: „Hann lærði verslunarfræði í Kaupmannahöfn, komst í þjónustu Gudmanns og gerðist einn allra þarfasti faktorinn sem nokkru sinni kom til Akureyrar, en þar dvaldi hann árin 1851-1854 og aftur 1860-1874“.



Fyrsta kirkja Akureyringa. Þegar reisugildi var haldið haustið 1861 var drukkið kampavín og skotið af fallbyssum svo ritstjóra Norðanfara blöskraði. Ljósmynd í eigu Minjasafnsins á Akureyri.

– Ljós. Jón Chr. Stephánsson.

mikill, en þar sem kirkjuskipið var reist samkvæmt aldagömlum sið lenti hann yfir altarinu, sem flestum Akureyringum fannst ósvinna. Turn og klukknaport skyldu vera yfir dyrum að vestan. Þessi turn olli um tíma svo miklum deilum í bænum, að hann var loks tekinn niður og settur upp aftur vestan megin. Þegar kirkjan var vígð var mikið sungið, en með þvílíkum firnum, að hinir tónelskandi borgarar, Steincke og Finsen læknir, urðu skelfingu lostnir, stofnuðu söngskóla, og kenndu á sunnudögum efnilegum piltum að syngja bæði andleg vers og veraldleg. [5] Árið 1868 auglýsti bóksali á Akureyri, Friðbjörn Steinsson,³ til sölu ýmsar bæk-

³ Friðbjörn Steinsson, 1838-1918, var bókbindari og bóksali. Einn merkasti Akureyringur á sinni tíð. „... og yfirleitt voru víst engin af framfaramálum bæjarins, eða héraðsins, er hann var ekki eitthvað við riðinn“. [3, bls. 91]

ur bæði andlegar og veraldlegar s.s. Passíusálma, Aptan-söngva eftir séra Pétur Guðmundsson í Grímsey, Ásmundar-sögur og Friðþjófssögu, stafrófskver og landafræði, Lang-barða-sögu, Um einkenni á mjólkur kúm o.fl. „... *Flest allar þessar bækur verða á reiðum höndum bundnar, eptir því sem kaupendur óska*“. [6, 1868, tbl. 21-22]

Þannig hefur að því best virðist verið sæmilega blómlegur bæjarbragur á Akureyri á þessum árum. En menn voru líka smáglettnir hver við annan, bæði í gamni og alvöru ef marka má svohljóðandi auglýsingu:

Heyrðu kunningi! Þú, sem lánaðir hjá mjer nýlegan hnakk og beisli með kopar-stöngum en snæristaumum, hjerna um kveldið, og sem þú tókst við austurdýrnar á litla pakkhúsinu; þig bið jeg nú hið fyrsta, að skila mjer öllu aptur, og skal jeg þá ekki setja neitt upp fyrir lánið. En að öðrum kosti neyðist ég til að láta sækja þetta til þín og ollir það kostnaði og ónotum. Komdu nú bráðum með hnakkinn og beislið og vertu sæll. Akureyri, 29. október 1867. Páll Th. Johnsen“.⁴ [6, 1868, 1-2 tbl.]

Það bjuggu ekki bara stórlyndir og stoltir karlar á Akureyri á þessum mótunarárum höndlunarstaðarins. Þar voru líka konur, sem á ýmsan hátt sögðu karlavelðinu stríð á hendur og er engri gert rangt til þó hér sé aðeins minnst á eina.

Þegar kosið var í fyrsta sinn til bæjarstjórnar á Akureyri 1863 kom Vilhelmina Lever, þá 61 árs, steðjandi á kjörstað og kaus. Fyrsta kona, sem kosið hefur á Íslandi, og líklega sú eina án þess að hafa kosningarétt. Hún uppfyllti öll skilyrði til kosningaréttar önnur en að vera karlmaður, hún var kvenmaður, en með öðrum orðum maður og það mun hafa verið

⁴ Páll þessi var verslunarmaður á Akureyri, en varð gjaldþrota 1867 og verslun hans var ein þeirra sem Höephner keypti upp. [3, bls. 110] Í húsi því er Páll átti var bakaraofninn settur upp. [6, 1868 23-24 tbl.] Sjá síðar. Páll var bróðir Edvalds Johnsens lækni, sem starfaði á Akureyri 1867-1868, [7, bls. 287] en lærði síðan „núningslækningar“ og varð frægur fyrir að „núa“ þrautir úr skrokkum konungshjónanna dönsku, Kristjáns IX og Lovísu drottningar hans. [2, bls. 273]



*Vilhelmina Lever, séð með augum Kristins G. Jóhannssonar listmálara.
– Birt með leyfi listamannsins.*

sá skilningur, sem kjörstjórnar-menn lögðu í orðið „menn“ í íslenskri þýðingu kosningalaganna. Vilhelmína hafði með hléum haft allnokkur umsvif sem smákaupmaður á Akureyri, síðar veitingakona á Oddeyri, en ódauðlegan sess í hugum samborgara sinna hafði hún þó skapað sér löngu áður en umræddar kosningar fóru fram, með því fyrst að slíta samvistir við eiginmann sinn, en slíkt mun ekki hafa verið daglegt brauð í nærliggjandi sóknum, og síðan að eignast lausaleiks barn nokkrum árum síðar og ala barnið upp ein og óstudd án allrar afskiptasemi karlaveldisins í hreppsstjórn. [8, bls. 161-164 og 206-207]

Tíðarfari og afkomu lýsir Norðanfari um miðjan júlí 1874 þannig:

Það af er þ. m. hefir veðráttan, eins og optast að undanfögnu í vor, verið hjer nyrðra fremur þurr og köld með hafátt og stundum frosti á nóttum, jörð er því víða graslítil, kalin og brunnin; hjer og hvar hefur líka orðið vart við grasmaðk helst á harðvelli utan túns. Fyrst eptir fráferunar hafði málnya verið furðu góð, en eptir fáa daga kólnaði og frostin urðu svo mikil fram til dala og fjalla, að polla lagði og þar sem lygnt var á lækjum og ám; minnkaði málnya þá um þriðjung og smjör varð þó að sínu leyti enn minna. [6, 1874, tbl. 35-36]

Lengstum réðu danskir kaupmenn mestu um verslun á Akureyri á níttjándu öld, og þegar á leið öldina voru tveir kaupmenn aðsópsmestir, þeir Friðrik Carl Magnus Gudmann og Carl Julius Höephner.⁵

Klemens Jónsson segir, að sá síðarnefndi hafi komið út árið 1858 sem fulltrúi þess fyrrnefnda [3, bls. 79], er ári áður keypti hlut föður síns í Gudmannsverslun. Eitthvað er þó þessi komutími Höephners á reiki, því samkvæmt annarri heimild er hann hér í maí 1857. Höephner hefur trúlega haft litla þjónustulund og leiðst undirlyllustaðan, því fljótlega

⁵ Ritháttur á mannanöfnum er sá sami og Klemens Jónsson notar í Sögu Akureyrar.



Carl Julius Höephner. Náði nær allri verslun á Akureyri þegar Gudmann yngri dó. Höephner keypti þá rekstur hans og rak áfram undir nafninu „Gudmanns efterfölgjare“. Þegar skrásetjari var að alast upp á Akureyri á árum seinni heimsstyrjaldar bar vefnaðarvöruverslun ein, sem var til húsa þar sem nú er matsölu- staðurinn Bautinn, þetta nafn.

– Ljósmynd í eigu Minjasafnsins á Akureyri.

tekur við eftirliti Gudmanns „etablissement“ áðurnefndur Steincke, enda lengi búinn að vera í þjónustu Gudmanns- feðga, en staddur erlendis einmitt þessi ár. Höephner var samt ekki hættur. Átta árum síðar eignast hann verslun

Örum & Wulffs á Akureyri. Hann hefur þá greinilega verið kominn með nokkur ítök í bænum, og jók umsvif sín markvisst. Það hefur því varla farið hjá því, að samkeppni hæfist á milli þessara tveggja verslunarstórvelda í kaupstaðnum, sem samkvæmt eðli þeirrar keppni hefur heldur harðnað er tím-inn leið, því engin hafa fundist teikn um að þessir tveir menn hafi haft með sér samráð, utan einu sinni. Höephner er svo lýst á einum stað, að hann hafi ekki verið „... *greiður í samningum*“ og annars staðar, að hann hafi verið, „... *yfrið þungur kaupmaður*.“ [3, bls. 95 og 111] En um Gudmann var hins vegar skrifað „*Svo hafa þeir sagt sem þekktu Fr. Gudmann, að hann hafi verið mesta ljúfmenni*“. [9] Höephner stefndi að því leynt og ljóst að leggja undir sig alla verslun í bænum [3, bls. 110] og endaði með því að kaupa verslunarrekstur Gudmanns af ekkju hans. Talsverður hugur var kominn í Eyfirð-inga eins og aðra landsmenn að velta af sér verslunaroki hinna dönsku kaupmanna, reyna að komast yfir skip til að keppa við kaupförin dönsku og menn sóttu almennt í sig veðrið í sjálfstæðismálum öðrum. Meðal annars má benda á fundarboð Bægisárprests, Arnljótar Ólafssonar, um hluta-félag í kaupskipi, byrðingnum Emilie, og stofnun Verzlunar-félags Eyfirðinga. [6, 1869, tbl. 1-2] Þetta brólt heimamanna hefur án vafa farið í hinar finni gróðataugar kaupahéðna. Án þess að sett sé jöfnunarkerki þar á milli þá var það samt svo, að vorið 1868 berst Friðbirni Steinssyni bréf frá Jóni forseta Sigurðssyni þess efnis að báðir höfðingjarnir, Gudmann og Höephner, hafi neitað að flytja félagsbækur bók-menntafélagsins til Akureyrar og vísi sífellt á næstu skip. Og Friðbjörn sendir þeim tóninn: „... *Af þessu litla dæmi sem mörgu öðru, virðist mega sjá, að verzlunareinokunin hjerna hefir ekki síður áhrif á andlega en líkamlega hagsæld manna.*“ [6, 1868, tbl. 29-30]

Og nú fer leikurinn að æsast. Sama ár, þ. e. 1868, sendi Höephner til Akureyrar mann að nafni Hendrik Schiöth, bakara að iðn og stríðshetju úr síðara Slésvíkurstriðinu. Með honum fylgdi bakaraofn, sem settur var upp og byrjað að

baka. Eitthvað þóttu brauðin dýr í upphafi, því Norðanfari hvetur bæjarbúa „... heldur til þess að búa til brauðið ofan í sig sjálfir meðan verðlag er svo hátt, jafnvel þótt þetta sé hið þarfasta framtak“. [6, 1868, tbl. 27-28] En fyrirtækið heppnaðist og naut er fram liðu stundir slíkra vinsælda, að brauðgerð og brauðsala hefur síðan verið stunduð í bænum. Schiöth mun upphaflega aðeins hafa ætlað sér að vera á Akureyri í eitt ár. En það fór öðruvísi, því ásamt konu sinni, Önnu, gerðist hann hinn mætasti borgari. Hann var m. a. póstafgreiðslumaður og gjaldkeri í sparisjóði og banka, og hún ljósmyndari, leikari og garðyrkjufrömuður, [3, bls. 112] og er frá þeim kominn allstór ættbogi á Akureyri.

Nú má láta hugarflugið taka stjórnina ofurlitla stund. Það hefur varla farið framhjá Steincke, að brauðin þóttu góð og þar sem Höephner var líka þekktur, þótt dýrseldur þætti, fyrir að eiga alltaf nóga vöru að selja, setur þann grun að skrásetjara, að Steincke hafi þótt halla á vinsældir og virðingu húsbónda síns og jafnvel þurft að lappa eitthvað upp á álit hans. Í þokkabót var búið að hnupla frá honum hugmyndinni um bakariíð, því lesa má í fyrstu fundargerð bygginganefndar Akureyrar 29. maí 1857, að Höephner hafi þá þegar sótt um lóð fyrir Gudmanns verslun, að byggja á bökunarhús með mólunarmyllu. Samkvæmt skipulagi bæjarins komst slíkt fyrirtæki ekki fyrir þar sem framkvæmdaaðili vildi reisa og erindinu var hafnað. [10]

Bernhard August Steincke var merkilegur maður, listunniandi og menningarfrömuður, sem lyfti ekki lítið bærbragnum á Akureyri meðan hans naut við. Meðal annarra afreka hans má nefna, að hann kenndi heldri manna sonum að taka ofan fyrir dömum og hneigja sig. Alla jafna var hann sagður dagfarsprúður og vinsæll, en gat líka verið harður í horn að taka og gefið á snúðinn ef á þurfti að halda. [8, bls. 151] Litill vafi leikur á því, þótt skrásetjara skorti skjalfestar sannanir, að þessi danski faktor og heimsborgari, hafi verið potturinn og pannan í þeirri ákvörðun Gudmanns að kaupa hús Finsens læknis og afhenda það Akureyrarkaupstað og næsta ná-



*Bernhard August Steincke. Menningarfrömuður og athafnamaður.
– Ljósmynd í eigu Minjasafnsins á Akureyri.*

grenni að gjöf. Talið er að gjöfin hafi verið um 5.000 ríkisdala virði og raunar var bætt um betur nokkrum árum síðar, og mátti muna um minna, enda þessi gerningur löngu búinn að ýta bakaraofni Höeþners inn í skuggann. Þess verður þó að geta hér, að þörf fyrir spítalahald á Akureyri hafði verið sett fram í skörulega skrifaðri grein í blaðinu Norðanfara rúmum áratug áður en gjöf Gudmanns barst kaupstaðnum. [6, 1862, tbl. 5-6]

En nú er best að komast niður á jörðina aftur og tína saman það sem aðrir hafa skrásett. Friðrik Carl Magnus Gudmann var fæddur 6. september 1829, líklega í Kaupmannahöfn,

enda móðir hans dönsk, Anna Chaterina f. Hyll (1797-1853). Kaupmennska hefur drengnum verið í blóð borin því faðir hans, sem hét Johann Gottlieb Guðmundsson Gudmann (1785-1859), var sjálfur kaupmaður á Akureyri og víðar þótt hann byggi stærstan hluta ævi sinnar í Danmörku, hafi haft þar ýmislegt undir og komist vel af. Verslunin á Akureyri sá m.a. fataverksmiðju I. C. Modewegs í Lyngby fyrir íslenskri ull í stórum stíl og þegar ein dóttir Johanns giftist syni fataframleiðandans varð til „den Gudmann-Modewegske familie” sem um tíma var allnokkurt verslunar- og iðnaðarveldi á Sjálandi. Auk þess átti Johann líka Örholm Papir Fabrik. [11] Föðurætt Johanns var alíslensk, en móðir hans var rússnesk, María Porsche að nafni. Gudmannsnafnið mun þannig tilkomið, að faðir Johanns, Guðmundur snikkari Magnússon, sem lengi sat í Kaupmannahöfn, var jafnan nefndur Magnus Gudmann í dagbókum Rentukamersins um íslensk málefni. [3, bls. 40] Jóhann kom ungur upp til Akureyrar á sumrin og var þar við verslun. Árið 1818 átti hann þegar tvær lóðir. [3, bls. 37] Johann Gudmann og sonur hans, Friðrik, ráku síðan eina aðalverslunina í bænum í marga áratugi og sem fyrr segir keypti Friðrik Carl fyrirtækið allt 1857 og rak með höfuðstöðvar lengst af í Kvæsthusgade 5, Khöfn. Til gamans má geta þess, að í næsta húsi, nr. 3, var Grímur Thomsen skráður til heimilis árið 1863. [12]

Friðrik var þá þegar kvæntur Önnu Emelie f. Dall (1841-1926), sem var dóttir kaupmanns Dall í Holbek. Hún var tólf árum yngri en eiginmaðurinn og lifði mann sinn í fjöru-tíu og sjö ár. Þau Anna eignuðust fimm börn. Fyrst tvo syni, sem báðir létust á fyrsta ári. Síðan komu tvær dætur og einn sonur, sem öll komust til fullorðinsára og lifðu langt fram á tuttugustu öldina, þau elstu fram á fjórða áratuginn. Ekki verður annað séð af tiltækum heimildum en að F. C. M. Gudmann hafi komist vel í álnir, og er í sömu dönsku heimildum talið til frama að hafa verið félagi nr. 1030 í Kongelige Skydeselskab, sem líklega hefur þótt finni selskapur í þá daga. Friðrik Gudmann andaðist í Kaupmannahöfn 1879.



F. C. M. Gudmann. Ekki eru heimildir fyrir því að Friðrik hafi nokkru sinni komið til Akureyrar, a.m.k. ekki eftir að hann varð stórkaupmaður.[20]

*– Ljósmynd í eigu Sjúkrahússins á Akureyri.
Ljósmyndari ókunnur.*

Nú vikur sögunni heim aftur. Það var laust fyrir 1830, sem Baldvin Hinriksson, sigldur járnsmiður og kallaði sig Skagfjörð, fékk útmælda lóð á sandinum neðan við *Skammargil* (svo ritað í 3, bls. 47) og hóf þar að byggja sér hús. Hann lauk ekki byggingunni en seldi það í maí 1836 Eggert Johnsen fyrsta íslenska fjórðungslækninum, sem aðsetur hafði á Akureyri og sem bjó þar ásamt fjölskyldu sinni til dauðadags

1855. [13] Í framhjáhlaupi má geta þess að Baldvin Hinriks-son þótti smiður með afbrigðum, en jafnframt talinn óróa-gjarn og nokkuð drykkfeldur og endaði líf sitt sem sá ógæfu-maður að skera sjálfan sig á háls á jólanótt 1853 vestur í Húnavatnssýslu. [3, bls. 47] Jón Finsen læknir keypti húsið af ekkjufrú Ane Marie Johnsen 1. apríl 1858 fyrir 3.000 rík-isdali [13] og bjó þar uns hann hvarf frá Íslandi 1866. Þegar Guðmann keypti húsið galt hann 1.750 rdl fyrir það, svo ekki hefur Finsen riðið feitum hesti frá þessum húsakaup-um. Allt fram til haustsins 1873 var húsið jafnan nefnt lækni-sús eða Finsens hús, en eftir það Guðmanns Minni og síðar gamli spítali, og er nú skráð sem Aðalstræti 14.

Suðurhlutinn er tveggja hæða timburhús með háu risi, klætt lóð-réttri borðaklæðningu að utan (reisifjöl) á báðum langhliðum en listaklætt á suðurgafli. Bárújárn er á þaki en undir því er gömul skarsúðarklæðning og leifar af gamalli rennisúð. Gluggar eru smáir af gamalli gerð, sexrúðu, með tveimur þriggja rúðu römmum. Úti-hurð er nýleg en fyrirrennari hennar er enn uppi á geymsluloftinu. Gólf neðri hæðar eru steinsteypt. Herbergi eru flest klædd spjaldaklæðningu og/eða sléttum panel. Hurðir eru flestar af elstu gerð og dyrabúnaður allur. Nýleg eldhús og baðherbergi eru á neðri hæð, vel fyrir komið. Í húsinu eru gömul eldstæði, hlóðir, á báðum hæðum og enn eru kolaofnar í stofum. Grunnflötur hússins er 11,35 x 6,89 m að utanmáli. [14]

Svo skrifar Hjörleifur Stefánsson er hann lýsir húsinu um miðjan níunda áratug síðustu aldar og bætir því við, að „... seinustu áratugina hefur húsinu verið vel viðhaldið og er eitt fárra húsa í Innbænum og Fjörinni, sem breyst hefur til batn-aðar á seinustu árum.”

Í dag er húsið komið í eigu Akureyrarkaupstaðar, sem keypti það 1994 í nafni húsfriðunarsjóðs. Samkvæmt samn-ingi við Læknafélag Akureyrar og Hjúkrunarfélag Íslands, norðausturdeild, hefur húsið síðan verið fært til fyrra útlits og innviðir í upprunalegt horf eftir því sem hægt var. Þær endurbætur hafa tekist þannig, að til eftirbreytni er og hafa



Aðalstræti 14, Akureyri. J. Gudmanns Minde fyrir miðri mynd, sem mun vera frá því um 1875-1880. Frummynd á Þjóðminjasafni, en þessi mynd er tekin eftir ljósmynd í eigu Sjúkrahússins á Akureyri.

– Ljósmyndari sennilega Sigfús Eymundsson.

vakið eftirtekt. Nefnd félög hafa í dag fundaaðstöðu í húsinu og stefnt er að því að setja þar upp sýningar.

Klemens Jónsson segir í bók sinni „Sögu Akureyrar“, að 5. nóvember 1873 hafi Akureyrarbæ verið afhent húsið fullbúið. [3, bls. 97] Hvaðan sýslumanni hefur komið þessi dagsetning er óljóst, því hún stingur í stúf við annað, sem skráð er, nema ef vera kynni, að hún sé komin úr dagsetningu bréfs, sem til er í afriti á Þjóðskjalasafni og dagsett þennan dag. Þar segir:

... Þann 15. f.m afhenti herra Factor B. Steincke á Akureyri vegna kaupmanns F. Gudmanns í Kaupmannahöfn bæjarstjórn Akureyrar-kaupstaðar hús hjér í kaupstaðnum útbúið sem spítali með 8 rúmstæðum, baðhúsi og öllu því tilheyrandi er með þarf til að spítalinn geti orðið notaður. Vjer undirskrifaðir, bæjarstjórinn á Akureyri, ásamt Factor Steincke, sem þangað til gjafabréfið kemur frá kaupmanni Gudmann, höfum tekið að oss stjórn spítalans, verðum um

leið og vjer könnunumst við það gagn sem hin stórmannlega gjöf getur gjört bæði kaupst., næstu sýslum og öllu amtinu, ... [15]

Spítalastarfsemin hefir þó ekki getað verið nema í skötu-
líki, þar sem enginn var læknirinn, og enginn vissi þegar
þetta er skrifað hvenær úr rättist. En bréfritarar láta ekki
deigan síga, heldur kemur í bréfinu í beinu framhaldi: „... þó
að þessi spítali ekki geti orðið til þeirra tilæthudu nota ef hann
ekki getur fengið árlegan styrk frá því opinbera“. Og síðan
bera bréfritarar fram þá frómu ósk, að amtmaður sjái til
þess, að bón bæjaryfirvalda um 3-400 rdl árlegan styrk úr
læknasjóði til handa spítalanum, komist á réttan stað.

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrar, sem haldinn var 14.
október 1873 er hins vegar eftirfarandi bókað: „Viðtekið var
að NN⁶ skyldi verða tekinn á sjúkrahúsið, sem verzlunarstjóri
B. Steincke, er var mættur á fundinum, sagðist ætla að afhenda
bæjarstjórninni á morgun“.

Og á fundi bæjarstjórnar, sem haldinn var daginn eftir „...
í spítala kaupstaðarins ...“ að öllum bæjarfulltrúum við-
stöddum ásamt B. Steincke er eftirfarandi bókað:

Á fundi þessum mæltist verzlunarfulltrúi B. Steincke til þess, að bæj-
arstjórnin tæki að sér stjórn og umsjón spítalans þangað til gjafa-
bréf fyrir honum komi frá kaupmanni Fr. Gudmann, sem hann
vonaðist eftir að yrði með næstu pósthferð og afhenti hann jafnframt
ýmislegt er tilheyrði spítalanum, sem ekki hafði áður verið tekið
upp. [16]⁷

Ennfremur er í fyrstu fundagerðabók spítalanefndar eftir-
farandi skráð sama dag:

6 Í bókuninni er sjúklingurinn nafngreindur þótt nafni hans sé sleppt hér, en ekkert
frekar tilgreint hver hann var eða af hverju hann skyldi verða tekinn á sjúkrahúsið.
Við er þó af öðrum heimildum, að uppi var á þessu ári maður á Akureyri
með sama nafni, d. 1881, og samkvæmt þeim gæti vel verið um sama mann að
ræða, og síðar kemur fram hvað að honum gekk.

7 Allar eigur spítalans voru færðar í svokallaða Inventaribók, sem skoðuð var
reglulega og borin saman við fjölda og ástand eigna, en sú bók er því miður týnd
og tröllum gefin.

Þann 15. október 1873 beiddi Factor B. Steincke bæjarstjórnina á Akureyri um ásamt sjer fyrst um sinn að takast á hendur stjórn spítala þess, er herra F. Guðmann (*svo*) í Kaupmannahöfn hefur látið Factor Steincke afhenda kaupstaðnum, þangað til gjafabréf herra Guðmanns (*svo*) kemur. Samkvæmt þessu tökumst við undirskriftaðir hjermeð stjórn spítalans á hendur. B. Steincke, St. Thorarensen, J. Halldórsson, J. Stephánsson, Þórður Tómasson og O. Sigurðsson. [17]

Í sömu heimild úr Þjóðskjalasafni [15] og vitnað er til hér að ofan er að finna afrit af öðru bréfi bæjaryfirvalda til amtsins fyrir hönd spítalans. Þetta bréf er dagsett 30. janúar 1874 og greinilega svarbréf vegna þess að amtsyfirvöld hafa óskað eftir frekari greinargerð fyrir 3-400 ríkisdala styrk úr læknasjóðnum. Í bréfinu kemur fram kostnaðaráætlun spítalastjórnar fyrir rekstrarkostnaði.

Hún er í fimm liðum, orð- og stafrétt: „...*til forstöðumanns 100 rdl / þóknun til læknisins 50 – 100 rdl / síðan kemur illlæsilegt orð en gæti verið áhaldagjald 50 rdl / Bæjargjöld 5 rdl / og loks Viðhald á húsum 45 rdl / 300 rdl ...*“.

Síðan kemur: „... *Þetta er það allra minnsta sem spítalinn að minnsta kosti fyrst um sinn þarf til þess að geta orðið að tilætluðu notum ...*“

En segja má, að sagan byrji hálfu öðru ári áður. Þann 6. maí 1872 kom títtnefndur Steincke á fund bæjarstjórnar Akureyrar og tilkynnti formlega, að Guðmann kaupmaður ætli að gefa bænum fjárupphæð að 5.000 rdl til annað hvort spítalahalds eða „fri Bolig for trængende Borgere“, og að hús Finsens hefði þegar verið keypt í þessu augnamiði. Bæjarstjórn ákveður spítalahald, en spyr hvort ekki megi hýsa þurfamenn líka ef húsrúm leyfði. Steincke svaraði því til, að slíkt gengi ekki gegn vilja gefanda svo framarlega sem þetta tvennt gæti farið saman. Síðan voru valdir í nefnd til að segja til um fyrirkomulag á stofnun þessari Þórður læknir Tómasson, Jón Stefánsson (sennilega átt við Jón Chr. Stephánsson) og Friðbjörn Steinsson. [16]

Mánuði síðar er nefndin tilbúin með kostnaðaráætlun fyrir

nauðsynlegum breytingum, viðbyggingum o.fl. og áætla hana vera um 2.550 rdl, því þegar allt er búið muni standa eftir af upphaflegri upphæð 700 rdl. Verklýsing (endurbótaskjal) er gerð og 18. nóvember 1872 hefur einn nefndarmanna, Jón, fullgert nauðsynlegar teikningar og leggur fram á bæjarstjórnarfundi, sem ekki gerir athugasemdir við þær. [16] En í hverju þessar breytingar fólust nákvæmlega kemur hvergi fram. Samtímasjáandi skrásetjara, Björn ritstjóri Jónsson, segir á einum stað: „... Þar að auki hefur hinn veglyndi mannvinnur látið endurbæta sjálft húsið stórum og breyta ýmsri herbergja skipan í því og ennfremur látið byggja nýtt timburhús norðan við hitt fyrir svörð, hey, fjós o.f. ...“ [6, 1873, tbl. 47-48] Hesthús m.m. nefnir svo annar söguritari Akureyrar [3, bls. 97] og baðhús telur hinn til. [2, bls. 212] Ekki er einu orði minnst á þessar framkvæmdir í bókum bygginga-nefndar, sem er nokkuð skrítið, því þótt henni hafi e.t.v. ekki komið innanstokksbreytingar við, komu þarna til viðbyggingar og útmæling á þeim skyldi maður ætla að hafi komið til kasta nefndarmanna og átt að bókfærast, þó svo teiknari og höfuðsmiður, Jón Stefánsson (Chr. Stephánsson) væri einn þeirra og annar, Friðbjörn bóksali, sæti bæði í bygginga-nefnd og undirbúningsnefnd að breytingum á spítalanum.

En hverjar sem framkvæmdirnar voru var þeim lokið tæpu ári síðar og samkvæmt bókuninni frá 14. október mætti ætla, að það hafi verið Þórður [7, bls. 1661] þáverandi héraðslæknir sem fengið hafi leyfi til að taka inn fyrsta sjúklinginn. En Þórður dó hálfum mánuði síðar, 2. nóvember, „... eftir aðeins 5 daga þrautamikla sjúkdómslegu í gigtfeber“. [6, 1873, tbl. 49-50] og ekkert hefur varðveist um samskipti hans við sjúklinginn ef hann hefir þá verið tekinn á spítalanum sem slíkur, en svo verður að telja vegna þess sem síðar kemur fram. Bókun frá bæjarstjórnarfundi í aprílbyrjun 1874, „... að NN skuli vera áfram hjá Páli Magnússyni fram yfir sumarmál ef meðlag með honum yrði ekki mjög ósann-gjarnt“ [16, 4. apríl 1874] má í fljótu bragði skilja sem svo, að sjúklingur þessi hafi verið þurfamaður á framfærslu bæjarins



Þórður Tómasson Sæmundssonar Fjölismann (1837-1873) kom sem læknir til Akureyrar haustið 1868 nánast beint frá prófborði, og starfaði þar til dauðadags. Skrifaði hér bækling um mislinga, sem gefinn var út á Akureyri í tveimur útgáfum 1869. Hann náði vinsældum og varð harmdauði, ekki bara frú Camillu og börnum þeirra, heldur einnig bæjarbúum öllum.

– Ljósmynd í eigu Minjasafnsins á Akureyri.

og bæjarstjórnin þarna nýtt sér andsvar Steinckes frá því á fundinum í maíbyrjun 1872. Líklegast er að þetta tvennt hafi farið saman, en bæjarsjóður þurft að bera kostnaðinn af þessari fyrstu sjúkrahúsdvöl á Akureyri. Hálfu ári áður hafði verið samþykkt í bæjarstjórn, „... að Páll Magnússon skuli fá að búa áfram í spítalanum til næstkomandi krossmessu eða 14. maí með þeim skilmálum sem síðar verða nákvæmlega ákveðnir“. Á þeim sama fundi hafði áður verið rædd sú hugmynd, „... að senda kvenmann þann er tekst á hendur spítalahald til



*Björn Jónsson ritstjóri Norðanfara. Samtíma-
sjáandi skrásetjara.*

– Ljósmynd í eigu Minjasafnsins á Akureyri.

Kaupmannahafnar til að læra þar á spítölum sjúkrahjúkrun ...“. [16, 17. september 1873] Þessari ágætu hugmynd var hins vegar drepíð á dreif vegna þess, að kostnaður myndi falla á bæjarsjóð og hvergi hafa fundist þess merki, að hún hafi skotið upp kollinum aftur, og það var einmitt nefndur Páll Magnússon, sem spítalanefnd gerði samning við á fyrsta bókaða fundi sínum, 4. nóvember 1873, um að hann tæki að sér spítalahald til næstu krossmessu. [17]

Þann 5. nóvember 1873 hefur því, samkvæmt orðanna hljóðan í ofangreindum bókunum, kaupstaðnum og nágrenni

hans þegar verið afhent húsið til afnota sem sjúkrahús ásamt viðbyggingum og „inventari“. Gudmann gerði í gjafabréfi sínu þá kröfu að sjúkrahúsið yrði helgað minningu föður hans, Johannis, og þannig er nafn sjúkrahússins tilkomið, J. Gudmanns Minde. Sömuleiðis að meðan hann stundaði verslun á Akureyri þá ætti fulltrúi hans sæti í stjórn spítalans. Sjálft gjafabréfið er dagsett í Kaupmannahöfn þann 18. nóvember sama ár. [18]

Næst gerist það í lækni- og spítalamálum á Akureyri, að Þorgrímur Johnsen var í apríl 1874 skipaður héraðslæknir í austurhéraði norðuramtsins og flyst til Akureyrar frá Odda á Rangárvöllum. [7, bls. 1600] En hingaðreisa hans dróst, því hann er enn ókominn þann 7. júlí 1874 þegar spítalinn var vígður með pompi og prakt af sóknarprestinum séra Daníel Halldórssyni í viðurvist landshöfðingja og annars stórmennis. [3, bls. 97] Og enn er spítalinn afhentur. Svo segir í Norðanfara, 24. júlí 1874: „... þá vígslan var um garð gengin og afhending spítalans til bæjarstjórnar, var eptir ráðstöfun hins veglynda gjafara, stórkaupmanns F. Gudmanns, haldin mikil veisla, ...“. Síðan getur blaðið um helstu höfðingja, sem boðnir voru og þeirra á meðal var „... amtm. Havstein ...“, sem er vel. Ekki getur verið um annan að ræða en Pétur Havsteen, sem lausn fékk frá embætti 1870, því það var hann sem fyrstur tók undir áðurnefnd blaðaskrif um þörfina fyrir sjúkrahús á Akureyri, og hreyfði við nýkjörna bæjarstjórn hugmyndinni um sjúkrahús á Akureyri áratug áður, þó ekkert yrði úr framkvæmdum og kennt um deilum hans við þáverandi héraðslækni, Jón Finsen. [3, bls. 97] Töfin á flutningi Þorgríms Johnsens til Akureyrar hefur greinilega valdið nokkrum titringi, af því sem lesa má í Norðanfara. Ritstjórinn skrifar sama dag og sömu frétt: „Á meðan „Fylla“⁸ dvaldi hjer, fjekk amtm. Christiansson, læknirinn af henni til að vera hjer á spítalanum vissan tíma á hverjum degi til að gegna sjúklingum; er mælt að hann þá hafi haft mikla aðsókn, ...“ og „...“

8 Fylla var danskt herskip sem lengi var við Íslandsstrendur til vörslu og aðstoðar skipum.



Pétur Havsteen amtmáður norðan og austan 1850 – 1870. Röggssamt en umdeilt yfirvald. Átti hin síðari ár við mikla vanheilsu að stríða.

– Ljósmynd í eigu Minjasafnsins á Akureyri.

höfum vjer sannspurt, að amtið hjer hafi að nýju skorað fastlega á lækni Þorgrím Johnsen að koma hingað sem allra fyrst. Það er því vonandi, að það dragist nú ekki lengi hjeðan af með komu hans hingað“. [6, 1874, tbl. 33-34] En viku áður hafði Björn ritstjóri sent Þorgrími kveðjur, þegar hann skrifaði:

Hvergi er getið um að almennar sóttir gangi, en margir einstakir eru þó sjúkir og sárir, sem sannlega þurfa læknisins við, en hann er þá enginn af hálfu hins opinbera, (undirstrikun skrasetjara) frá Hnaus-

um í Húnavatnssýslu og allt austur á Eskifjörð, því að lækurinn okkar Eyfirðinga og Þingeyinga, sem var veitt lækisembættið hjerna snemma í næstl. apríl er enn ókominn; það er sagt að hann, sem fleiri, vilji sjá konunginn, sem sjálfsagt mun mega sitja í fyrir-rúmi fyrir því að vitja hjer hinna sjúku og sáru. Það heyrir heldur ekki annað en að hlutaðeigandi háyfirvöld láti þetta afskiptalítið, þó í vetur væri gefin von um, að lækurinn kæmi hingað í vor með fyrstu skipum frá Kaupmannahöfn. [6, 1874 tbl. 35-36]

Undirstrikunin í ofangreinda tilvitnun er gerð þar sem skrá-setjari túlkar hana þannig, að vísað sé til Ólafs Thorarensen, lækis og bónda, sem enn var á lífi á bújörð sinni, Hofi í Hörgárdal, og að því best er vitað eini lækismenntaði maðurinn í Eyjafirði, eftir að Þórður dó, og að hann hafi enn verið að sinna lækningum meðfram búskap. Hvernig heilsu hans var háttað er ekki vitað, en hæpið verður að telja að hann, þá 79 ára gamall, [7, bls. 1217] hafi getað sinnt sjúklingum á sjúkrahúsi á Akureyri, þó svo að hann hafi ef til vill enn getað liðsinnt þeim, sem höfðu heilsu til að sækja hann heim.

Hins vegar er ekki að sjá, að lækisleysið hafi valdið áhyggjum hjá spítalayfirvöldum. Nafn Þorgríms⁹ kemur fyrst fyrir í gerðarþókum spítalanefndar 5. janúar 1875, þegar skráð er „*Samið við lækur um að hann sem lækur við spítalan feingi (svo) 50 rdl árlega, sem reiknast frá 1st sept. þ. (?) a. Ennfremur var leiga fyrir herbergi það sem lækur Johnson hefur haft á spítalanum væri 2^{sk} mánaðarlega*“. [17]

Við þessa bókun þarf að gera þær athugasemdir, að „þ“-ið sem hér er sett spurningamerki við gæti líka lesist sem „f“, og væri þá auðskiljanlegt, en ef þarna er átt við 1. september 1875 gæti það beinlínis bent til þess að árslaunin væru greidd

9 Þorgrímur Ásmundsson Johnsen f. 1838, d. 1917. Prestsonur frá Odda á Rangárvöllum, lauk læknaþrófi frá Höfn í ársbyrjun 1868. Skylduvinna í Kaupmannahöfn og Hróarskeldu frá hausti það ár til síðsumars 1869, einmitt þegar sóttvarnir Listers voru að ryðja sér braut á sjúkrahúsum í Danmörku. Til eru heimildir um, að Þorgrími var vel ljós máttur karbolsýrunnar, þótt honum tækist aldrei að ná tókum á sóttþreinsunartæki, sem rak á fjörur hér á Akureyri ári eftir komu hans hingað. [21, bls. 6]



Ólafur Thorarensen. Ólafur lauk prófi frá læknadeild Hafnarháskóla 1819. Honum stóð búskapur nær hjarta en lækningar, en stundaði þær þó meðfram búskap í Eyja-firðinum, fyrst á Espihóli en lengst af á Hofi í Hörgárdal, þar sem hann lést 1879 85 ára gamall.

– Ljósmynd fengin úr Læknar á Íslandi, 2000.

eftir á, sem vel gat verið. Hin athugasemdin er við skild-ingana. Táknið sem stendur að baki tölunni 2 er ólæsilegt og verður að gera ráð fyrir, að um skildinga sé að ræða. Ríkis-dalur, sem aðeins skiptist í skildinga, er aldrei táknður í þessari heimild með þessu tákni, og um spesíu getur ekki

verið að ræða. En á hinn bóginn verður að jástast, að ef um skildingaleigu var að ræða hefur Þorgrímur náð góðum samningum. Í einum ríkisdal voru 96 skildingar, svo ársleiga á herberginu hefur aðeins numið fjórðungi úr ríkisdal. Næst kemur nafn Johnsens fyrir í gerðabók spítalanefndar ári síðar, 8. janúar 1876. Þá skrifar hann undir fundargerð, en áður er þess þó hvergi getið, að hann hafi tekið sæti í stjórninni. Því má bæta við hér, að Þorgrímur flutti úr þessu spítalaherbergi haustið 1878, [17, 29. jan. 1879] og hefur þá væntanlega verið búinn að festa kaup á húsi¹⁰ í gilinu neðarlega enda þá búinn að fastna sér konu, og þurft meira umleikis. [7, bls. 1600]

Þorgrímur sjálfur gefur skýringu á fjarveru sinni í fyrstu ársskýrslu hans frá Akureyri. Hún nær aðeins yfir fjóra og hálfan síðustu mánuði ársins 1874. Þar segir í þýðingu skrásetjara:

Ég settist í núverandi embætti mitt þann 15. ágúst, þar sem enginn hafði verið skipaður til að taka við mínu fyrra embætti, og hafði ég þar marga sjúklinga, sem ég gat ekki yfirgefið án þess að koma þeim í hendur fagmanns. Auk þess streymdu suður stöðugar fréttir af viðvarandi góðu heilbrigði í þessu læknishéraði, sem mér hefur allra-nádugast verið trúað fyrir. [19]

Svo mörg voru þau orð, einber skyldurækni olli töfinni en hvorki Kaupmannahafnarför né konungsfundur.

En hvers konar starfsemi fór þá fram í húsi þessu meðan enginn var læknirinn til að huga að sárum og sjúkleika vistmanna? Þess er áður getið, að spítalanefnd gerði á fyrsta

10 Klemens Jónsson vill meina, að þetta hús hafi verið svonefndur Lilliendahlsbær, [3 bls. 65] sem Jón Hjaltason dregur í efa. Hann telur það hús hafa staðið þar sem nú er Lækjargata 3, en að Þorgrímur hafi eignast annað hús, sem stóð á milli núverandi Aðalstrætis 8 (hornhúsið sunnan gilsins) og Lækjargötu 3. Það hús brann 1901, ásamt fleiri húsum og var þá komið í eigu séra Geirs Sæmundssonar, síðar vígslubiskups, og vitnar Jón því til sönnunar í bréf Jóhannesar Halldórs-sonar til bróður síns séra Daniels, þar sem hann lýsir brunanum og afleiðingum hans. [20]



*Þorgrímur Johnsen. Honum var fljótlega fyrirgef-
in töfin, öðlaðist vinsældir og virðingu. Af skrifum
Guðmundar Hannessonar [Stefnir 1898, tbl. 2 og
Læknablaðið 1917, tbl. 8] má ætla, að Þorgrímur
hafi verið hæglátur maður, hógværðin holdi klædd
og séntilmaður fram í fingurgóma.*

– Ljósmynd í eigu Minjasafnsins á Akureyri.

fundi sínum, 4. nóvember 1873, samning við Pál Magnússon um spítalahald. Þar er getið um, að honum sé skylt að taka á móti sjúklingum þegar spítalastjórn og hlutaðeigandi læknir mæli fyrir um og að hann skuli halda dagbók yfir hvern sjúkling en læknir votti vikulega, að rétt sé fært. Af þessu má ráða, að menn hafi gert ráð fyrir talsverðri starfsemi, en hvergi er að finna bókanir eða skráningar um rekstur spítal-

ans í fundargerðum frá þessum tíma og reikningar sjúkrahússins frá sömu tímum hafa ekki fundist, en í þeim mætti helst vænta þessara upplýsinga. Þorgrímur varpar nokkru ljósi á málið. Eftir að hafa rætt um heilbrigðisástand héraðsbúa almennt og gert grein fyrir helstu sjúkdómum og handlækningum sínum, segir hann í ársskýrslunni (aftur í þýðingu skrásetjara):

Sjúkrahúsið hér á Akureyri, sem grósseri F. Gudmann í Kaupmannahöfn hefur af veglyndi sínu gefið bænum var tekið í notkun mánuði áður en þáverandi héraðslæknir Tómasson dó, þegar fyrsti sjúklingurinn var lagður inn. Hann þjáðist af ígerð í læri og lá allan veturinn á sjúkrahúsinu og það var ekki fyrr en líða tók að vori, sem hægt var að útskrifa hann. Í byrjun nóvember [1873], (*innskot skrásetjara*) var annar sjúklingur tekinn á sjúkrahúsið. Samkvæmt greiningu þáverandi spítalahaldara, P. Magnússonar sem nú er látinn, þjáðist sá af gigtsótt. Hann á að hafa legið mestan hluta vetrar á sjúkrahúsinu, en raunar undir lokin inni á einkaherbergi spítalahaldara. Í lok apríl var svo lagður inn sjúklingur, sem á að hafa þjáðst af þarmalömun og dó eftir 3 daga dvöl. Þessir þrír sjúklingar fengu þannig meðferð áður nefnds P. Magnússonar, sem lengi hefur fengist við lækningar, reyndar einungis sem homópati. Þar sem hann var aðeins ráðinn spítalahaldari til bráðabrigða flutti hann út í byrjun júní og maddama Örum, sem ráðin hafði verið sem eftirmaður hans, flutti inn. Þá lá enginn sjúklingur á sjúkrahúsinu. Það var ekki fyrr en 17. júní, að sjúklingur af einu fiskiskipanna var tekinn á sjúkrahúsið með ígerð í framhandlegg, sem spítalahaldari batt um þar til herskipið Fylla kom hingað og hr. Mörk skipslæknir tók að sér daglega umönnun sjúklings á meðan skipið lá í höfn. Eftir að það sigldi brott tók maddama Örum aftur við umönnun, en nú samkvæmt fyrir-mælum herra Mörks. Þegar ég kom til starfa um miðjan ágúst var þessi sami sjúklingur enn á spítalanum. [19]

Þó svo að tímalengdin frá „viðtöku“ NN á spítalann til dauða Þórðar í ofanskráðri tilvitnun stangist á við upplýsingar, sem fram hafa komið áður er engin ástæða til annars en trúu upplýsingum Þorgríms um sjúklinga, sem komu á spítalann og sjúkdóma þeirra, áður en hann kom til starfa.

Að öllu þessu athuguðu er það skoðun skrásetjara, að ekki sé hægt að telja eiginlega sjúkrahústarfsemi hafa byrjað á Akureyri fyrr en síðsumars 1874, þegar læknir kemur þar til daglegra starfa, og varla ástæða til að halda öðrum dagsetningum en 15. ágúst 1874 á lofti. Þótt afhending gjafarinnar hafi farið fram allt að 10 mánuðum áður, getur hún ekki hafa komið að tilætluðum notum fyrr, vegna skyndilegs fráfalls Þórðar læknis, þó svo fjórir sjúklingar hafi komið þar til umönnunar, vegna skorts á öðru skárri. Enda eykst starfsemin umtalsvert eftir komu Þorgríms, t.a.m. sexfaldast meðaltal sjúklinga á mánuði. [19]

Þorgrímur lýkur ársskýrslu sinn á svohljóðandi hátt:

Að teknu tilliti til stærðar og tilgangs er sjúkrahúsið hæfilega búið húsmunum og áhöldum til hjúkrunar, en fyrirkomulag sjúkrastofnanna og sér í lagi baðaðstaðan, er á þann veg að maður leyfir sér að vona að verði lagað með tímanum. [19]

Teikningar Jóns Stefánssonar að húsinu eftir breytingar, sem gerðar voru í upphafi eru ekki lengur til og sú eina grunnmynd, sem til er af fyrirkomulagi í húsinu er frá 1897, og sýnd er á þessum blöðum, er sú sem Guðmundur Hannesson gerði að spítala þeim sem þá var í smíðum og efri hæð þess gamla. Ef hún prentast vel má sjá hvílík gífurleg framför hefir verið að nýja spítalanum miðað við borulega aðstöðu í þeim gamla. Hverjar breytingar hafa orðið á hæðinni á þeim aldarfjórðungi, sem sjúkrahúsið hafði verið í notkun þegar Guðmundur teiknaði er ekki vitað, en margsinnis er þess getið í fundargerðum, að rætt hafi verið um breytingar og lagfæringar á húsinu, en aldrei tekið fram hvað gert var eða átti að gerast. Þessi mynd er því engan veginn í samræmi við það sem áður hefur komið fram, þar sem í upphafi var gert ráð fyrir 8 sjúkrarúmum.

Á teikningunni eru 3 sjúkrastofur með samtals 10 sjúkrarúmum, en tvö til viðbótar í suðvestur herbergi (neðan til vinstri), sem einnig er aðstaða „hjúkrunarstúlku“. Auk þessa

urnar. Hugsanlega hefur norðvestur stofan verið stækkuð til suðurs og þá hefur styttri leið eftir miðri hæð horfið endanlega.

Niðri bjó spítalahaldarinn með fjölskyldu sinni og ekki fyllilega ljóst hvernig herbergjaskipan þar var háttað. Í samningi við spítalahaldara frá 4. nóvember 1873 segir svo:

a. til eigin nota hefir hann norðausturstofu, kamers í norðvestur horninu, búr, eldhús, kjallara, efra loftið með tveimur herbergjum, heyhliðu, fjós, svarðarhús, þvottahús og þurrkloft, allt þetta án þess þar fyrir að borga nokkra leigu. ... Fyrir afnot húsanna í sumar og suðvesturstofunnar í vetur borgar hann 10 rdl. b. Hann fær borgun fyrir fæði sjúklinga í vetur.

Síðan koma „*bráðabirgðareglur fyrir forstöðumann spítalans*“ í átta liðum.

Þar er fátt markvert annað en honum er í 5. lið skylt að „... *sjá sjúklingum fyrir fæði og þjónustu, hita herbergin og leggja ljós til eptir því sem læknirinn mælir fyrir*“. Í 7. lið er talað um að ákveða dag til lauga fyrir utanspítalamenn en ekkert getið um gjald fyrir, aðeins, „... *að gjalddkeri hafi deginum áður látið hann vita hvað margir ætla að taka laug og á hvaða tíma*“. Það er ekki fyrr en hálfu öðru ári síðar, sem gjaldskrá fyrir þessa þjónustu er bókfærð, og er þá líka búið að skipta um mynt: „*Heitt sjóbað 2 krón (svo), heitt bað vissan dag í viku, 1 króna, fyrir sjerstakan dag í viku 1 kr. 50 aura. Steypibað 50 aura. Af borguninni fyrir sjerstakt heitt bað fær spítalinn 30 aura af hinum öðrum böðum 20 aura*“. [16, 7. maí 1875] Og 8. liðurinn kveður m.a. á um, að honum sé skylt „... *í stórhálakum sjá um að snjóvatnið úr brekkunni renni annað hvort út eða suður*“. [17]

Með „*efra loftið með tveimur herbergjum*“ er líklegt, að átt sé við risið á húsinu, sem vel er manngengt í miðju og þrjár gluggaborur, sem eru á suðurstafni hússins inn á risloftið geta bent til þess, að þar hafi verið undir súð lítil herbergi, sem þó höfðu á vetrum ekki aðra upphitun en velgju af skor-

steininum, þegar hlóðir voru kyntar á neðri hæðum. Þá hefir þurrkloftið væntanlega verið í norðurhluta rissins.

Sjúklingafæðin hefur væntanlega valdið því, að Páll segist ekki geta haldið rekstri áfram fyrir þau hlunnindi og laun sem samist hafi um og hann hættir sem spítalahaldari um fardaga 1874 og er úr sögunni. Þá tekur við spítalahaldi áðurnefnd kona, Jóhanna María Örum, f. Lilliendahl, 61 árs ekkja eftir smákaupmann í gílinu, og ætíð er nefnd maddama Örum. Hún hélt spítalann til dauðadags 1876. Svo virðist sem hún hafi gengið inn í samning Páls við spítalanefnd til að byrja með en í lok ágúst sama ár er bókað: „... að hún með 50 rdl launum árlega auk húsnæðis tekur að sjer hirðingu og alla umsjón sjúklinganna í spítalanum gegn 40 skildinga borgun daglega fyrir hvern sjúkling og er í þeirri borgun innifalinn ofnhiti og ljósbirta á vetrum“. Síðar á sama fundi voru þessir 40 skildingar hækkaðir í 48 og þar í væri allt innifalið að undanteknum meðölum. [17, 29. ágúst 1874] En þá er líka Þorgrímur kominn, starfsemin að aukast og í maí 1875 eru ákveðin vökulaun. Þá eru vökukonu ætluð 15 aurum lægri laun fyrir nóttina en vökukarli, sem ákveðnir voru 65 aurar fyrir nóttina. [17, 7. maí 1875]

Búið er að nefna hesthús og baðhús, svarðargeymslu, fjós og heyhlöðu sem viðbyggingar þegar gjöfin var afhent og gera verður ráð fyrir að einhverja líkgeymslu hafi þurft við spítalann. Líklegt er þó að einhver gripahús hafi verið fyrir, því menn héldu sínar kýr, en engin mykjuþró er nefnd. Finsen, meðan hann bjó í húsinu, hafði enga slíka heldur haug norðan við húsið, hvort sem læknishjónin söfnuðu þar kúamykju eða hrossataði, og í honum nam rabarbarinn land í Eyjafirði. [2, bls. 101] Haugurinn hefur sennilega verið áfram, því það er ekki fyrr en 1875 sem bygginganefnd samþykkir gerð mykjuþróar, en klofnar yfir staðsetningu hennar. Meiri hluti nefndarinnar ákvað að þróin skyldi vera austan við fjósið, þ.e. meðfram götunni, en minni hluti vildi hafa hana í hvarfi, vestan megin gripahúsanna, og lýsir það enn framsýni Friðbjarnar Steinssonar. [10, 9. sept. 1875]

Á ýmsu gekk með spítalarekstur hin fyrstu ár, og ekki var gróði á fyrirtækinu öll árin, eins og títt hefur verið með slíkar stofnanir á Íslandi. Spítalastjórn þurfti því oftsinnis að stíga krappan dans til að ná endum saman, og voru þó sjaldnast neinir aukvisar þar innan borðs. Sú saga liggur utan tíma-ramma þessa pistils, en áður en lokið er við að segja sögur af mönnum og húsum skal getið bókunar í fundargerð spítala-nefndar frá 16. desember 1879. [17]

Þar eð kaupmaður F. Gudmann er dauður kom til umræðu það spursmál hvort Factor sá sem hjer eftir veitir forstöðu verzlun þeirri sem nefnd er F. Gudmanns verzlun skuli eftirleiðis vera sjálfsagður í spítalastjórnina. Var það álit meiri hlutans að úr því Gudmann væri dauður væri forstjóri verzlunarinnar ekki lengur hans fulltrúi, og væri því ekki lengur sjálfsagður í stjórn spítalans.

Menn kváðu fast að orði og voru rökfastir í þá daga. Rétt er að minnst þess, að Steincke var horfinn brott af landinu löngu áður en þetta er ritað, og faktor Gudmanns hefur, er hér var komið sögu, verið Eggert Laxdal.



Mér er ljúft að þakka eftirtöldum aðilum, en án þeirra hjálpar hefði greinin aldrei orðið til: Skjalavörðunum Aðalbjörgu Sigmarsdóttur og Láru Ágústu Ólafsdóttur við Héraðsskjalasafnið á Akureyri svo og Jóni Torfasyni Þjóðskjalasafni þakka ég endalaus þolinmæði og hjálpsemi við að finna fram frumgögn. Þá stend ég í þakkarskuld við Jón Hjaltason, sagnfræðing, fyrir uppörvandi ráð og hvatningu. Loks eru þeim Ragnheiði Kjærnested, bókasafnsfræðingi við fagbókasafn Sjúkrahússins á Akureyri og Bernharð Haraldssyni, fv. skólameistari, færðar þakkir, en þau lásu handrit greinarinnar og bentu mér á ýmislegt, sem betur mátti fara.

Heimildir

1. Norðri 1853. 3. og 4. tbl.
2. Jón Hjaltason. Saga Akureyrar 2. bindi. 1863-1905. Akureyrarbær 1994.
3. Klemens Jónsson. Saga Akureyrar. Akureyrarkaupstaður 1948.
4. Haraldur Sigurðsson. Saga leiklistar á Akureyri 1860-1992, bls. 3-7. Akureyri, Leikfélag Akureyrar 1992.
5. Benjamín Kristjánsson. Eyfirðingabók II, bls. 153. Akureyri, Bókaforlag Odds Björnssonar 1970.
6. Norðanfari.
7. Gunnlaugur Haraldsson. Læknar á Íslandi, Reykjavík, Þjóðsaga 2000.
8. Jón Hjaltason. Saga Akureyrar 890-1862. Akureyrarbær, 2. prentun 2000.
9. Steingrímur Matthíasson. Sjúkrahúsið á Akureyri. Eimreiðin. 27. ár, 1921. Prentsmiðjan Gutenberg Reykjavík 1921.
10. Fundargerðabók bygginganefndar Akureyrar, 1857-1902. HskjAk A 26/1.
11. Fritz Alten. Bréf dags. 23. sept. 1989 til Jóns Hjaltasonar, Akureyri, sem gaf mér afrit og leyfði mér góðfúslega afnot af því.
12. Guðlaugur Arason. Gamla góða Kaupmannahöfn. Salka Reykjavík 2005.
13. Jón Hjaltason: Um uppruna gömlu húsanna í Fjörinni. Athugasemdir við bók Hjörleifs Stefánssonar: Akureyri Fjaran og Innbærinn Byggingarsaga. Sútur, norðlenskt tímarit XIX. árg. 32. hefti. Sögufélag Eyfirðinga 1992.
14. Hjörleifur Stefánsson. Akureyri Fjaran og Innbærinn. Byggingasaga. Reykjavík, Torfusamtökin 1986.
15. Þjóðskjalasafn Íslands. Sýslumaðurinn á Akureyri. C/10, nr. 3.
16. Fundargerðabók bæjarstjórnar Akureyrar 1867-1879. HskjAk A 25/2.
17. Gjörðabók stjórnar spítala á Akureyri, „Gudmanns Minde“. HskjAk A 130/2.
18. Gjafabréfið. HskjAk A 130/9.
19. Þorgrímur Johnsen. Medicinal Indberetning for Nord og Østamtets nordlige Lægedistrikt fra 15. Augusti 1874-1. Januari 1875. Skjalasafn landlæknis, Þjóðskjalasafni Íslands, Ársskýrslur héraðslækna 1875.
20. Jón Hjaltason. Tölvusamskipti milli hans og skrásetjara í apríl 2012.
21. Magnús Stefánsson. Stiklað á stóru í sögu sjúkrahúsa á Akureyri. Akureyri, FSA 2004.

SIGURJÓN VILHJÁLMSOON

Ameríkuævintýri frá 1945

Námsferð eins Suðurnesjmanns og fimm Eyfirðinga

Sigurjón Vilhjálmsón fæddist í Reykjavík 1925, elstur fimm systkina. Hann flutti barn að aldri með foreldrum sínum, Hólmfríði Oddsdóttur og Vilhjálmi Hinriki Ívarssyni að Merkinesi í Höfnum. Eftir nám í Bandaríkjunum starfaði hann við flugvirkjun, aðallega á Keflavíkurflugvelli. Einnig starfaði hann við eftirlit með eldsneyti flugvéla og afgreiðslutækja á vegum Oliufélagsins og síðar umsjón með rannsóknarstofu fyrir flugvélaeldsneyti fyrir herinn. Sigurjón sá um



tíma um sölu á efnavörum fyrir Oliufélagið Skeljung. Síðar setti hann á stofn eigið fyrirtæki, G. Arnórs ehf. sem hefur selt efnavörur. – Myndin er vegabréfsmynd af Sigurjóni frá 1945.

Um mitt ár 1945, þegar ég var tvítugur, kannaði ég möguleika á að komast til náms í flugvirkjaskóla í Bandaríkjunum. Eftir nokkra leit, fékk ég jákvætt svar frá Cal-Aero Technical Institute í Glendale í Kaliforníu. Þar sem þessi skóli var viðurkenndur af íslensku flugmálastjórninni, var ekkert því til fyrirstöðu, af hálfu yfirvalda, að gefa tilskilin leyfi til ferðarinnar. Mikill tími fór í að afla hinna ýmsu gagna, sem bandaríska sendiráðið þurfti, til að hleypa mér inn í landið, en allt tókst þetta á endanum og í október, sama ár, stóð ég tilbúinn til fararinnar. Sigurður Erlendsson, frá Ísafirði, hafði gefið mér góðar upplýsingar um skólann, áður

en hann fór til náms í Cal-Aero, tveimur mánuðum á undan mér. Hugði ég gott til glóðarinnar að hitta hann þegar vestur kæmi, því ég vissi ekki um aðra Íslendinga í skólanum.

Þegar ég beið eftir fari til Kaliforníu, hélt ég til hjá frænda mínum á Vesturgötu 37 í Reykjavík. Laugardaginn 13. október var ég á göngu niðri í miðbæ, er ég hitti fyrir tilviljun skólasystur mína frá Laugarvatni, Sigrúnu Sigtryggisdóttur frá Svalbarðseyri og sagði henni frá fyrirhugaðri ferð minni í flugvirkjaskólann. Spurði hún mig þá hvort ég væri búinn að hitta strákana. Ég kom af fjöllum og spurði hvaða stráka hún væri að tala um. Sagði hún mér þá að fimm strákar, frá Akureyri, væru niðri á Hótel Vík, bíðandi eftir flugfari til Ameríku og færu í sama skóla. Ég þakkaði henni fyrir upplýsingarnar, kvaddi og fór beint niður á Hótel Vík. Þar var mér vísað til herbergis efst uppi á lofti, undir súð, þar sem ég hitti þá félagaga. Þetta voru Aðalmundur Magnússon¹, Ásgeir G. Samúelsson², Finnur Björnsson³, Kristinn Magnússon⁴ og Sigurpáll Guðlaugsson⁵. Þeir voru jafn hissa og ég var, því þeir höfðu ekki haft hugmynd um tilvist mína fremur en ég

1 Aðalmundur Jón Magnússon fæddist í Litla-Dal í Saurbæjarhreppi, nú Eyjafjarðarsveit, sunnudaginn 23. ágúst 1925. Hann lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 1. júlí 2009. Foreldrar hans voru Magnús Jón Árnason járnsmiður, f. 18. júní 1891, d. 24. mars 1959, og Snæbjörg Sigríður Aðalmundardóttir húsmóðir, f. 26. apríl 1896, d. 27. mars 1989.

2 Ásgeir Samúelsson fæddist á Akureyri 29. ágúst 1926. Hann lést á heimili sínu í Reykjavík 1. ágúst 1995. Alltaf kallaður Addi Sam. Veit ekkert meira um hann nema að hann átti bróður sem heitir Viðar og er prentari.

3 F. 14. júlí 1925. Sonur Björns Sigmundssonar og Guðrúnar á Akureyri. Finnur var alltaf kallaður Bassi af fjölskyldu og kunnugum. Býr nú ekkjumaður í Reykjavík.

4 Ég hef ekkert fundið um Kristin Magnússon, en hann vann hjá Flugfélagi Íslands og síðar Flugleiðum mestan starfstíma sinn í Kaupmannahöfn. Hann gekk alltaf undir nafninu Gósi. Að mér skilst var hann kvæntur danskri konu. Hann dó fyrir ekki mjög löngu síðan.

5 Kristján Sigurpáll Guðlaugsson var fæddur á Ytra-Hóli í Öngulsstaðahreppi 11. maí 1923. Hann lést á heimili sínu í Reykjavík 7. mars 2000. Kristján Sigurpáll var næstýngstur átta barna hjónanna Sigríðar Jónsdóttur, húsmóður og kennara, og Guðlaugs Sigmundssonar, bónda og landpósts. Sigurpáll Guðlaugsson vann hjá Flugleiðum alla sína starfsæfi. Var þekktur undir nafninu Palli snúður, að mér skildist vegna þess að hann var sendisveinn í bakarii á Akureyri á gamla daga.

RESTRICTED																														
U.S.A.A.F. AIR TRANSPORT COMMAND		X 394904																												
PRIORITY IDENTIFICATION NO. II-UE-4-914-PAY	STATION ISSUING Meeks Field, Iceland	REVENUE																												
NOT TRANSFERABLE—ISSUED TO (PRINT PASSENGER'S NAME) Vilhjalmsson, Sigurjon	DATE ISSUED 14 October 1945																													
NOT GOOD FOR PASSAGE		ROUTE—AUTHORIZED STOPOVERS—REMARKS None																												
FROM Meeks Field, Iceland	TO United States	FARE \$ 408 00	CHARGES None																											
SUBJECT TO CONDITIONS OF PASSAGE ON REVERSE SIDE		U. S. TAXES None	<table border="1"> <thead> <tr> <th colspan="3">TRIP CHECK</th> </tr> <tr> <th>FROM</th> <th>TO</th> <th>VERIFIED BY</th> </tr> </thead> <tbody> <tr><td> </td><td> </td><td> </td></tr> <tr><td> </td><td> </td><td> </td></tr> <tr><td> </td><td> </td><td> </td></tr> <tr><td> </td><td> </td><td> </td></tr> <tr><td> </td><td> </td><td> </td></tr> <tr><td> </td><td> </td><td> </td></tr> <tr><td> </td><td> </td><td> </td></tr> </tbody> </table>	TRIP CHECK			FROM	TO	VERIFIED BY																					
TRIP CHECK																														
FROM	TO	VERIFIED BY																												
NO. PIECES BAGGAGE 1	PASSENGER'S WEIGHT 140	INITIAL EXCESS BAGGAGE None																												
AUTHORIZED BAGGAGE WEIGHT 65/ ac 27	INITIAL EXCESS BAGGAGE WEIGHT None	U. S. TAXES None																												
GOVERNMENT AGENCY TO BE CHARGED—NO CASH REFUND IF ENTRY HERE		OTHER CHARGES None																												
GOVERNMENT TRANSPORTATION REQUEST NO.		TOTAL \$ 408 00																												
ISSUED BY: ATC-PT-41A		SIGNATURE 12-1-44																												

PASSENGER'S RECEIPT

Flugmiðinn frá Meeks Field-flugvelli í Keflavík til Ameríku.

um þeirra. Þeir félagar voru allir á svipuðum aldri og ég – og því færir í flestan sjó.

Þann 14. október vorum við boðaðir á lögreglustöðina í Reykjavík, þar sem vegabréf okkar voru stimpluð og okkur þar með veitt fararleyfi úr landi. Við fórum í bíl frá hernum, en með íslenskum fararstjóra, sem hafði veg og vanda af því að koma okkur suður á Meeks-flugvöll, sem seinna var nefndur Keflavíkurflugvöllur. Þegar þangað kom, reyndist ekki vera pláss fyrir okkur í flugvélinni til New York, en það var fyrsti viðkomustaður á þessari löngu leið okkar. Var okkur þá komið fyrir á Hotel De Gink, á flugvellinum, þar sem við skyldum gista. Við vorum að sjálfsögðu vonsviknir yfir þessu, því við höfðum takmarkaðan tíma til að koma okkur í skólann, þangað þurftum við að vera komnir fyrir skólasetningu 24. október. Þetta var herbraggabygging með nokkrum ranghölum þar sem herbergin voru. Okkur var úthlutað tveggja manna herbergjum og urðum við Finnur Björnsson herbergisfélagar. Allt þarna var hreint og þokkalegt, en nokkuð þröngt. Við fengum nógan mat, en allt var

þetta á vegum hersins, okkur að kostnaðarlausu. Þarna biðum við í þrjá daga eftir flugi og að vonum orðnir nokkuð óþreyjufullir að komast af stað vestur um haf.

Að morgni fjórða dags, var okkur loks tilkynnt um brottför vélar, sem við gætum komist með, til New York. Við fórum í flugstöðina með farangur okkar og skilríki, en við vorum skráðir í flug númer 4-914, með flugvél af gerðinni Skymaster C-47. Þessi vél var nánast óinnréttuð, bekkir með strigafléttum meðfram endilöngum veggjum fyrir farþega, en farangri og vörum staflað mitt á gólfið, eftir endilangri vélinni. Margir farþegar voru með í för, mest hermenn sem voru að fara heim úr stríðinu, en í Íslendingahópinum höfðu bæst við tvær stúlkur, þær Sybil Kamban og Guðríður Þ. Þorvarðardóttir, en hún fórst í flugslysinu í Héðinsfirði 1947.

Þarna hófst hin ævintýralegasta ferð. Við flugum í 8.000 feta hæð og fengum óskaplegan mótvind. Eftir sjö og hálfa klukkustund á flugi, var lent á Gander á Nýfundnalandi og vafalaust var lítið eftir af eldsneyti í geymum vélarinnar. Við vorum fegin að komast niður á jörðina aftur, eftir hristinginn og hávaðann um borð. Okkur var boðið inn í flugstöðina, þar sem við fengum kærkominn mat, sem var í okkar huga eins og veislumatur, en ekkert var til matar í flugvélinni nema samlokur og kaffisopi. Ekki var stansað lengi í Gander, heldur haldið áfram til New York. Upphófst aftur sama streðið að komast áfram og eftir fjórar og hálfa klukkustund var svo lent á La Guardia-flugvelli N.Y.

Greiðlega gekk að komast inn í landið og að fá farangur okkar, svo stuttu síðar stóðum við öll átta fyrir utan flugstöðina, þaðan sem við tókum tvo leigubíla til að aka okkur á eitthvert hótél í borginni. Bílstjórnarnir ráku upp stór augu, þegar við nefndum gistingu á hóteli, því allt væri upppantað í New York. Þeir sögðu okkur að herinn hefði tekið allt hótélpláss fyrir sitt fólk, sem streymdi heim úr stríðinu. Þar með var ákveðið að fara í íslenska konsúlatið, sem var til húsa á Manhattan. Þeir hlytu að geta bjargað okkur um hótélgistingu eina nótt. Í mikilli bjartsýni var farið þangað, en ekki

höfðum við erindi sem erfiði, því það var komið fram á kvöld og búið að loka öllum skrifstofum. Þarna stóðum við átta saman og reyndum að upphugsa einhver ráð, þegar Finnur Björnsson náði í lítinn miða úr vasa sínum og sagði:

„Hann pabbi lét mig hafa þetta símanúmer, ef ég lenti í einhverjum vandræðum hérna.“

Hann dreif sig svo í næsta almenningssíma og hringdi í númerið. Þar var svarað og Finnur spurði um Gunnar Páls-son⁶, sem var ættaður frá Hrísey. Maðurinn í símanum sagðist vera á skrifstofu Gunnars, en koma þangað á hálfmánaðar fresti, í klukkustund í senn, til að fara yfir bókhald fyrirtækis-
ins. Maðurinn lét Finn fá heimanúmer Gunnars, sem hann sagði að byggi úti á Long Island, en þangað væri nokkuð langt að fara. Finnur hringdi strax í Gunnar, sem svaraði, og tjáði honum málavexti. Gunnar spurði einungis:

„Hvað eruð þið mörg? – Hvar eruð þið? – Ég sendi mann, látið bílana fara!“

Við fórum eftir þessu og biðum þarna á gangstéttinni fyrir framan konsúlatið, að mér fannst óralengi. En langt finnst þeim sem bíður, segir máltækið. Allt í einu gekk til okkar maður og spurði á íslensku hvort við værum Íslendingar. Við kváðum svo vera og bað hann okkur að fylgja sér, því Gunnar hefði beðið hann um að fylgja okkur heim til sín, út á Long Island. Hann leiddi hópinn síðan niður í næstu neðanjarðar-
stöð, aðstoðaði okkur við að kaupa farmiða með lestinni og í henni skröltum við langar leiðir á órahraða, þar til hann sagði okkur að við færum út á næstu stöð. Hann fór út og við á eftir, eins og ungar á eftir ungahænu. Eftir góðan

6 Gunnar fæddist þann 28. desember 1911 í Ólafsfirði en lézt 13. nóvember 1976 í Reykjavík. Foreldrar hans voru hjónin Svanhildur Jörundsdóttir og Páll Bergsson. Á barnsaldri Gunnars fluttist fjölskyldan til Hríseyjar, þar sem Páll Bergsson gerðist um-
svifamikill athafnamaður og atvinnurekandi. Ólst Gunnar þar upp allt til fullorðinsára í stórum hópi systkina. Hann var síðar skrifstofustjóri Fiskimálasjóðs. Ingileif Bryndís Hallgrímsdóttir, fyrrverandi stjórnarformaður Nóa-Síríuss, andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni hinn 29. maí 2007, 87 ára að aldri. Ingileif fæddist 10. nóvember 1919 í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll í Reykjavík. Hún giftist 22. maí 1948 Gunnari Pálssyni frá Hrísey.

spöl leiddi hann okkur að stóru húsi, sem hann sagði að þau Pálsson's-hjón byggju í. Mér fannst maðurinn hverfa frá okkur við þetta, en ég hef því miður enga vitneskju um hver hann var. Þau hjón stóðu úti á tröppum þegar við komum og buðu okkur velkomin til sín. Eins og áður sagði, vorum við átta saman, og þegar inn var komið var okkur boðinn góður kvöldverður og síðan voru uppbúin rúm fyrir okkur til að sofa í um nóttina. Við vorum hvíldinni fegin eftir þessa löngu og erfiðu ferð yfir hafið, og nokkrar áhyggjur vegna gistingar, sem Gunnar og kona hans leystu svo farsællega.

Eftir góðan morgunverð, fórum við öll með Gunnari á skrifstofu hans á Manhattan, þar sem hann gekk frá ýmsum málum. Sybil fór til Washington, en Guðríður áleiðis til háskólans í Minneapolis. Við vorum á skrifstofu Gunnars á meðan hann og skrifstofustúlkan könnuðu eftir bestu getu hvernig hægt væri að finna far fyrir okkur til Los Angeles. Fljótlega kom í ljós að allt flug var löngu upppantað, sama var að segja um járnbrautarferðir, svo ekkert var eftir fyrir okkur nema rútan. Bílferð í fjóra sólarhringa, til áfangastaðar okkar. Það var ekki um neitt að velja.

Við urðum að bíða kvöldsins, eftir að áætlunarbíllinn færi af stað. Gunnar sýndi okkur það helsta á Manhattan-eyju og þegar degi tók að halla, fór hann með okkur á dýrindis veitingastað og bauð okkur öllum í mat. Þegar tími var kominn, fór hann með okkur á rútustöðina, aðstoðaði okkur við að kaupa farmiða alla leið yfir meginland Ameríku og leiðbeindi okkur síðan í bílinn. Hann var þarna og veifaði þegar bíllinn rann af stað í vesturátt.

Á þessum tíma vorum við ekki kvíðnir, þótt fjögurra sólarhringa ferð væri framundan og stuttu eftir að bíllinn fór af stað, vorum við annaðhvort farnir að dotta eða steinsofnaðir. Farið var um allar helstu stórborgir Ameríku, stansað á fyrirfram ákveðnum stöðum, nægilega lengi í einu til að hreyfa sig og nærast. Þótt þokkalega færi um okkur í bílnum, varð maður slæptur og áhugalaus af tilbreytingarleysi sléttunnar. Í Las Vegas var áð til að borða og þegar við vorum

að tínast aftur út í rútuna, setti Kristinn 25 sent í eina peningavélina, skellti handfanginu niður – og viti menn, hann fékk stóra vinninginn. Hann var nokkuð handfljótur að tina saman aurana, en þurfti hjálp okkar, því bílstjórinn var farinn að ókyrrast og hótaði að skilja okkur eftir ef við kæmum ekki strax í áætlunarbílinn.

Ekki man ég eftir neinu sérstöku eftir þetta atvik, þar til við komum til Salt Lake City. Þar var líka áð, en það var snemma morguns á fjórða sólarhring ferðarinnar. Þar sem við sátum að snæðingi, varð mér litið út um gluggann á matstofunni og sá afskaplega fallega byggingu úr timbri, sem blasti við okkur. Hún var há og tignarleg, sérlega falleg smíði og eftirminnileg. Mér var sagt að þetta væri musterisbygging þeirra Mormóna.

Áfram var haldið í morgunsárið og nú var sléttan mikla að baki, en haldið upp í Klettafjöllin. Ég var syfjaður og þreyttur og var um það bil að festa svefn, þegar einkennilega birtu lagði yfir umhverfið. Þetta var sólarupprás í miðjum hliðum Klettafjallanna. Fjöllin eru rauð í verunni, en við sólarkomuna sló svo undarlega gullnum rauðbjarma yfir allt umhverfið að ég varð furðu lostinn, glaðvaknaði og naut þess að skoða þetta hrikalega landslag, þar til komið var í hæstu hæðir og við brunuðum vestur fyrir Klettafjöllin. Síðan tók Mohave-eyðimörkin við, rauðleitur sandur með einstaka runna á stangli. Við fórum um Dauðadalinn, sem er talsvert undir sjávarmáli, en ekkert markvert gerðist það sem eftir var ferðarinnar.

Að kvöldi dags komum við svo loksins til Los Angeles. Þá var orðið dimmt. Við vorum nánast komnir á áfangastað, aðeins eftir að finna dvalarstað yfir nóttina, áður en við færum í skólann morguninn eftir. Við vorum allir jafn slæptir, syfjaðir og hundþreyttir og þar sem við vorum að ræða hvað væri best að gera kom til okkar maður, sem spurði okkur að því hvort við værum frá Íslandi. Við kváðum svo vera og þá sagðist hann vera kominn á vegum skólans til að sækja okkur, koma okkur í næturstað og gefa okkur mat. Að sjálfsögðu



Baldur Þórisson frá Akureyri við eina af vélum skólans.

vorum við furðu lostnir og spurðum hvernig á þessu stæði. Hann sagði einfaldlega:

„Mr. Pálsson hringdi frá New York og bað um að þið yrðuð sóttir við komuna til Los Angeles og séð fyrir mat og húsnaði fyrstu nóttina ykkar hér.“

Það voru syfjulegir ungir menn sem mættu í fyrsta tímarnum í Cal-Aero-skólanum næsta morgun, en allt lagaðist þetta og við náðum fullum dampi eftir stuttan tíma. Við fengum svo fæði og húsnaði hjá frú D'Andrea að 1116 North Lousie Street í Glendale. Þar var fyrir Sigurður Erlendsson og orðu

fagnaðarfundir hjá okkur. Áður voru komnir í skólann Jón Sveinsson frá Egilsstöðum, Vigfús Auðunsson frá Reykjavík og Sveinbjörn Þórhallsson, sem fæddist á Akureyri, en flutti með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur árið 1930.⁷ Stuttu seinna bættust enn fleiri Eyfirðingar í hópinn, þeir Baldur Þórisson og Eiríkur Loftsson frá Akureyri, auk Jóns Gunnlaugssonar frá Dalvík.

Þarna var hópurinn í skólanum í heilt ár og gekk allt að óskum. Við sem vorum í flugvirkjanáminu stunduðum bæði bóklegt nám og verklegt, við góða aðstöðu, þar sem við höfðum heilu flugvélnar til að gera við, auk mótorar, skrokka og vélavængja úr áli, stáli og timbri.


Þótt ótrúlegt megi virðast, þá voru alls 12 Íslendingar við nám í skólanum á sama tíma, í mismunandi fögum í ýmsum deildum hans. Minn hópur fór heim að námi loknu, með viðkomu í New York. Ég varð eftir og fór í annan skóla og kom heim ári seinna. Oft var búið að tala um hvernig væri hægt að launa Gunnari að einhverju allt það sem hann gerði fyrir okkur. Þegar félagar mínir komu til New York á heimleið, haustið 1946, höfðu þeir spurt Gunnar Pálsson hvort ekki mætti bjóða honum út að borða og þáði hann það. Þeir báðu hann um að velja einhvern góðan stað að fara á. Hann lofaði því og á tilsettum tíma komu þeir fimm til Gunnars á skrifstofuna. Hann fór með þá á mjög finan stað, þar sem þeir sátu dýrindis veislu honum til heiðurs. Ásgeir Samúelsson var gerður út í laumi, til að gera upp borðið, en yfirþjónninn rak upp stór augu og sagði mjög virðulega:

„Hér borgar enginn fyrir matinn, sérstaklega. Mr. Pálsson er klúbbmeðlimur.“

Gunnar Pálsson gerði það ekki endasleppt.

Við veltum fyrir okkur hvernig hægt væri að launa honum greiðann en einn okkar, Aðalmundur Magnússon, var lengi flugvélstjóri hjá Loftleiðum á Ameríkuleiðinni og hitti

⁷ Fæddur þann 30. ágúst 1922 á Akureyri. Foreldrar hans voru Þórhallur Bjarnarson prentari og bókaúttefandi, og Jónína Eypóra Guðmundsdóttir, Jónssonar frá Tjarnarkoti í Miðneshreppi, Gullbringusýslu. Sveinbjörn lést 16. febrúar 1983 í Reykjavík.



F.v. Finnur Björnsson, Aðalmundur Magnússon, Kristinn Magnússon, Sigurpáll Guðlaugsson, Sigurjón Vilhjálmsson og Ásgeir Samúelsson.

—Myndina tók Gunnar Pálsson í garði sínum.

Gunnar stundum þegar hann var úti. Við Finnur Björnsson báðum hann því um að reyna að komast eftir hvort Gunnar langaði til að eignast eitthvað sérstakt frá Íslandi. Við þessa athugun kom í ljós að hann hafði lengi haft áhuga á að eignast uppstoppaðan selkóp til að hafa í stofunni hjá sér. Þegar þetta lá ljóst fyrir, gerðum við þrír ráðstafanir til að láta útbúa svona stofustáss. Aðalmundur tók að sér að hafa kópinn með sér vestur um haf og koma honum í hendur Gunnars, með þakkarbréfi fyrir björgun okkar á sínum tíma. Hann varð mjög glaður við og sendi okkur félögum þakkir, ásamt ljósmynd frá 1945, sem hann hafði tekið af Íslendingahópnum úti í garði hjá sér áður en við héldum frá heimili hans til Manhattan. Sagðist hann muna vel eftir þessu atviki en gerði lítið úr sinni hjálpi, sem hann kvað ekki umtalsverða.

Af Íslendingahópnum, sem var í Glendale við nám 1945-1946 eru nú aðeins þrír eftirlifandi. Það eru Finnur Björnsson, Sigurður Erlendsson og sögumaður.

BERNHARÐ HARALDSSON

Hún var ekki Hansdóttir

Af faðernisleysi fátækrar stúlku

Bernharð Haraldsson fæddist í Glerárþorpi 1939. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1959 og stundaði næsta ár nám í þýsku í Vestur-Þýskalandi. Hann lauk BA-prófi í landafræði, mannkynssögu og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands 1966 og stundaði framhaldsnám í hagrænni landafræði við Kaupmannahafnarháskóla 1988-1989. Bernharð kenndi við Gagnfræðaskóla Akureyrar 1960-1962, Gagnfræðaskóla Vesturbæjar í Reykjavík 1966-1967 og við Gagnfræðaskóla Akureyrar 1967-1983, og var síðasta árið skólastjóri. Frá 1983 til ársins 1999 var hann skólameistari Verkmennaskólans á Akureyri. Eftir hann liggja tvær bækur. Hann vinnur nú m.a. að gerð ábúendatala í Skriðuhreppi hinum forna á 19. öld.



Öll börn eiga sér föður, hjá því verður ekki komist. Nær alltaf er faðernið ljóst, en þó finnast þess dæmi, að um vafa getur verið að ræða. Til þess geta legið ýmsar ástæður, oftast þær, að tilgreindur faðir neitar að gangast við barninu. Þá geta orðið leiðindi, særindi og jafnvel hatur. Hér verður sagt svolítið af fátækri stúlku, sem ekki átti föður á opinberum pappírnum, var alin upp af einstæðri móður og var alla tíð annarra þjónn.

Við manntalið 1880 eru þessar persónur taldar til heimils á Hallfríðarstaðakoti í Hörgárdal: Hans Sigurjón Guðmundsson, 30 ára, ókvæntur, húsbóndi, Ingibjörg Bergsdóttir, 59 ára, ekkja, móðir bónda, Anna Guðmundsdóttir, 28 ára, ógift, systir bónda, Sigríður Guðmundsdóttir, 24 ára, ógift, systir bónda, Emilía, 6 ára, systurdóttir bónda og Steinmóður Þorsteinsson, 20 ára, ókvæntur vinnumaður. Emilía er skráð án föðurnafns og það er um hana, sem þessi grein fjallar.

Nú þarf svolítinn ættarþátt. Sigríður „eldri“ Guðmundsdóttir (1792-1865) var húsfreyja á Öxnhóli í Hörgárdal frá 1810 til æviloka. Hún var tvígift. Fyrri maður hennar var Erlendur Þórðarson (1778-1826), sem fyrr hafði átt Rósu Ólafsdóttur (1782-1807). Þau Sigríður og Erlendur eignuðust 10 börn og auk þess hafði Erlendur eignast barn fyrir hjónaband. Að Erlendi látnum stóð Sigríður uppi með 10 börn, það yngsta hálfs árs, það elsta 15 ára. Frammi í Hörgárdal, í Flögu, var ungur bóndi, Þorsteinn Sigurðsson (1794-1867), sem nýverið hafði misst konu sína. Hann gerðist ráðsmaður hjá Sigríði á Öxnhóli og þau giftu sig ári síðar og bjuggu þar til æviloka. Þau eignuðust einn son, Þorstein (1828-1868), sem bjó með foreldrum sínum á Öxnhóli og átti Kristínu Kristjánsdóttur (1827-1873) og með henni 13 börn. Tvo syni þeirra verður að nefna, Steinmóð Þorsteinsson og Steinþór Þorsteinsson, síðar bónda á Einhamri í Hörgárdal og Hömr-um við Akureyri.

Frumburður Erlendar og Sigríðar „eldri“ var Guðmundur Erlendsson (1811-1861), sem átti Ingibjörgu Bergsdóttur (1821-1895) frá Efri-Rauðalæk á Þelamörk. Þau eignuðust 7 börn, 4 þeirra dóu í blábernsku. Þau voru alla tíð efnalítill. Bjuggu um skeið í Kelduhverfi og þar andaðist Guðmundur, en Ingibjörg flutti á æskuslóðirnar og bjó ekkja á Hraunshöfða 1874-1878. Nú var hún innanstokks hjá syni sínum í Hallfríðarstaðakoti. Hans Sigurjón bjó síðar á Hallfríðarstöðum 1882-1895, eftir það bjó hann á Myrká til 1915, en þá tók Ármann, sonur hans við jörðinni og eftir hann börn hans Þórólfur og Þórunn og voru þar til sumarsins 2012 að


þau fluttu til Akureyrar og lauk þá 117 ára ábúð þessarar ættar á Myrká, hinum gamla kirkjustað. Vinnumaðurinn í Hallfríðarstaðakoti, Steinmóður Þorsteinsson (1859-1949), var sonur Þorsteins og Kristínar á Öxnhóli og voru hann og Hans Sigurjón og systurnar Anna og Sigríður „yngri“ því hálfbræðrabörn og Sigríður „eldri“ föðuramma þeirra, móðir hálfbræðranna Guðmundar Erlendssonar og Þorsteins Þorsteinssonar. Þessum ættarþætti lýkur með því að segja, að Sigríður Guðmundsdóttir „yngri“ (1855-1890) átti að manni Steinþór Þorsteinsson (1857-1924) og voru þau einnig hálfbræðrabörn og Sigríður „eldri“ föðuramma beggja. Þau voru langafi og -amma greinarhöfundar.

Föðurlaus stúlka

Nú er að segja betur af litlu stúlkunni, henni Emilíu, sem er föðurlaus í manntalinu. Hún fæddist 14. febrúar 1874 í Hallfríðarstaðakoti. Móðir hennar var fyrrnefnd Anna Guðmundsdóttir, þá vinnukona þar á bæ. Nú þurfti að skíra stúlkuna og það gerði síra Arnljótur Ólafsson, prestur á Bægisá á Þelamörk hinn 22. febrúar, en þá var litla stúlkán viku gömul. Hann hefur líklega skírt hana á Bægisá fremur en á Myrká, enda styttri veg að fara fyrir Önnu með dóttur sína, nýfædda um hávetur. Þar eð Anna var ógift, varð hún við skírnina að gefa upp nafn föðurins, sem hún virðist ekki hafa gert. Hún nefndi hins vegar tvo kvænta menn, sem gætu átt stúlkuna. Þá var komið upp vandamál, Emilía hörgetin og föðurlaus, en öll börn, meira að segja vestur í Hörgárdal, eiga sér föður.

Upp af þessu spruttu réttarhöld og alls fjórum sinnum varð sýslumaður Eyjafjarðarsýslu, Stefán Thorarensen, að setja rétt í máli þessu, tvisvar vestur í Hörgárdal og tvisvar á Akureyri.

Skoðum nú dómabókina, en þar er, ætíð í tveggja votta viðurvist, skráð það sem fram fór.



Séra Arnljótur Ólafsson á Bægisá.

Pólitiréttur 14. mars 1874


„Ár 1874 þann 14^{da} Marts var pólitirjettur Eyjafjarðarsýslu settur í Lönguhlíð af sýslumanni S. Thorarensen með undirskriftuðum vottum til þess að fyrirtaka barnsfaðernislýsingarmál Önnu Guðmundsdóttur í Hallfríðarstaðakoti. Nefnd Anna er mætt fyrir rjettnum og sömuleiðis presturinn S^{ra} Arnljótur Ólafsson sem hefir skýrt sýslumanninum frá að þegar hann hafi skýrt barn Önnu er fæddist þ. 14 Febr þ.á. hafi hún sagt, „að hann gæti einsvel verið faðir að barni þessu einsog aðrir“ og er það eptir hans beiðni að mál þetta er fyrirtekið. Anna er áminnt að segja satt og játar hún að hún hafi þann 14^{da} f.m. alið barn sem í skýrninni hafi öðlast nafnið Emilia, hafi

hún ekki verið við aðra karlmenn kend á því tímabili sem barnið hafi komið undir en Jón bónda Jónsson í Skriðu, sem hafi átt við sig samræði sunnudaginn í 5^{tu} viku sumars, og S^{ra} Arnljót Ólafsson sem hafi átt við sig laugardaginn í fardögum þ. 7^{da} Júní. Var Anna því næst aðspurð hvort barnið væri fullburða og játaði hún það og að yfirsetukonan líka hefði sagt það. Samkvæmt þessum framburði Önnu ljét sýslumaðurinn það í ljós að líklegra væri að Jón í Skriðu væri faðir að barninu, en Anna segist ekki hafa minnst neitt á við hann um að hún væri óljett að hans völdum, og viti hún því ekki hvort hann gangist við barninu. Upplesið og játað rjett bókað.“

Nú vakna ýmsar athugasemdir við lestur þessa fyrsta réttarhalds. Áður en um þær verður fjallað er rétt að kynnast svolítið því fólki, sem þarna kemur við sögu. Önnu þekkjum við. Þá er það presturinn, síra Arnljótur Ólafsson á Bægisá, annar mögulegur barnsfaðir Önnu.

Síra Arnljótur Ólafsson (1823-1904) var húnvetnskur bóndasonur. Hann var settur til mennta, lærði fyrst á heimaslóðum, þá í Bessastaðaskóla og síðan í Reykjavíkurskóla, en úr þeim skóla var hann rekinn vegna uppbots (pereatsins), sem hann var talinn eiga mestan þátt í, fór til Kaupmannahafnar í eitt ár, kom aftur og varð stúdent 1851, sneri aftur til Hafnar og lauk þar 1. og 2. lærdómsprófi, las síðan hagfræði, en lauk ekki prófi. Kom heim aftur og gekk í prestaskólann og lauk prófi 1863 og vígðist sama ár til Bægisárprestakalls og sat þar til 1888 að hann flutti að Sauðanesi og var þar til dauðadags. Hann sat á Alþingi 1859-1867, 1877-1879, 1881-1885, 1886-1893 og kjörinn 1900, en komst ekki til þings 1901. Hann var um skeið ritstjóri Skírnis, gaf út bókina Auðfræði og ritaði fjölda greina í blöð og tímarit.

Ljós móðirin, sem tók á móti Emilíu litlu, hefur vafalaust verið Hildur Snorradóttir (1833-1905), af svarfdælskum ættum. Hildur tók ljósmóðurpróf hjá Jóni Finsen, lækni á Akureyri, 1860 og þjónaði Skriðuhrepps- og Öxnadalsumdæmi frá því ári nær óslitið til 1890, en Glæsibæjarumdæmi eftir það til æviloka. Var farsæl í starfi.



Jón Jónsson, bóndi í Skriðu.

—Mynd frá Guðmundi Steindórssyni.

Þá er það Jón, bóndi í Skriðu, hinn mögulegur barnsfaðir Önnu. Jón Jónsson (1829-1900) var Borgfirðingur, en kom hingað í Hörgárdalinn árið 1843, þá með síra Arngrími Halldórssyni, er þá hafði vígst að Bægisá, sem hann hélt til æviloka 1863. Jón var bóndi í Skriðu frá 1859 til æviloka. Hann var vel virður af sveitungum sínum og var m.a. hreppstjóri um hríð. Skriða var ein besta jörðin í hreppnum, 40 hundruð að fornu mati og þar var eitt fjölmennasta heimilið í sveitinni, þekkt fyrir myndarskap og framfarir.

Sýslumaðurinn, sem réttaði í málinu, var Stefán Thorarensen (1825-1901) sonarsonur Stefáns Þórarinssonar, amtmanns á Möðruvöllum í Hörgárdal. Hann lærði í Kaup-

mannahöfn, varð stúdent frá Borgardygðaskólanum 1846, lauk lögfræðiþrófi 1855 og vann ytra um sinn. Hann fékk Eyjafjarðarsýslu 1858 og hélt hana til 1891, varð jafnframt bæjarfógeti á Akureyri frá 1863 og amtmáður um skeið.

Lítum nánar á réttarhaldið eins og það er skrifað í dómabókina. Þar eru sýslumaðurinn, presturinn og Skriðubóndinn greinilega saman í liði gegn Önnu Guðmundsdóttur, ógíftri vinnukonu.

Rétturinn er haldinn í Lönguhlíð en ekki í Skriðu, sem var þingstaður hreppsins. Langahlíð er næsti bær framan við Skriðu og er alllangt á milli bæjanna. Næsti bær framan við Lönguhlíð er Hallfríðarstaðakot. Hvers vegna var rétturinn ekki haldinn í Skriðu? Nærtækast er að álykta, að það hafi verið gert Jóni Jónssyni til hlífðar; ásökun um hörbarn hefur örugglega verið afar viðkvæmt fjölskyldumál.

Enginn veit hvað Önnu og presti fór á milli við skírn Emilíu annað en það sem prestur lætur hafa eftir sér og skráð er í dómabókina. Líklega hefur kastast í kekki milli þeirra, því Anna virðist hafa verið fylgin sér. Anna segir, að hann „hafi átt við sig“ á því tímabili er barnið gat hafa komið undir. Kannski hefur þetta valdið presti áhyggjum, kvæntum manni og oft þingmanni. Prestur hefur vafalaust söðlað hest sinn og farið inn á Akureyri til fundar við sýslumann. Þeir voru nær jafnaldra, höfðu verið samtímis við nám í Kaupmannahöfn, hafa örugglega þekkt frá þeim árum og vafalaust endurnýjað forn kynni er síra Arnljótur kom að Bægisá. Barnsfaðernismál þetta er tekið fyrir að beiðni síra Arnljóts, sem e.t.v. hefur verið uggandi um sinn hag. Hvað sagði prestur sýslumanni? Það veit enginn og þrátt fyrir ítarlega leit í skjölum sýslumannsembættisins frá þessu ári, hefur greinarhöfundur ekki fundið einn einasta stafkrók um mál Önnu Guðmundsdóttur annan en þann, sem hér er tekinn úr dómabókinni. Það, sem þeim fór á milli, hefur því líklega aðeins verið munnlegt. Var það óviljandi eða viljandi, sem ekkert var skráð eða varðveitt? Sýslumönnum bar að halda bréfabók og varðveita öll skjöl, sem embættinu bárust. Við réttarhaldið lætur



Stefán Oddsson Thorarensen, sýslumaður.

sýslumaður það í ljós, „að líklegra væri að Jón í Skriðu væri faðir að barninu“. Hvernig dró hann þessa ályktun? Var hún niðurstaðan af tveggja manna tali, sýslumannsins og prestsins?

Aukaréttur 28. maí 1874

„Ár 1874 þann 28. Maí var aukarjettur Eyjafjarðarsýslu settur í Skriðu í Hörgárdal af sýslumanni S. Thorarensen til að fyrirtaka barnsfaðernislýsingarmál Önnu Guðmundsdóttir í Hallfríðarstaðakoti.

Mætti þá fyrir rjettinum Ingibjörg Bergsdóttir á Hallfríðarstaðakoti móðir Önnu, og áminnt um sannsögli segir hún að Jón hafi sunnudagskveldið í fimtu viku sumars komið að Hallfríðarstaðakoti og hafi hún (Anna) verið með Jóni í skemmunni fram á nótt og hafi hún (Ingibj.) verið vottur að því að Jón hafi haft holdlegt samræði við Önnu. Jón neitar að hann hafi haft nokkurt holdlegt samræði við Önnu þetta kvöld, en að öðru leiti geti það vel verið að hann hafi þetta kvöld komið að Hallfríðarstaðakoti og talað við Önnu, en hann neitar því ekki að hann að undanfögnu hafi haft með Önnu að sýsla. Anna er tilstaðar og framleggur brjef frá Jóni (svohl). Málið upptekið til dóms.“

Framburður Ingibjargar, sem áminnt hafði verið um sannsögli, er ljós. Henni, margra barna móðurinni, var ljóst hvað var á seyði. Jón neitar holdlegu samræði við Önnu þetta kvöld, „en hann neitar því ekki að hann að undanfögnu hafi haft með Önnu að sýsla.“ Hvað merkir það? Bar hann girndarhug til hennar, hafði hann haft samfarir við hana? Þessu verður aldrei svarað.

Aukaréttur 25. júní 1874

„Ár 1874 þann 25^{ta} Júní var aukaréttur Eyjafjarðarsýslu settur á Akureyri af sýslumanni S. Thorarensen með undirskrifuðum vottum, var þá fyrirtekið barnsfaðernislýsingarmál Önnu Guðmundsdóttur á Hallfríðarstaðakoti gegn Jóni bónda Jónssyni í Skriðu og í því uppkveðinn svohljóðandi

Dómur

Í máli þessu hefir Anna Guðmundsdóttir í Hallfríðarstaðakoti uppástaðið Jón bónda Jónsson í Skriðu, sem föður að barni því Emilíu að nafni, sem hún ól 14. Febr. þ.á. skyldaðan um meðgjöf með því, og hefir hún uppástaðið að hann meðal annara hafi haft með sig þ. 16^{da} og 25^{ta} Maj f.á. Það er sannað með vitnisburðum

heimilismanna og viðurkenningu Jóns að hann hafi þessa daga komið að Hallfríðarstaðakoti og fundið Önnu en hann neitar að hafa haft nokkurt holdlegt samræði við hana á þessu tímabili. Einsog Anna sem uppvís hefir orðið að ósannsögli fyrir rjettinum í máli þessu ekki getur álitist trúverðug, eins getur móðir hennar, Ingibjörg Bergsdóttir, sem kveðst hafa séð Jón hafa holdlegt samræði við Önnu dóttir sína hinn umhöndlaða 25 Maj ekki heldur tekist sem fullgilt vitni í máli þessu, en þó þetta í sambandi við undanfarinn kunningsskap Jóns og Önnu gefi miklar líkur til að halda að barn Önnu kunni að vera komið undir þá nefndu daga í Marsmánuði [svo!] f.á. þá fundum þeirra bar saman, eru þær þó eptir rjettarins áliti ekki nægar til að Jón verði eptir þeim skyldaður til að gefa með barninu og virðast því úrslit málsins að vera komin undir eiði Jóns bónda Jónssonar.

Því dæmist rjett að vera

Ef Jón bóndi Jónsson í Skriðu innan 4 vikna eptir birtingu þessa dóms og eptir löglega aðvörun til Önnu Guðmundsdóttir treystir sjer til innan rjettar að staðfesta með sínum sáluhjálpareiði að hann hvorki þann 16^{da} eða 25^{ta} Maj f.á. eða á öðrum þeim tíma er barn það Emilia að nafni, sem Anna Guðmundsdóttir á Hallfríðarstaðakoti ól þann 14^{da} Febr þ.á. hafi getað komið undir, hafi haft holdlegt samræði við nefnda Önnu Guðmundsdóttir, skal hann vera frí fyrir ákjæru hennar í þessu máli. Treysti hann sjer þar á móti ekki slíkan eið að afleggja skal hann skyldur til að leggja árlega nefndu barni Emilíu til uppfósturs eptir ákvörðun Amtsins. Rétti slitið.“

Þegar sýslumaður reifar dóm sinn segir hann: „Einsog Anna sem uppvís hefir orðið að ósannsögli fyrir rjettinum í máli þessu ekki getur álitist trúverðug, eins getur móðir hennar, Ingibjörg Bergsdóttir, sem kveðst hafa séð Jón hafa holdlegt samræði við Önnu dóttir sína hinn umhöndlaða 25 Maj ekki heldur tekist sem fullgilt vitni í máli þessu...“ Þessi „ótrúverðugleiki“ Önnu verður ekki lesinn af dómabókinni; sé hann raunverulegur, hefur hann ekki verið færður til bókar. Hver var „ósannsöglín“? Að Ingibjörg Bergsdóttir sé ekki fullgilt vitni er ekki stutt neinum rökum. Ætla má, að móður-eðli Ingibjargar hafi knúið hana til að fylgjast með Jóni og



Emilía Hansdóttir. –Myndina tók Eiríkur Stefánsson, kennari frá Skógum, sumarið 1938 á Öxnhóli, en þar var hún þá vinnukona. (Hreiðar á Öxnhóli varðveittir frummyndina).

Önnu og þótt hún hafi ekki verið sjálf í skemmunni, getur hún vel hafa fylgst með, því víða leyndust glufur í veggjum og sómi dótturinnar ríkari því að liggja á gægjum.

Aukaréttur 12. september 1874

„Ár 1874 þann 12. Sept. var aukarjettur Eyjafjarðarsýslu settur á Akureyri af sýslumanni S. Thorarensen. Mætti þá fyrir rjettinn Jón bóndi Jónsson í Skriðu til þess samkvæmt Dómi þessarar sýslu af 28 juni þ.á. með eiði að synja fyrir barn það er Anna Guðmundsdóttir ól þann 14. Febr. f.á. Anna er aðvöruð en ekki mætt. Var hin lögborna áminningaræða upplestin fyrir Jóni Jónssyni og aflagði hann síðan eið að því að hann hvorki þann 16^{da} eða 25 Maj eða á öðrum þeim tíma er barn það er hún ól 14. Febr. f.á. hefði getað komið undir hafi haft holdlegt samræði við hana að viðhöfðum vanalegum eiðstaf. Rjetti slitið.“

Þar með var máli þessu lokið af hálfu hins opinbera. Úrskurður sýslumanns var endanlegur og honum varð ekki hnekk.

Þegar Bægisárklerkur, síra Arnljótur Ólafsson, skráði fæðingu og skírn Emilíu í kirkjubókina, léta hann móðurinnar getið eins og vera bar. Hins vegar skildi hann reitinn um faðernið eftir auðan, en þegar Jón í Skriðu hafði svarið stúlkuna af sér, setur prestur í reitinn, að Jón bóndi í Skriðu hafi svarið fyrir faðernið. Þá var Emilía litla orðin endanlega föðurlaus, bæði að Guðs og manna lögum.

Hvað eiga svo börn að heita, sem engan föðurinn eiga, sem vill við þeim gangast? Þau voru gjarnan skrifuð Hansbörn og því varð Emilía Hansdóttir, hún ber það föðurnafn í manntalinu 1910.

Anna ól dóttur sína upp ein, væntanlega með aðstoð skyldmenna sinna og Emilía fór að vinna fyrir sér þegar hún hafði aldur til. Hún var alla tíð annarra hjú í heimasveit sinni, ef frá er talið eitt ár, sem hún var á Akureyri. Hún lést á Ytri-Bægisá 3. september 1944, sjötug að aldri.

Það segja mér Hörgdælingar, sem muna Emilíu og þekkja sögu hennar, að hún hafi haft margt til brunns að bera, en

saklaus líklega goldið þess, sem hér er að framan sagt. Olnbogabarn. En hún var líka vel að sér, kunni vísur og kvæði og þuldi örnefni úr öðrum löndum, þótt sjálf hafi hún líklega lengst komið til Akureyrar. Einn viðmælenda minna mundi hana gera listilegt líkan af Ítalíu með nærliggjandi eyjunum, úr kúamykju og kúahlandið kom í stað Miðjarðarhafsins! Hún gat vel svarað fyrir sig. Var nýtin svo af bar og húsbóndaholl. Emilía var líklega ein síðasta konan í Hörgárdalnum, sem fetaði þröngan vinnukonustíginn.

Sú sögn var þekkt í Hörgárdalnum, að síra Arnljótur hafi þótt kvensamur og byggt fleiri sængur en sæng eiginkonu sinnar og hann muni hafa verið faðir Emilíu. Spurning er hvort almannarómurinn ljúgi?

Heimildaskrá

Björg Einarsdóttir (ritstj.): *Ljósmæður á Íslandi*, Reykjavík 1984.

Eiður Guðmundsson: *Búskaparsaga í Skriðuhreppi forna*, I-IV, Akureyri 1982-1985.

Páll Eggert Ólason og Jón Guðnason: *Íslenzkar æviskrár*, I.-VI. b., Reykjavík 1948-1976.

Af skjalasöfnum

Dóma- og þingbækur Eyjafjarðarsýslu.


Kirkjubækur Bægisár- og Bakkaprestakalls.

Kirkjubækur Myrkárprestakalls.

JÓN HJALTASON

Oddeyrarbruninn 1906

*Jón Hjalton er sagnfræðingur og
formaður Sögufélags Eyfirðinga.
Eftir hann liggja bækur eins og Saga
Akureyrar, í fimm bindum, Saga
Útgerðarfélags Akureyringa hf.
1945-1995, Of stór fyrir Ísland.
Ævisaga Jóhanns rísa, Falsarinn og
dómari hans og Hernámsárin á
Akureyri. Þá hefur hann skrifað um
Nonnahús, með sérstakri áherslu á
ævi Nonna, sögu KA og
Skautafélags Akureyrar. Jón rann-
sakar nú 19. aldar viðhorf til
Vesturheimsferða Íslendinga.*



Eldsvoðinn 1901 hristi verulega upp í mönnum eða hvað? Kannski ekki svo mjög, að minnsta kosti gekk hvorki né rak að kaupa slökkvitæki til bæjarins, stofna slökkvilið, hvað þá að skipa yfirmann slökkvímála í bænum. Haldnir voru borgarafundir þar sem rætt var um brunabótafélag fyrir bæinn, amtið, nú eða jafnvel allt landið. Skorað var á bæjarstjórnina að láta til sín taka, þótt ekki væri í öðru en að útvega bænum slökkvitól og slökkvilið.

Oddeyrin í voða


Þrátt fyrir brýningar og tíða bruna var það ekki fyrr en í maí 1904 að bæjarfulltrúarnir samþykktu að kaupa slökkviáhöld fyrir allt að 6000 krónur – en þá peninga varð bæjarsjóður að taka að láni. Jakob V. Havsteen tók innkaupin að sér og

skrifaði út til Hassel & Teudt í Kaupmannahöfn. Í desember þetta sama ár voru fyrstu slökkvitól bæjarins borin á land; slökkvivagn á hjólum, þrír brunahanar, 6 eldvarnaraxir, 6 brunahjálmar og brunaslöngur. Sumarið eftir var kjallari Barnaskólans innréttaður sem fyrsta slökkvistöð bæjarins – eða kannski öllu heldur sem tækjageymsla – og í desember sama ár var Ragnar Ólafsson kaupmaður kjörinn fyrsti slökkviliðsstjóri bæjarins. Hans beið eldraunin mikla, ósköp sem allir óttuðust en engan renndi grun í að væru á næsta leiti. Að þessu sinni var enginn Hallgrímur bóndi í Gröf til að bera boð á milli heimanna tveggja en líklega hefði Pétur amtmaður ekki síður viljað aðvara bróðurson sinn – áður-nefndan Jakob V. Havsteen sem í ofanálág var kaupmaður á Oddeyrinni – en kaupmannaaðalinn á Akureyrinni eins og hann gerði 1901.¹ En Hallgrímur var allur. Akureyringar voru því grunlausir með öllu þegar þeir fimmtudagskvöldið 18. október 1906 bjuggust til kvöldverðar. Skollið var á niðamyrkur og hvass vindur blés af suðri. Það hafði rignt um daginn og götur bæjarins breyst í forað. Fáir voru því á ferli þegar kvöldaði. Þó var margt aðkomumanna í bænum og fjöldi skipa á Pollinum. Þar var hið stórglæsilega 1300 smá-lesta gufuskip Thorefélagsins, Kong Helge, sem félagið hafði í Íslandssiglingum. Ekki langt frá var Skálholt, strandferðaskip hins danska Sameinaða gufuskipafélags, og Snefond sem Wathnes-erfingjar áttu, og fleiri skip.

Þótt ferðafólkið héldi kyrru fyrir voru bæjarbúar á stjái. Viða var verið að loka verslunum og iðnaðarmenn og sveinar þeirra hnepptu að sér vetrarfrökkum og hröðuðu sér heim á leið.

Í Strandgötu 5, sem Akureyringar kölluðu Hornhúsið, eða Horngrýti, kannski meira í gamni en alvöru, voru íbúarnir, sumir hverjir að minnsta kosti, sestir að kvöldverði. Í húsinu bjuggu fimm fjölskyldur, alls 26 manns, allt leigjend-

¹ Hér er vísað í fyrri brunagreininna, er birtist í Súlum í fyrra, en þar segir frá hinum skyggna Hallgrími Þórðarsyni og sambandi hans við hinn löngu látna Pétur Havsteen amtman.



*Horft upp eftir Oddeyri, líklega 1905-06, rétt fyrir brunann sem hér er lýst.
—Mynd frá Minjasafninu á Akureyri.*

ur. Nafnið Horngrýti var líkast til upprunnið hjá einum þessara leigjenda, Einari Jónssyni, frá Fossi í Mýrdal. Einar hefði allra helst viljað lifa á málalalist; hann hafði lært til hennar í Kaupmannahöfn, haldið sýningar á Akureyri og málað leiktjöld fyrir leikfélög. „Ætli annar eins málari hafi verið til?“, spurði Ósvaldur Knudsen kvikmyndagerðarmaður þegar hann fullorðinn maður leiddi hugann að Skugga-Sveini er hann sá 1906 á Akureyri og mundi þá eiginlega ekkert úr sýningunni annað en leikmyndina sem Einar málaði. En Einar gat ekki dregið fram lífið á málalalistinni einni. Hann lærði trésmíðar og húsamálun sem þá heyrði meira og minna undir verksvið smíða. Á Akureyri opnaði hann verslun í austurenda Horngrýtis og bjó sjálfur beint upp af henni á annarri hæð en húsið var þrílyft.

Þetta kvöld var Einar sestur að snæðingi svolítið fyrir átta um kvöldið en var þá kallaður niður í búðina til að hitta þar verslunarerindreka Thomsensverslunar. Eftir að hafa staðið honum reikningsskil fór Einar málari, eins og hann var jafnan kallaður, upp aftur og lauk við kvöldmatinn. Hann var rétt að ganga út á nýjan leik þegar búðarstúlkan, Guðbjörg Björnsdóttir, sem hann hafði ráðið þá um vorið, kom upp.

Jú, hún var búin að loka og læsa búðinni. Klukkan líka orðin átta.


Annars staðar í húsinu fíkrar Guðrún Pálsdóttir, tvítug

vinnukona Guðlaugs Sigurðssonar skósmiðs, sig niður baktröppurnar, fram hjá eldhúsi Knudsens kjötkaupmanns. Í annarri hendinni heldur hún á litlum steinolíu-veggglampa en hina notar hún til að leiða tólf ára systur sína. Erindið er að ná í kjöt í kvöldmatinn handa fjölskyldu Guðlaugs, sem geymt er í tunnum í kompunni, og kartöflur. Ekkert er í geymslunni nema matvælin; kjöt, slátur og kartöflur í poka, og bali fullur af vatni. Þegar Guðlaugur Guðmundsson, sýslumaður og bæjarfógeti, spyr vinnukonuna síðar hvort hún hefði orðið vör við reyk eða eld í kjallaranum svaraði hún ákveðið: „Nei, alls ekki.“ Hún hafði heldur enga lykt fundið né heyrt neinn umgang í austurenda hússins.

Sjálfsgagt hefði Guðrún getað hnýtt við að þegar hún gekk í gegnum þvottahúsið í kjallaranum, á leið sinni í kompuna, var gólfíð ennþá blautt. Þvottakonan Jónína Jónsdóttir hafði staðið í ströngu allan daginn við að þvo af nágranna skósmiðsins á efstu hæðinni, hinum liðlega hálfþrituga Þorsteini Péturssyni verslunarmanni, eiginkonu hans og vinnukonu þeirra hjóna. Sjálfur var Þorsteinn við vinnu sína í verslun hins umsvifamikla Ásgeirs bróður síns, neðar á eyrinni. Jónína hafði byrjað klukkan ellefu um morguninn og staðið við þvottabrettið, balann og þvottapottinn til að verða sjö. Þá hafði vinnukona Þorsteins komið niður og þær tekið í litla skjólu eldsglód úr kolaeldavélinni, sem potturinn var hafður á, og borið í eldavel á efstu hæð hússins en þar lágu eldhús þeirra þriggja saman, Þorsteins, Guðlaugs og starfsbróður hans, Magnúsar Helgasonar skósmiðs.

Því næst höfðu þær snúið aftur niður, sett snjó í maskínuuna í þvottaherberginu, og lokið við að ganga frá þvottinum í birtu frá olíulampa á borðinu. Ekki var laust við að Jónína væri blaut í fæturna þegar starfsdegi hennar loks lauk upp úr sjö og hún gekk heim í hráslaganum enda flóði steinsteypt gólfíð í þvottaherberginu í vatni.

Neðar við Strandgötuna, í húsinu númer 11 er stóð á vestanverðu horninu þar sem Glerárgata og Strandgata mætast enn á öndverðri 21. öld, var öldungurinn Davíð Ketilsson að



Brunavagn frá Hassel og Teudt í Kaupmannahöfn um 1900.

–Mynd frá Brandmuseum, Københavns Brandvæsen.

ganga frá. Hann var enn í sárum eftir lát Þorvalds, sonar síns. Þorvaldur hafði stundað sildveiðar, verið með verslun og 1904 orðið fyrsti bankastjóri Íslandsbanka á Akureyri en útibúið fyrir norðan var opnað 1. september það ár. Vaxandi vanheilsa hafði neytt hann til að láta af bankastjórninni en Davíð faðir hans sá meira og minna um verslunina. – Þú ert með berkla, sagði Guðmundur Hannesson læknir og ráðlagði Þorvaldi að fara utan. Það varð úr og vorið 1905 sigldi Þorvaldur og lagðist inn á heilsuhæli nálægt Silkiborg á Jótlandi. Hann tók þar skjótum framförum og var byrjaður að leggja á ráðin um heimferð þegar hvíti dauðinn lifnaði aftur og allan veturinn á eftir var hann rúmfastur og versnaði stöðugt uns hann í maí 1906 lauk þeirri skuld sem allir eiga fyrir eða síðar að gjalda, aðeins hálfertugur. Enn voru fjórir mánuðir í að Akureyringar kæmust í fjarskiptasamband við útlönd og barst dánarfregnin ekki heim fyrir en skip tók land

við Akureyri rúmum hálfum mánuði síðar. Þá var búið að jarðsyngja Þorvald fyrir nokkru. Og þótt seinustu bréfin að utan hefðu ekki gefið góðar vonir kom fréttin engu að síður sem reiðarslag fyrir ættingja hans heima á Íslandi. Ekkjan hélt áfram versluninni en Davíð, tengdafaðir hennar, stóð fyrir henni eins og hann hafði reyndar gert í töluverðan tíma á meðan Þorvaldur var á lífi.

Og nú var enn einum vinnudeginum að ljúka og fimmtu-dagurinn 18. október að hverfa í móðu óljósra minninga með öllum bræðrum sínum en það átti ekki eftir að fara svo. Þvert á móti varð 18. október 1906 Davíð ákaflega minnis-stæður: „Þetta kvöld var jeg í búðinni fram á 9. tíma. Jeg var einn dálitla stund áður jeg lokaði og enginn kom í búðina. Jeg gekk aptur og fram um búðargólfíð, jeg held án þess að vera nokkuð sjerstakt að hugsa. Allt í einu fór jeg að raula fyrir munni mjer 2. vers úr 5. Passíusálminum: „Verður það opt, þá varir minnst, voveifleg hætta búin finnst“ o.s.frv. Jeg held jeg hafi raulað versið til enda, jafnvel optar en einusinni. Kl. um 8½ lokaði jeg búðinni, tók inn bækur og peninga þá sem selst hafði fyrir um daginn, slökkti ljósið og fór upp á lopt þar sem íbúðin var. Mat var þá ekki búið að bera á borð.

Ekki hafði jeg setið lengur en sem svaraði 15 mínútum, þegar heyrðist að blásið var í brunalúður. Jeg hljóp þá undir eins út og sömuleiðis allt fólkið. Heyrði jeg þá að kviknað væri í húsi ofarlega á Oddeyri, 4. húsi frá húsi því er við bjuggum í, ...“²

Næstu daga fluttu blöðin fréttir af því sem bar fyrir augu Davíðs þetta kvöld á Oddeyri – sem var ekkert smáræði. Bláðið Norðurland fullyrti með flennibreiðum fyrisögnum: „Mesti húsbruni á Íslandi. Fimm verzlunar- og íbúðarhús og tvö vörugemysluhús brenna á rúmum tveim tímum. 200,000 króna tjón. 100 menn húsveltir. Oddeyrin öll í voða.“

Hvað gerðist?

2 Hskj. Ak. Eyf., G-48/17, Ævisaga Davíðs Ketilssonar bls. 155-156.

Eldur, eldur

Einar málari snaraðist fram á ganginn. Hann hafði verið fljótur að klára kvöldverðinn þegar hann var loks laus við erindreka Thomsens. Á ganginum stóð maður og beið eftir Guðbjörgu búðarkonu. Ætluðu þau að verða samferða heim til hennar í Brekkugötunni? velti Einar fyrir sér. Karlarnir skiptust á orðum en svo kom Guðbjörg fram og hraðaði sér niður stigann með karlinum en í því að þau hurfu út um dyrnar heyrði Einar hana segja hróðuga með spurnartóni í röddinni hvort hún hefði ekki verið fljót að borða, varla lengur en þrjár mínútur. Svo voru þau horfin út í myrkrið og rokið.

Annars hugar gekk Einar út á götuna. Það lagði ennþá birtu frá verslunarglugga Kolbeins Árnasonar í Strandgötu 9. Kannski hefur Einar ætlað að ræða eitthvað við kaupmanninn um olíufatið sem hann var nýbúinn að kaupa af Kolbeini en hafði ekki enn komið í verk að flytja heim. En Kolbeinn var ekki í búðinni. Einar staldraði því stutt við en á heimleiðinni gekk hann erinda sinna rétt sem snöggvast austur fyrir Horngrýti en fór svo inn. Hann hljóp léttstígur upp stigann og gekk inn ganginn. Þá var það sem hann fann lyktina. Var eitthvað að brenna? Kannski í eldhúsinu? Nei, allt var með kyrrum kjörum í eldhúsinu hans, svo mikið var víst. En hjá Knudsen kjötkaupmanni? Einar greikkaði sporið inn eftir ganginum. Lyktin varð sterkari og þegar hann opnaði eldhús kjötkaupmannsins gaus reykjarmökkurinn á móti honum.

—Eldur, eldur. Það er kviknað í húsinu, hrópaði hann hástöfum fram ganginn. Knudsen kjötkaupmaður var fljótur að átta sig á alvöru málsins, hljóp niður og hringdi úr kjötverslun sinni á fyrstu hæðinni í bæjarfógetann en Knudsen hafði verið einna fyrstur bæjarbúa að fá talsíma.

Fór nú allt á fljúgandi ferð. Fyrst var hugsað um að koma konum og börnum út en síðan reyndu karlarnir að bjarga einhverju af eigum heimilisins. Einar hljóp niður í búðina og ætlaði að grípa verslunarbækurnar en heyrði þá snark í eldi í geymsluherbergi inn af versluninni þar sem hann geymdi

saltfisk innan um málningarvörur; kópallakk og terpentínuolíu.

–En steinolía, vildi Guðlaugur bæjarfógeti seinna fá að vita. Var steinolía í geymslunni?

–Nei, ekki einn dropi, svaraði Einar málari. Ég var ekki búinn að koma því í verk að ná í olíuna til Kolbeins Árnasonar.


Húsið fuðraði engu að síður upp eins og eldspýtnastokkur. Á nánast einu augnabliki var þetta stóra og fallega hús alelda – Hornhúsið var það kallað því það stóð þar sem Hafnarstræti og Strandgata mættust, efst á Oddeyrinni. Ragnar Ólafsson hafði þegar staðið fyrir einni slökkviefingu og menn hans voru snöggir að hlaupa eftir slökkvitólunum í Barnaskólanum. Þó ekki nógu fljótir. Þegar þeir komu til baka, dragandi slökkvivagninn á höndum sér, stóð Hornhúsið í björtu báli. Þetta var „svipmikil sjón en þó fögur“, sagði Norðurland, „gegnum alla gluggana sá í eitt eldhaf, en hið snotra hús stóð þó enn uppi.“

Þrátt fyrir að nálega 15 metrar væru í næsta hús neðan við, hið svokallaða Turnhús (Strandgata 7), var augljóst að það var í stórri hættu. Eldflyksum rigndi yfir það eins og flugeldum. Eldurinn var líka kominn í stórt pakkhús Sigurðar Bjarnasonar timbursala við Túngötu, litlu norðan við Horngrýti og Turnhúsið, og timburhlaða er hann geymdi úti undir beru lofti.

–Þetta er vonlaust, kallaði Ragnar slökkviliðsstjóri og skipaði mönnum sínum að hörfa og mynda varnarlínu við Strandgötu 9, þar sem var verslun Kolbeins Árnasonar.

Búin er til hringrás að og frá slökkvivagninum sem komið er fyrir á miðri götunni – tvær raðir manna er teygja sig út í sjó. Önnur röðin þeytir upp fullum fötum af sjó sem hellt er úr í stamp á vagninum. Hin fleytir fötunum til baka. Svo er sjónum dælt eftir slöngunum og sprautað yfir eldshafið.

Miklu neðar á eyrinni, í Lundargötu 9, er Hallgrímur Pétursson bókbindari með verkstæði. Hjá honum er fimmtán ára lærlingur, Magnús Hólm Árnason, sem er nýlega byrjaður



Danskir slökkviliðsmenn með tæki sín um 1900.

—Mynd frá Brandmuseum, Københavns Brandvæsen.

að læra iðnina. Þeir þurfa að vinna frameftir við Stafrófskver og Reikningsbók, báðar eftir séra Jónas Jónasson á Hrafnagili. Það liggur á að koma bókunum til dreifingar en skipaferðir strjalar þegar líður að jólum og vetur fer í garð. Brunarlúðurinn truflar vinnu þeirra. Hallgrímur þrífur höfuðfat og þýtur út en skipar Magnúsi að ganga frá á verkstæðinu. Húsmóðir hans er kvíðin. Það brennur mikið í suðvestan átt, segir hún áhyggjufull, um leið og pilturinn lýkur við að ganga frá, og hleypur út og suður Lundargötuna. Þegar Magnús kemur í Strandgötuna blasir Hornhúsið við honum. Það er alelda og Turnhúsið er byrjað að brenna. Magnús á aldrei eftir að gleyma þessari sjón sem honum finnst í senn fögur og ægileg.

„Margir stóðu og horfðu á hið mikla eldhaf, en höfðust ekki að. Ég fer í vatnsföturöðina og leysi þar annan af hólmi. Það er ekki kalt að standa í sjónum, því hita frá eldinum leggur suður á sjóinn, þótt sunnangola sé, og ekki eru föt-

urnar þungar, því þær eru úr segli, nema haldan og hringurinn að ofan eru úr jární.“³

Fyrst í stað eru raðirnar ekki ýkja langar. Þegar er háflæði nær sjórinn alveg upp að Strandgötunni en nú er fjaran að stækka og sjórinn að hörfa. Það fjölgar því jafnt og þétt í röðunum.

Strandgata 7 og Jóhannes glímukappi

Fyrsti Íslendingurinn sem stefndi á það leynt og ljóst að geta sér nafn í útlöndum, ef frá eru taldir fornkappar og hirðskáld, fæddist í fjárhúsunum á Barði, beint upp af Torfunefi. „Ég er Jósefsson og fæddur í jötu“, sagði hann sjálfur. Skírskotunin var augljós.

Í skírninni var þessu nýja fjárhús-jötu-barni gefið nafnið Jóhannes. Þetta var sumarið 1883. Sonurinn varð snemma skapmikill eins og hann átti kyn til og voru feðgarnir erfiðir í sambúð. Þeir höfðu meðal annars fyrir sið að sparka upp útidyrhurðinni þegar þeir komu heim að afloknum vinnudegi – og reyndar öðrum hurðum er á vegi þeirra urðu að matarborðinu. Húsmóðirin á heimilinu, Kristín Einarsdóttir, tók þessu með miklu jafnaðargeði og sagði aðeins. „Illa kynni ég því ef þeir tækju upp á því að læðast að mér á kvöldin, piltarnir.“

Jósef átti sér glæsta drauma sem hann ætlaði að láta rætast í stóra Turnhúsinu við Strandgötu. Þar hafði hann stofnað verslunarfyrtæki og sett Jóhannes yfir. „Niðri var verzlunarhúsið með vörugeymslum, en á tveimur hæðunum þar fyrir ofan voru íbúðir og bjuggum við á hinni efri“, lýsir Jóhannes í ævisögu sinni sem Stefán Jónsson fréttamaður skráði svo snilldarlega.

Hið örlagaríka kvöld var Jóhannes á templarafundi: „Svo kom einhver og sagði að það væri kviknað í húsinu heima. Þar sem ég var nú æðstitemplar í þessari stúku, gat ég ómögu-

³ Magnús Hólm Árnason: „Brunalúðurinn kallar“, Því gleymi ég aldrei, 2. b. (Akureyri 1963), bls. 126.

lega fengið mig til að hlaupa tafarlaust á dyr, heldur lét ég syngja útgöngusálminn og sleit fundinum formlega. Þetta var á níunda tímanum um kvöldið. Þegar ég kom að var eldur í allri vesturhlið hússins. Þangað hafði hann borizt úr húsi Halldórs Jónassonar, sem stóð nú í björtu báli með loga úr hverjum glugga.⁴

Ég hljóp rakleitt upp á loft og aðstoðaði fyrst móður mína niður og út úr húsinu, fór síðan og sótti Magnús bróður minn, sem þá var rúmliggjandi og ósjálfbjarga.

Einhverju lítilræði tókst mér að bjarga af vörum úr verzluninni með góðra manna hjálp, en þó mátti heita að við stæðum uppi slypp og snauð eftir brunann. Hús og vörur voru að visu váttryggð hjá dönsku tryggingafélagi, en svo sem tíðkast um váttryggingasamninga, þá gat í okkar samningi að finna ýmsa varnagla af hálfu tryggingafélagsins, sem orkuðu á þá lund að við fengum ekki greiddan nema tiltölulega lítinn hluta þess fjár, er við töldum eignina tryggða fyrir.

Að visu varð faðir minn ekki gjaldþrota og hélt áfram að verzla eftir þetta. En stórveldisdraumur hans á kaupsýslusviðinu brann í þessum sjö húsa eldi á Oddeyri, og mín var ekki þörf við þá verzlun, sem hann rak eftir þetta.⁵

Upp frá þessu sneri Jóhannes sér óskiptur að íþróttunum. Fyrst var stefnan tekin á Ólympíuleikana í London 1908 og síðan heimsfrægd í erlendum fjölleikahúsum. Eldurinn á Oddeyri lagði þannig grunn að lífshlaupi sem enginn annar Íslendingur getur státað af.

Baráttan við eldinn

Hornhúsið var ein stærsta bygging bæjarins en samt tók það eldinn ekki nema 30 mínútur að breyta því í ösku. Rétt áður en það féll saman í eina brunarúst breyttist vindstaðan illu heilli úr stinningskalda af suðri og gekk meira til suðvesturs.

4 Tekið skal fram að heimildir segja Halldór ýmist Jónsson eða Jónasson. Í dóma-bók er hann sagður Jónasson og er það látið ráða.

5 Stefán Jónsson: *Jóhannes á Borg. Minningar glímukappans* (Reykjavík 1964), bls. 129-130.

Og þrátt fyrir að fimmtán metrar væru í næsta hús, þeirra feðga Jósefs og Jóhannesar, breyttist turninn sem átti að vera einkennismark verslunar þeirra um aldur og ævi í ægifagran eldstólpa. Fönnin í Vaðlaheiði fékk á sig rauðgullinn bjarma og á Breiðumýri og í Reykjahlíð við Mývatn veltu menn fyrir sér birtunni sem sló upp á himininn.

Einhver hrópaði og benti. Það var maður í Turninum. Skelfingu lostinn fylgdist manngrúinn með skuggaverunni sem hljóp niður stigann með fangið fullt. Allt í einu blossaði eldurinn upp stigann með snarkandi látum. – Hann er inni-lokaður, hrópaði einhver í skelfingu. Ætlaði eldurinn nú að taka mannslíf ofan á allt annað?

Skuggaveran blasti nú greinilega við fólkinu. Þetta var ungur maður.

–Gagnfræðingur, sagði einhver.

–Já, þetta er Þorsteinn Grímsson.

Ungi maðurinn hikaði augnablik. Hann var kominn niður á aðra hæð hússins, stigin alelda og aðeins ein leið fær út úr eldhafinu. Glugginn! Hann varð að stökkva út um gluggann. Hann tók á rás. Út, út.

Ekki er þess getið að Þorsteinn hafi skaðast af stökkinu en eldurinn hafði leikið hann grátt og var honum þegar í stað komið á sjúkrahúsið.

Hitinn frá bálinu var nú orðinn svo mikill að slökkviliðsmenn og björgunarlið neyddust til að vaða út í sjóinn til að komast niður fyrir hin brennandi hús. Talsíminn var líka í hættu. Eldurinn hótaði að hremma símastaurana við Strandgötu og kviknaði í tveimur þeirra. Raðir voru myndaðar út í sjó þar sem Árni Jónsson wæni dýfði rauðum fötum sem – „gengu eins og sorgarsaga frá manni til manns – fylltar sjó – söltum eins og meðaumkunartárum“, skrifaði ljóðrænn áhorfandi um annan bruna á Akureyri fyrr þetta sama ár.⁶ Það sama gerðist nú.

Litlu rauðu föturnar dugðu til að bjarga öðrum staurnum

6 „Daginn eftir brunann“, Norðurland 17. mars 1906.

INGOLFUR.

[21. okt. 1906].

Stórkostlegur bruni á Oddeyri.

Á föstudagskveldið 18. þ. m. brunnu þar 5 verziunar- og íbúðarhús og tvö vörugæmsluhús á þrem klukkustundum, frá 9—12.

Eldurinn kom upp í húsi Halldórs Jónassonar. Það er mikla húsið, sem er lengst til vinstri handar hér á myndinni.



Þvínæst kviknaði í hinu mikla og fagra húsi Jóseps Jónssonar, hinumegin við götuna og læsti eldurinn sig í hvert húsið af öðru. Brunnu auk þessara tveggja hús Kolbeins kaupmanns Árnasonar, Magnúsar Blöndals og Davíðs Ketilssonar. Öll þessi hús sjást á myndinni. Vörugæmsluhúsin sem brunnu stóðu á bak hinum húsunum.

Húseign Davíðs Ketilssonar voru tvö hús áfóst. Snýr hið vestra gæfinum fram að götunni, en hitt hliðinni. Það var austasta húsið sem brann.

Eignirnar voru vátrygðar fyrir 150 þúsundir en tjónið talið um 200 þúsund.

Úrklippa úr blaðinu Ingólfi 21. okt. 1906 þar sem segir frá brunanum.

en á hinn var sprautað úr Kustos-slökkvívél sem líklegt er að Havsteen kaupmaður hafi átt en hann var sjálfur í slökkviliðinu sem skipað var til varnar um staurinn.

Verr gekk með húsin. Ragnar lét menn sína taka sér stöðu við tveggja hæð hús hins liðlega fertuga Kolbeins kaupmanns en sjálfur bjó hann á efri hæðinni með fjölskyldu sinni. Sem fyrr varð ekki við neitt ráðið. Eldhríðin stóð ofan á húsið frá hinu miklu herra Turnhúsi og var nú röðin komin að Strandgötu númer 11 en þar bjó og verslaði Magnús Blöndal, sá hinn sami og hafði áður lent í brunanum 1901. Að þessu sinni var lánið ekki með Magnúsi. Bálið geisaði af æðislegri græðgi og glepti nánast í einni svipan bæði íbúðarhúsið og fjós Blöndals og var með herkjum að tækist að bjarga kúm og hænsnum kaupmannsins.

Næst í húsaröðinni við Strandgötu var húsið númer 13 sem í manntali 1906 var sagt tilheyra dánarbúi Þorvalds Davíðssonar. Þar var faðir hans, Davíð Ketilsson, nýlega búinn að loka versluninni þegar eldlúðurinn tók að gjalla. Nú

var að duga eða drepast. Húsið stóð á horninu við Glerárgötu en kæmist eldurinn yfir götuna var einsýnt að Strandgatan yrði ein brunarúst að morgni. Húsið hans Kristjáns Guðmundssonar, við Glerárgötu 1, var líka í stórhættu en þar var faðir Kristjáns með bókaverslun. Fór nú heil hersing manna í að forða bókunum því ekki var annað sýnna en að húsið myndi brenna.

Illur beygur hafði líka gripið um sig í Lundargötu og jafnvel Norðurgötu. Hinn ungi bókbandsnemi, Magnús Hólm, var aftur kominn á verkstæðið þar sem Hallgrímur, húsbóndi hans, og prentmeistarinn Oddur Björnsson voru í óða önn að setja upplagið af Stafrófskverinu og Reikningsbókinni í poka. „Og Hallgrímur setur ofan í kassa handrit föður síns, þau er tilheyra Annál nítjándu aldar. Einnig býr hann vel um handrit Sigurðar málara föðurbróður síns af leikriti hans, Smalastúlkan. Er það með litskreyttum teikningum, er Sigurður hefur gjört af persónum leiksins.“⁷

Í Strandgötunni hélt bardaginn áfram.

–Nú verður þetta að takast, hrópaði Ragnar. Verjumst við Þorvaldshús, nú skal eldurinn ekki lengra, hvorki niður á eyrina né norður í Glerárgötuna.

Var nú hlaupið til með járnplötur og þær negldar á austurstafn húss Þorvalds heitins.

Og breiðið segl á vesturstafninn á húsi Halldórs Halldórs-sonar söðlasmiðs, skipaði Ragnar, en það var austan gatnamótanna, númer 15 við Strandgötu. En þá vandaðist málið. Bærinn átti engin segl og kaupmenn voru tregir til; þeir höfðu lent í hinu mesta argaþrasi við að fá segl sín bætt eftir eldsvoðann 1901. Nú lá hins vegar lífið á. Þorvaldshús var byrjað að brenna og þá var Halldór söðlasmiður næsta fórnarlamb.

Bærinn borgar seglin, hrópaði Guðlaugur sýslumaður.

Kallinu er svarað og Snorri Jónsson kaupmaður lánar seglið.

⁷ Magnús Hólm Árnason: „Brunalúðurinn kallar“, Því gleymi ég aldrei, 2. b. (Akureyri 1963), bls. 127.

Búið er að færa slökkvivagninn sem er nú að finna sunnan Glerárgötu þar sem hún opnast út í Strandgötu. Þar geta slökkviliðsmennirnir sprautað bæði á hús Þorvalds, sem logar glatt, og Halldórs, þar sem tveir en oftár þrír menn sitja á stafninum sem er hin mesta þrekraun. „Vér höfum ekki getað grafið upp hverjir þöktu með seglum stafn hússins nr 15 og sátu þar síðan á þakinu meðan loginn svo að segja lék um þá, en það fanst oss þreklegast gert í bruna þessum“, skrifaði Norðri.⁸ Af og til þarf að sprauta yfir mennina, sem skiptast á um að sitja á stafninum. Samt kviknar í einum þeirra en eldurinn er slökktur áður en skaði hlýst af. Litlu rauðu föturnar þjóta með ógnarhraða eftir manngerðum röðunum er ná niður í fjöru þar sem Árni væni stendur ennþá í sjó upp undir klof og dýfir og dýfir. Eftir brunann skrifar Norðri að Árni hafi staðið lengur en aðrir í sjónum „... og óð lengst fram.“

Það hjálpaði nú til að hús Þorvalds við Strandgötu 13 var tvískipt – eða í raun tvö áföst hús – og var austari endi þess einlyftur. Nú gerðist það líka að vindáttin breyttist en blásið hafði af krafti nánast beint niður með húsaröðinni fram til þessa. Nú snerist hann skyndilega í suðaustrið. Var nú sprautað og skvett úr fötum yfir húsarústina af öllu því æði er rennur á menn sem sjá fyrir endann á þrekraun. Bækurnar hans Guðmundar fóru ekki varhluta af æðinu er rann á menn og var sagt að Guðmundur hefði beðið „stórtjón á þeim“. Húsin Kristjáns og Halldórs söðlasmiðs voru líka sviðin og brennd, rúður höfðu brotnað í gluggum og fleira gengið á. En nú var sigur í sjónmáli. Brunaaxir voru reiddar til höggs og hinir vígreifustu æddu inn í verslun Davíðs Ketilssonar, sem nú var rústir einar, og mölvaðu niður það sem enn var uppistandandi af húsinu.

Lítum aftur í endurminningar Davíðs frá þessu kvöldi:

„Þarna á brunastöðunum var mesti sægur af fólki, einkum af Oddeyri. Gengu þar margir rösklega að verki við björgun út úr húsunum, sem sýnilegt var að myndu brenna,

⁸ „Eldsvoðinn mikli“, Norðri 26. október 1906.

en fjöldi manns stóð þó aðgjörðarlaus engu síður karlar en konur. Það sem mjer varð fyrst fyrir að koma á óhultan stað, voru verzlunarþækurnar og dálítill járnkassi með ca 400 krónum í peningum. Með þetta hljóp jeg nokkuð út fyrir húsin og faldi þar í tóptarbroti, þar til seinna um nóttina að jeg kom því til geymslu í húsi sem jeg þekkti vel. ...

Margir vöktu um nóttina yfir rústunum og sumir mäske, sem fingralangir voru, til að krækja í eitthvað sem þeim þótti girnilegt, enda hefur sá grunur við töluverðar líkur að styðjast, því sumt sem full vissa var fyrir að út var borið, bæði ætt og óætt, kom aldrei til skila. Allt sem bjargaðist út úr húsunum var borið suður í fjöruna. Auk þess var mikið borið út úr 3-4 húsum, sem um tíma sýndust vera í hættu.

Öllu ægði saman: matvöru, rúmstæðum, rúmfatnaði, hirzlum, bókum og yfir höfuð öllu hugsanlegu og þar á meðal verzlunarvörum, allt frá því efst á Oddeyri ofan undir hús Snorra Jónssonar. Þegar birta tók morguninn eptir, fóru menn að smala saman dóti sínu, var það líkast því þá er úrtíningur er aðskilinn í rjettum. Mörgum gekk seint að finna muni sína, fannst sumt ekki fyrri en eptir margar vikur og sumt aldrei, sem þó bjargaðist úr brunanum.⁹

Var kveikt í?

Daginn eftir brunann var hringt að sunnan og spurt hvort það væri satt að maður sæti í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa kveikt í. Það orð var farið að liggja á Akureyringum að þeir kynnu ekki að fara með eld og stundum væri sá klaufaskapur viljandi. Þetta vissi Guðlaugur sýslumaður og kannaði því vandlega brunarústina sem áður var Hornhúsið. Einkum voru leifar geymsluherbergis Einars málara skoðaðar vandlega og var meðal annars járnsmiður fenginn til að skoða báða reykháfana og þó einkum hreinsidyrnar að þeim. Bláðið Norðri fjallaði um niðurstöðu rannsóknarinnar og er greinilegt feginsandvarpið er leið frá brjósti ritstjórans, Jóns

9 Hskj. Ak. Eyf., G-48/17, Ævisaga Davíðs Ketilssonar bls. 158.

Stefánssonar, þegar hann skrifaði: „Mun það mega teljast með öllu víst, að eldurinn hefir ekki komið upp af manna-völdum, og að þær sögur sem mælt er að hafi verið sagðar í þá átt eru með öllu ósannar. Eru það góð tíðindi og gleðileg, og undarlegur hefði sá brennivargur mátt vera, sem hefði treyst sér til að sýna sig meðal manna eftir að hafa valdið slíkum atburðum og tjóni fyrir fjölda fólks.“

Vel má vera að formaður ritnefndar blaðsins, sem var sjálfur Guðlaugur sýslumaður og bæjarfógeti, hafi stýrt penna þegar lýst var niðurstöðum rannsóknarinnar. Að minnsta kosti hefur hann skoðað yfir öxl Jóns ritstjóra þegar hann skrifaði áfram:

„Sennilegast mun það vera, að eldurinn hafi komið upp á þann hátt að kviknað hafi í sóti innan í eystri reykháfinum í húsi Halldórs Jónassonar. Hreinsunardyr voru á reykháfinum á neðsta gólfi og vissu út að geymsluherbergi því er Einar Jónsson málari hafði á leigu. Rétt við hreinsunardyrnar risu upp með þilinu nokkur hrífusköft og lágu þau að hillu er var nálægt miðju þilsins. Á þeirri hillu stóðu dunkar með kópallakki. Er ekki ólíklegt að eldurinn hafi hrunið út um hreinsunardyr reykháfsins, komist að hrífusköftunum, þaðan að hillunni er kópallakkið var, þaðan í þilið og svo alt staðið í björtu báli. Hugsanlegt er það líka, að eldurinn hafi sprengt reykháfinn og sundrað neðsta hluta hans, því enginn var á neðsta gólfi hússins um það leyti er eldsins varð vart, en hin tilgátan virðist þó sennilegri.“

Nú gátu gárungarnir ekki lengur á sér setið. Einn þeirra orti undir skálðaheitinu Sesam:

*Og margir þeir kváðu að kveikt væri í
– Ó, kvöl er að fjöldinn er þunnur! –
En þá kom hann Norðri í þrykkið á ný,
og það er nú viskunnar brunnur.
Og hrífusköft urðu þá sönnuð að sök
um svikráð og bruna, með fullkomin rök.*

Aðeins um heimildir og tilurð greina

Kveikjan að þessum tveimur greinum um eldsvoðana miklu á Akureyri, 1901 (birtist í Súlum í fyrra) og 1906, var að ég fann á Þjóðskjalasafni skjalagögn er vörðuðu 1901-brunann, en dómsmálabækur frá þeim tíma eru týndar og þar af leiðandi einnig yfirheyrslur vegna eldsvoðans – hélt ég. Hins vegar er í Íslensku stjórnardeildinni (Isl. Journ. 20, nr. 319) að finna gögn er varða tryggingar vegna desember-brunans 1901. Meðal annars dómsmálagögnin er ég hélt glötuð. Þar eru þau þýdd á dönsku fyrir danska tryggingamenn að lesa.

Þetta var önnur kveikjan. Hin var að mig langar til að skrifa um mestu bruna á Akureyri og á þriðja greinin að vera um verksmiðjubrunann mikla á Gleráreyrum í janúar 1969. Hún er þó ekki enn komin á blað og óvíst hvenær það verður.

Hvað varðar aðrar heimildir er rétt að geta þess að mjög ítarlegt réttarpróf var haldið vegna brunans 1906 og er það meginheimildin að greininni hér að framan. Sjá Þjóðskjalasafn, skjalasafn sýslumanna og sveitarstjórna, Eyjafjarðarsýsla IV. 37, dóma- og þingbók 1904-1906. Skammstafanirnar Lbs og Hskj. Ak. leysast upp í Landsbókasafn og Héraðs-skjalasafnið á Akureyri.

Þá er mér ljúft og skylt að geta þess að það sem segir í fyrri greininni um bóndann Hallgrím Þórðarson í Gröf er fengið úr einum hinna frábæru þátta er Hannes Jónsson frá Hleiðargarði skrifaði um menn og málefni en nú er unnið að útgáfu þeirra. Og má ekki seinna vera.

HERMANN ÓSKARSSON

Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar og upphaf hagsmunasamtaka verkafólks á Íslandi

Dr. Hermann Óskarsson er fæddur 1951 á Húsavík og ólst upp á Laugum í Reykjadal, S-Þing. Hann er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1972, lauk Fil. kand. prófi í félagsfræði, félagsmannfræði og þjóðhagfræði frá Gautaborgarháskóla 1980 og doktorsprófi frá sama skóla 1996. Hermann er dósent við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri. Hann hefur starfað sem kennari við Háskólann frá stofnun hans 1987 og auk þess gegnt starfi deildarforseta um fjögurra ára skeið og fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum á vegum Háskólans.



Í grein í 51. hefti Súlna 2012 ræðir Þorsteinn E. Arnórsson spurninguna „Vorur hagsmunasamtök verkamanna á Akureyri stofnuð 1894?“ Í doktorsriti mínu um upphaf stéttaskiptingar á Akureyri og þróun hennar, sem kom út á sænsku 1996,¹ ræði ég einnig þessa spurningu og svo virðist sem Þorsteini sé ókunnugt um þá umfjöllun. Hér birtast í stuttri samantekt vangaveltur mínar um þetta mál. Efnislega er ég í meginatriðum sammála Þorsteini um að leiða megí rök að því

¹ Hermann Óskarsson (1996). *En klasstrukturs uppkomst och utveckling. Akureyri 1860 till 1940*. Doktorsrit: Háskólinn í Gautaborg.

að hagsmunasamtök verkafólks á Íslandi séu eldri en almennt hefur verið talið á grundvelli samtímaheimilda.

Heimildir varðandi stofnun Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar eru af skornum skammti. Eina upprunaheimildin er lítil bók sem varðveitir lög félagsins, sem voru samþykkt á fundi þess 19. apríl 1897 og undirrituð af 47 stofnfélögum. Þetta verkalyðsfélag starfaði ekki lengi því það lognaðist út af einhvern tímann árið 1899 og var formlega slitið 1907. Þá er enn fremur að finna í varðveislu Verkalyðsfélagsins Einingar peningakassa gamla félagsins, sem félagsmenn afhentu ásamt sjóði þess nýstofnuðu verkalyðsfélagi sem var stofnað 1906. Blöð þessa tíma sögðu ekkert frá þessu fyrsta verkalyðsfélagi á Akureyri.²

Fyrir stofnun Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar 1897 eru til heimildir um stofnun lokaðs félagsskapar sem hét *Málfundafélagið Undiralda* (1896). Þetta félag var á vissan hátt forveri þess fyrrnefnda.³ Starfsemi Málfundafélagsins var leynileg og sama gildi einnig að miklu leyti um starfsemi Verkamannafélagsins vegna ótta verkamannanna við neikvæð viðbrögð kaupmanna á Akureyri.

Einar Olgeirsson heldur því fram í Vinnunni 1943 að Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar sé elsta verkamannafélag á Íslandi, stofnað í júlí 1894.⁴ En það er erfitt að finna samtímaheimildir um þetta, m.a. vegna þess að fyrstu verkamannafélögin voru leynileg samtök sem vegna ótta við hefndaraðgerðir kaupmanna þorðu ekki að starfa opið. Margt styður þó þá tilgátu að Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar kunni að vera eitt elsta verkamannafélagið í landinu.⁵ Í fyrsta lagi er mjög sennilegt að verkamannafélög hafi starfað á laun hér á landi í lok 19. aldar og er akureyrska verkamannafélagið eitt þeirra. Verkalyðshreyfing hér

2 Sama heimild, bls. 202.

3 Ólafur Einarsson (1970). *Upphaf íslenskrar verkalyðshreyfingar*. Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, bls. 74.

4 Einar Olgeirsson (1943). *Vinnan*, nr. 10, árg. 1. Reykjavík.

5 Sama heimild.

á landi, þ.e. skipulagsbundin hreyfing verkafólks til verndar hagsmunum sínum, er því mjög sennilega eldri en samtímaheimildir gefa til kynna. Í öðru lagi byggja upplýsingarnar um stofnun akureyska verkamannafélagsins 1894 á frásögn sonar fyrsta ritara félagsins sem kveðst hafa heyrt föður sinn segja frá stofnuninni, nokkuð sem ljær þessu stofnari vissan trúverðugleika.⁶ Í þriðja lagi sýnir lagafrumvarp Skúla Thoroddson á Alþingi 1893 „um greiðslu daglauna verkamanna og vinnukaup í verslun“ að hagsmunir verkafólks hafi verið ræddir og settir fram með skipulegum hætti. Augljós efnisleg tengsl eru á milli frumvarpsins og laga Verkamannafélagsins. Skúli var á þessum tíma þingmaður Eyjafjarðar og þar með Akureyrar, kosinn á þing 1891. Lagafrumvarpið gekk út á nákvæmlega það sama sem verkamannafélagið hafði í fyrstu efnisgrein félagslaga sinna, að vinna bug á skuldaversluninni, þ.e. að verkamenn skuli fá laun sín greidd í peningum en ekki í vöruúttektum hjá kaupmönnum. Þetta lagafrumvarp var fellt í þinginu árið 1893 með 12 atkvæðum gegn 11. Það er mjög ólíklegt að lagafrumvarp Skúla hafi einungis byggt á hugmyndum og frumkvæði hans sjálfs. Líklegra er að efni þess hafi byggt á vilja verkamanna á Akureyri, hugsanlegum drögum að félagslögum verkamannafélagsins eða skipulögðum kröfum verkamanna. Með öðrum orðum, að efni frumvarpsins hafi byggt á vilja kjósenda Skúla á Akureyri og hagsmunum þeirra en ekki bara hans eigin hugmyndum.⁷

Skipuleg barátta verkafólks á Akureyri fyrir afnámi skuldaverslunarinnar hlýtur að hafa orðið mun erfiðari eftir að löggjafarvaldið í landinu hafði hafnað henni 1893. Þessi staðreynd er trúlega skýringin á því hvers vegna umrædd

⁶ Sama heimild.

⁷ Þrátt fyrir að margir verkamenn hefðu ekki kosningarétt á 19. öld vegna þess hvernig kosningalögin hljóðuðu var samt sem áður að finna töluverðan fjölda kjósenda í verkalýðsstétt á Akureyri um aldamótin 1900. Kosningarétturinn breyttist að minnsta kosti þrisvar sinnum á 19. öld. Sjá t.d. Einar Laxness (1987). Íslandssaga a-k. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, bls. 261–263.

krafa varð ekki upphaflega opinber meginkrafa Verkamannafélagsins. Staðreyndin að Alþingi felldi frumvarpið kann þannig að hafa verið ein af skýringum þess að lög Verkamannafélagsins 1894 voru ekki kynnt kaupmönnum á Akureyri. Þessi tilgáta styður þá fullyrðingu Einars Olgeirssonar að Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar sé ennþá eldra en samtímaheimildir geta staðfest. Allt bendir því til að leynileg skipulögð samtök verkamanna hafi verið á Akureyri löngu fyrir 19. apríl 1897.⁸

Samkvæmt greiningu manntalanna á Akureyri 1870 og 1880 tilheyrðu 1880 um 50 prósent íbúanna á aldrinum 15–65 ára verkalyðsstéttinni.⁹ Sem hlutfall af atvinnuþátttakendum var verkalyðsstéttin um 65 prósent 1880 og 1890. Hlutfallið jókst í um 70 prósent atvinnuþátttakenda um aldamótin 1900. Með tilliti til tímabilsins alls frá 1860 til 1940 var verkalyðsstéttin á Akureyri fjölmennust 1880, sem hlutfall af íbúum bæjarins. Í ljósi þessara tölfræðilegu upplýsinga er ekki ólíklegt og alls ekki undarlegt að þegar á níunda áratug 19. aldar hafi verkafólk á Akureyri verið farið að ræða með skipulögðum hætti um hagsmuni sína, þ.e. launakjör og ráðningarskilyrði sín.

8 Jón Gunnar Grjetarsson (1993). Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi. Í Guðmundur Hálfðánarson og Sverrir Kristjánsson (ritstjórar), Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990. *Ritgerðir* (bls. 215–264). Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, bls. 232.

9 Hermann Óskarsson (1996). *En klasstrukturs uppkomst och utveckling. Akureyri 1860 till 1940*. Doktorsrit: Háskólinn í Gautaborg, bls. 153.

HALLDÓRA JÓNSDÓTTIR

Endurminning

Stelpusaga frá Siglufirði 1940

*Halldóra fæddist 27. ágúst 1933
á Siglufirði og var uppalin þar.*

*Hún vann á símstöð bæjarins
frá 18 ára aldri með hléum í 20
ár. Þar á eftir vann hún á
skrifstofu Þormóðs ramma
í 25 ár. Eiginmaður hennar er
Hannes Baldvinsson og
eiga þau saman þrjá syni
en Hannes átti fyrir
eina dóttur.*



Ég fæddist á Siglufirði 1933 og átti góða og áhyggjulausa æsku hjá mömmu og pabba sem bjuggu í húsi á eyrinni. Húsið hét Frón og stóð við Vetrarbraut.

Mínar bestu vinkonur á þessum árum voru Hulda sem bjó í næsta húsi og Inga sem bjó við Aðalgötu, neðar á eyrinni. Hulda kom oft og hún öfundaði mig af því að eiga fjórar systur. Hún var einbirni og langaði að eignast systkini, sem aldrei varð. Alda systir mín, þremur árum eldri en ég, öfundaði aftur á móti Huldu af því að hafa frið fyrir systurum og geta bara legið í bókum eins og hún þráði sjálf. Enn öfundaði Hulda mig sérstaklega af Dísu sem var þremur árum yngri en ég og lék sér alltaf við álfabörn sem hétu Ari og Ira og Sigga og Barri. Þau bjuggu í stórum steini bak við húsið

að Aðalgötu 15. Mér fannst aftur á móti þetta rugl með álfana mjög leiðinlegt og hélt því ekki mikið á lofti.

Sá atburður sem ég upplifði sex ára stendur mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum enn í dag, en nú er ég sjötíu og sjö ára gömul. Í janúar 1940 höfðum við krakkarnir í hverfinu verið að leika okkur úti í snjónum. Við fórum meðal annars upp á þakið á frystihúsi Óskars Halldórssonar og stukkum niður af því. Þetta var býsna hátt og við skemmtum okkur vel. Ég kom síðan heim og fór úr rennblautum snjósokkum, peysu og vettlingum, borðaði kvöldmat, fór að hátta og síðan í rúmið. Eftir að hafa sofið stutta stund vaknaði ég við miklar kvalir um allan kviðinn svo ég hljóðaði upp. Kvalirnar héldu áfram að versna svo að lokum missti ég meðvitund. Það síðasta sem ég man var að ég horfði úr rúminu fram í eldhús þar sem ég sá mömmu, en síðan fór allt að snúast.

Klukkan þrjú um nóttina þurfti að flytja mig upp á sjúkrahús. Það var ekki auðvelt því komin var grenjandi norðanhríð og svo hvasst var að ekki sá út úr augum. Þar sem pabbi var á vertíð smalaði Guðmundur móðurbróðir minn saman nokkrum karlmönnum. Þeir settu mig í teppi og á börur og lögðu síðan af stað fótgangandi út á sjúkrahús sem var töluvert norðar í bænum, rétt hjá prestsetrinu Hvanneyri. Af þessu basli öllu vissi ég ekkert nema að á leiðinni vaknaði ég upp og fannst ég vera að kafna. Það lá sæng ofan á mér og lyfti ég henni frá andlitinu og sá þá húsið Hólakot sem stendur við Túngötu.

Á sjúkrahúsið komst ég og var skorin upp um nóttina með sprunginn botnlanga. Árið 1940 voru það grafalvarleg veikindi því ekkert penisilín var til á þeim tíma og hófst nú baráttan upp á líf og dauða við lífhimnubólgu. Þarna mátti ég, þetta stelpuþrippi sem ég var, aldrei fram úr rúminu fara. Allt starfsfólkið var mér ákaflega gott, sérstaklega fröken Elísabet, yfirhjúkrunarkona, sem þótti hinn mesti harðstjóri. Fór það orð af henni að fáum sýndi hún alúð eða blíðu. Elísabet gaf mér útsaumaða vasaklúta, kandís og fleira góðgæti. Á sjúkrahúsinu lá einnig strákur sem sífellt var að

koma inn á stofuna til mín og hræða mig á að hann myndi toga mig út úr rúminu og brjóta á mér fótinn og ég veit ekki hvað og hvað. Hann fékk skammir en ég var dauðhrædd við hann og þeirri stund fegnust þegar hann fór heim.

Þarna lá ég í um tvo mánuði með hálfopinn skurð sem alltaf vilsaði úr. Fékk ég loks að fara heim, gegn því að vera rúmliggjandi þar. Ég var ekki búin að vera lengi heima þegar við Alda systir vorum eitthvað að tuskast uppi í rúmi en við það rifnaði skurðurinn upp og vall út gröftur. Mamma sótti þá Steingrím lækni, sem sóttthreinsaði sárið og bjó um það. Fram eftir öllu sumri þurfti ég síðan að mæta vikulega heim til Steingríms læknis en hann bjó í svokölluðu Blöndalshúsi við Lækjargötu. Steingrímur var mér mjög góður og nærgætinn, gaf mér oftast súkkulaðimæru og haldi mér fyrir dugnað og seiglu.

Það var ekki auðvelt fyrir mömmu að koma mér í þessar vikulegu heimsóknir til læknisins, því ég mátti ekki stíga í fæturna. Hún tók því til þess ráðs að aka mér þangað í barnakerru. Beinast lá við að fara upp Aðalgötu gegnum miðbæinn en mér fannst þetta svo skammarlegt að ég harðneitaði að sú leið yrði farin. Varð mamma að taka á sig langan krók út á Granda sem kallað var, annars æpti ég af öllum lífs og sálar kröftum.

Að lokum greri skurðurinn og það stóð á endum að ég komst í 1. bekk barnaskólans í byrjun september. Þangað var stutt að fara en Frón stóð svo að segja á skólalóðinni.

Mig langar til að enda þessa frásögn mína með því að minnst vinkvennanna minna tveggja, áðurnefndra, þeirra Huldu og Ingu, sem alltaf voru mjög duglegar að heimsækja mig allan þann tíma sem ég var veik og færa mér alls konar góðgæti. Og eftir á að hyggja hefur móðir mín ekki átt litlar þakkir skildar, álagið á hana hefur verið mikið, búandi í svona þröngu húsnæði með kolavél í eldhúsinu til að hita íbúðina og elda á ofan í eiginmann og fjórar dætur.

Skrifað í júní 2011


ÞORSTEINN JÓNSSON

Hey að norðan

*Þorsteinn Jónsson á
Þóroddsstöðum, Ölfusi
í Árnessýslu er fæddur
31. desember 1930.*

*Hann var bóndi
1950-70.*

*Frá 1970 var hann
vörubilstjóri en átti raunar
vörubíl allt frá 1954.*



Sumarið 1969 var mikið vandræðatíðarfar á Suðurlandi. Það rigndi næstum stanslaust og grassprettur var með minnsta móti. Veturinn áður var harður og virkaði það þannig að allur gróður drapst í sáðsléttum sem höfðu verið ræktaðar árin á undan. Stefndi nú í algert neyðarástand því að margir máttu heita heylausir eftir sumarið, en hey hvergi fáanlegt sunnanlands.

En þetta var öðruvísi fyrir norðan, þar var mikið heyskaparsumar og menn þar aflögufærir. Var nú hafist handa við að útvega hey að norðan, um það sáu búnaðarsamböndin í Árnessýslu og Eyjafirði. Heyið fékkst í Eyjafirði, Skagafirði og í Þingeyjarsýslum. Var þá mikið verk framundan, en það var að flytja allt þetta hey suður á land. Var nú safnað saman öllum vörubílum sem fáanlegir voru. Urðu margir til að taka þátt í þessu og þar á meðal ég.

Ég var með bíl sem var mjög heppilegur til þessara flutninga, hann var langur og þungur og stóð vel undir hlassinu. Ég var búinn að fara tvær ferðir í Eyjafjörð og Svarfaðardal og var nú í þriðju ferðinni og fór þá að Árbót í Aðaldal. Þetta var heilmikið hlass því að heyið var af nýrækt þar sem sáð hafði verið saman grasfræi og höfrum og baggarnir stórir og þungir.

Nokkru eftir að ég fór frá Árbót fór eldsneytistankurinn að leka og fór ég því heim að Ystafelli til að fá Ingólf til að gera við tankinn. Þau hjón Ingólfur og Kristbjörg voru ekki heima, en ung stúlka sem heima var bauð mér að vera um nóttina og myndi Ingólfur gera við tankinn fyrir mig næsta morgun, og þetta þáði ég. Þegar komið var á fætur um morguninn kom í ljós að snjóað hafði um nóttina og var jafnfallinn snjór í mjóalegg en stillt og fagurt veður. Ingólfur gerði nú við tankinn og hélt ég áfram. Allt gekk vel til Akureyrar, því að í Ljósavatnsskarði var snjórinn horfinn.

Þegar ég kom upp í Öxnadalinn mætti ég bíl frá Pétri og Valdimar og spurði ég bílstjóran hvort ég myndi þurfa að setja á keðjur yfir heiðina. Hann sagði að það væri vissara, því að það væri hálkublettur fyrir ofan ristarliðið í Bakkaselsbrekkunni og hefðu bílar átt þar í erfiðleikum. Þegar þetta var lá vegurinn að heita mátti um hlaðið í Bakkaseli. Ég var með alveg nýjar tvöfaldar keðjur og lágu þær á gólfinu farþegamegin í bílnum. Snjór var á jörðu en þegar ég nálgadist brekkuna voru hjólförin eins og tvö kolsvört strík í snjónum og sýnilega autt í þeim. Ég hélt hiklaust áfram, hugsaði að ég færi þetta eins og ekkert væri.

Allt gekk ágætlega upp fyrir ristarliðið en þá kom að hálkublettinum. Hann var ekki langur, kannski eins og tvær billengdir. Ég hélt enn hiklaust áfram og var farinn að halda að ég hefði þetta, en þá stansaði allt, bíllinn vildi ekki lengra og spólaði á svellinu. Þetta munaði svo litlu að framhjólin voru komin yfir en afturhjólin vantaði eins og tvo metra til að sleppa líka.

Nú var illt í efni og gat ég ekkert gert nema að standa á

bremsunni. Ég vonaði að einhver kæmi þarna sem annað hvort gæti togað í mig eða þá kastað keðjunum aftan við hjólin, en það hefði verið nóg til að halda bílnum þar til önnur hjálp bærist. En enginn kom. Leið töluverð stund en þá fannst mér að bíllinn væri byrjaður að síga aftur á bak. Þetta var mjög lítið fyrst, en með því að miða gluggakarminn við stein í vegkantinum sá ég að bíllinn var farinn að renna hægt aftur á bak. Þá setti ég bílinn í handbremsu og ætlaði sjálfur að fara og freista þess að setja grjót fyrir hjólin, en það gekk ekki því að um leið og ég sleppti bremsunum herti bíllinn á sér, þar sem handbremsan var bara á afturhjólnum sem höfðu enga festu í hálkunni. Mér datt í hug að reyna að bakka niður fyrir svellið, en það reyndist ekki hægt því að hlassið var svo breitt og náði út af hliðunum á bílnum svo að það sást ekkert aftur með honum.

Varð nú að fara sem vildi. Bíllinn herti á sér þegar hann var kominn af stað, fór út í kantinn, út af veginum og lagðist á hliðina. Keðjurnar voru sem áður sagði á gólfinu farþegamegin. Komu þær nú veltandi og varð ég undir þeim þar sem ég lá á hurðinni bílstjóramegin. Átti ég í mesta basli við að ná mér undan þeim því að þær voru stórar og þungar og hefðu nú verið betur komnar þar sem þær áttu að vera, það er á hjólnum á bílnum. Þetta hafðist nú samt og kom ég mér út um gluggann á farþegahurðinni sem sneri nú orðið upp.

Varla var ég kominn út úr bílnum, þegar þarna bar að mann sem kom að sunnan. Hann var kunnugur þarna og vildi allt fyrir mig gera. Fórum við nú niður í Bakkasel en þar var sími sem var ætlaður til afnota sem neyðarsími. Því miður man ég ekki lengur hver maðurinn var sem þarna kom mér til hjálpar, ég þekkti hann ekkert en kannaðist við nafnið. Þessi bjargvættur tók nú málin í sínar hendur. Hann þekkti mann á Akureyri sem átti gamlan hertrukk með spili, var sá gjarnan notaður í tilfellum sem þessu. Hann náði í trukkeigandann og sagði honum hvernig komið var, kvaðst sá geta verið kominn á staðinn eftir svo sem tvo tíma. Sagði hann að ég skyldi fara niður að Hálsi og fá bændurna þar og

á Engimýri til liðs við mig og tæki hann okkur með þegar hann kæmi.

Allt gekk þetta eftir og voru allir tilbúnir að hjálpa. Þegar truckurinn kom fórum við allir á staðinn. Næst lá fyrir að losa bílinn við heyið og gekk það fljótt og vel. Þá þurfti að koma bílnum á hjólin og gekk það líka vel. Næst var að koma bílnum upp á veginn, en þá vandaðist málið. Með kvöldinu hafði myndast svo mikil hálka að truckurinn fékk enga festu, og þegar hann fór að toga í dróst hann sjálfur að bílnum sem átti að draga upp en hinn haggðist ekki. Var nú gripið til þess ráðs að setja truckinn niður í skurðinn ofan við veginn, og skorðaðist hann þar og gat nú farið að draga, en þegar minn bíll var kominn upp á veginn losnaði dráttartógið og þaut bíllinn þá til baka út af veginum og stöðvaðist á heyhlassinu. Var nú gengið betur frá endum og gekk þá vel að draga bílinn upp. Það sá ekkert á bílnum nema hliðarspegillinn hafði brotnað. Fór ég nú að athuga bílinn betur og reyndi að setja í gang sem tókst strax og hafði honum ekkert orðið um byltuna.

Meira var ekki hægt að gera þarna um kvöldið. Fór ég heim að Hálsi og var þar um nóttina í góðu yfirlæti. Daginn eftir þegar bændurnir höfðu lokið morgunverkum fórum við aftur á staðinn til að setja heyið á bílinn. Það var heilmikið verk og tók allan daginn. Komst ég af stað klukkan fimm síðdegis og var þá nákvæmlega sólarhringur liðinn frá því að ég velti bílnum.

Ég fór á Blönduós um kvöldið og gisti þar, en hélt svo áleiðis heim daginn eftir og gekk þá allt vel. Þegar ég kom vestur í Húnavatnssýsluna voru þar vigtarar frá Vegagerðinni og vigtuðu þeir bílinn. Þá var hann með 3,2 tonn á framöxli en 12,8 tonn að aftan. Hlassið var því 8 tonn, og mátti heita að maður keyrði bara á afturhjólunum með þetta hlass. Bíllinn var eins ólöglega hlaðinn og framast gat verið, en ég var heppinn, það voru mjög almennilegir menn sem ég hitti á og yfirmaður þeirra sagði: „Ég ætla ekkert að gera í þessu núna, en taktu ekki svona mikið á ef þú ferð aftur.“

Það var með þessa vinnu eins og oft vill verða ef vinna þykir ekki góð, að þetta lenti mikið á sömu mönnunum. Margir fóru bara eina ferð og voru þá búnir að fá nóg. Ég fór hins vegar ellefu ferðir, þrjár í Skagafjörð, tvær í Suður-Þingeyjarsýslu en hinar á Eyjafjarðarsvæðið. Allt gekk vel nema í þetta eina skipti sem ég hef sagt hér frá og það var af kæruleysi því að ég setti ekki keðjurnar á þótt ég vissi að ég ætti að gera það.

Annars var það næstum ótrúlegt hvað þessir flutningar gengu vel, miðað við allar aðstæður eins og þær voru á þessum tíma. Flutningarnir byrjuðu ekki fyrr en í september og stóðu fram á vetur. Allir vegir voru malarvegir í misjöfnu ástandi. Bílarnir voru einnar hásingar venjulegir vörubílar. Væri svona verkefni unnið í dag væri það leikur einn, bæði hvað varðar vegina og flutningatækin.

EIÐUR GUÐMUNDSSON, ÞÚFNAVÖLLUM


Minnisstæð veður í Hörgárdal

*Eiður Guðmundsson bóndi
á Þúfnavöllum í Hörgárdal
var f. 2. október 1888,
d. 10. nóvember 1984.*

*Eiður tók mikinn þátt í
félagsmálum fyrir sveit
sína og stétt.*

*Þrátt fyrir miklar annir við
búskap og félagsstörf gafst
honum tími til að sinna
fræðastörfum, ekki sist sögu
byggðar sinnar og ættfræði.*

*Ritsafn hans hefur
komið út.*



I. Ógurlegir stormar, einkum hlákuveður

1. Manndrápsveðrið 20. september 1900

Það var á fimmtudegi næstum eftir fyrstu göngur. Um morguninn var þéttingsgola og hlýtt, góðviðrishláka. Áttstaðan var suðvestan og loftið mjög skýjað, en engin rigning. Síðan herti á storminum smám saman og um nón var komið ægilegt ofsaveður sem reif og tætti þök af heyjum og húsum og allt annað sem undan gat látið og fokið gat. Þó urðu hvergi stórskaðar hér í sveit.

Veðrið mun þá hafa verið ennþá ofsalegra út með firðinum, heldur en hér fram í dalnum og þar urðu skaðarnir miklu meiri. Hús á Rauðuvík tók af grunni í heilu lagi og þeyttist út á sjó. Þar drukknuðu tvö smábörn, en móðir

þeirra slapp nauðulega. Húströppur sleit frá íbúðarhúsinu í Arnarnesi á Galmaströnd. Lentu þær á Sveini Jónssyni bónda þar og slösuðu hann svo, að hann lést eftir fáa daga. Páll Rangvöll, jötunninn, druknaði þá á Eyjafirði. Var hann einn á kænu.

Um morguninn lagði Skíðdælingur nokkur upp frá Barká með lítinn kindahóp. Fara ætlaði hann Heiðinnamannajökul til Skíðadals. Er kom upp á háfjallið var veðrið komið í versta ham. Var þá orðið algerlega óstætt. Skreið hann þá undir klett og komst þar í hlé. Þar kúrði hann svo fram á kvöld, er veðrinu fór að slota. Kindurnar fuku; þyrluðust burtu fram af fjallinu og drápust allar.

Eftir veðrið var víðast ljótt um að litast. Þaklaus hús, hey rifin og skemmd og túnin þakin torfrusli að meira eða minna leyti.

2. Heyfoksstormurinn 12. september 1906

Þá bar 12. september upp á miðvikudag.

Frá því um höfuðdag til 10. september var óþurrkakafli. Slætti var samt haldið áfram víðast hvar. Voru mikil hey úti í ljá og flekkjum hjá allflestum.

Mánudaginn 10. september þornaði upp. Var nokkur flæsa þá um daginn og daginn eftir ágætis þurrkur. Þann dag var gengið fast að verki og vinna ekki felld niður fyrri en í myrkri um kvöldið, en þá skellti niður skúrdembu mikilli í blæjalogni.

Nokkru eftir miðnætti rauk veðrið upp allt í einu með sviptibyljum, sem komu hver úr sinni áttinni. Áttstaða yfir hefir verið suðaustlæg. Við ekkert varð ráðið vegna stormofsa og náttmyrkurs. Nýuppbörnir heybólstrar þyrluðust út í veður og vind. Sums staðar þar sem þeir stóðu á hávöðum var ekkert eftir, ekki dreif, en aðrir sem lægra stóðu fuku um og tættust niður.

Heyskaðarnir urðu mjög tilfinnanlegir. Þó bætti það nokkuð úr skák, að næstu daga á eftir var blíðuveður, svo að tóm gafst til að raka upp dreifar og koma öllu heyi í tótt.

Ekki fuku hey sem inn voru komin annars staðar hér nærlendis en í Stóragerði. Þar tók veðrið hey við tóttarveggi, velti því um og þeytti talsverðu af því út í loftið.

Þó að hvasst væri í þetta skipti, komst það ekki mikið meira en í hálfkvisti við septemberveðrið sex árum áður.

3. Ofsaveðrið 1913 í janúar

Suðaustanátt var, snjór mikill og þök gaddfreðin. Skaðar urðu ekki þó veðrið væri nærri óstætt um tíma. Það dundi á um hádegi, en sljákkaði um miðaftan. Þetta var fáum dögum eftir nýár.

4. Voðastormur 19. febrúar 1918

Þriðjudaginn þann 19. febrúar 1918 var gott veður um morguninn, þítt og hæglátt, en fljótlega fór að hvessa á suðaustan og innan stundar var komið afspyrnurok og varla stætt á bersvæði í byljunum. Misvindi var og ekki unnt að átta sig á úr hvaða átt byljirnir myndu koma, svo sem hér er venjulegt í suðaustanátt.

Öll þök voru stálfrosin eftir grimmdarfrostin fyrr um veturinn. Skaðar urðu ekki teljandi. Þó má geta þess að sperrur brotnuðu á austurhlið á hlöðu hér á Þúfnavöllum. Var þó þykk, gaddfreðin torfþekjan þar yfir.

Veður þetta skall á konu, Guðrúnu Guðmundsdóttur í Baugaseli, er var ein á leið gangandi heim til sín. Fauk hún um hvað eftir annað, en náði þó til bæjar að lokum, þrekuð og meidd. Varð henni þó ekki meint af til langframa.

5. Góulokaveðrið 1927

Það var eitt þessara, sem koma öðru hverju. Ekki urðu skaðar svo að umtalsvert væri. Hlaka var og hlýindi mikil og þurrt.

6. Hamfaraveður í febrúar 1935

Þá voru um miðjan febrúar ólátastormar hver eftir annan. Þó var einn bylurinn hinum verri. Vestanátt var og fremur kalt og éljagangur. Þá tók ósnert hey í Myrkárdal og feykti

því gersamlega burtu. Hey þetta stóð út og niður á hólnum kippkorn frá bænum.

Í sama veðri braut nýlega útvarpsstöng á Þúfnavöllum. Kubbaðist hún við jörð. Ýmsir smáskaðar urðu víðar.

7. Voðastormur 15. september 1936

Mánudaginn 14. september var þurrkur og blíðviðri. Voru menn þá á flestum bæjum að taka saman það síðasta af heyfeng sumarsins, eins af bestu sumrum sem koma. Munu allflestir hafa ætlað að flytja heyið heim í tótt daginn eftir og að þar með væri heyskap sumarsins lokið.

Um kvöldið fór að hvesa og græddi storminn stöðugt allt fram um birtingu. Þá var komið fárviðri, svo að óstætt mátti kallast í byljunum. Hlýindi voru mikil og þurr.

Í Barkárdal voru veðurhamfarirnar einna mestar hér í sveit.

Áttin var hásunnan og stóð því þvert á stefnu dalsins. Lygndi því milli byljanna, svo að ekki blakti hár á höfði. Þess á milli dundu þeir yfir af ægilegum þunga. Var þá ekki annað ráð til en að flegja sér niður og taka höndum í hvað sem fyrir var og eitthvert hald var í. Komu byljirnir svo snögg, að líkast var því, að maður yrði fyrir höggi. Flestir æddu þeir frá norðri í suður, þvert gegn aðaláttstöðunni. Sást glögg hvernig þeir lögðu grasið í hlíðinni flatt, er þeir brunuðu niður á dalgrundina. Þegar þeir fóru yfir ána þurkuðu þeir hana upp að mestu og soguðu vatnið upp í dimmar skúradembur. Síðan geystust þeir upp suðurhlíðina. Stóðu þá allir fossarnir, sem á vegi þeirra urðu, beint í loft upp. Hefi ég aldrei séð það í annað skipti.

Eftir hádegi fór að draga úr ofsanum og um kveldið var komið kyrrt og gott veður.

Allt hey, sem úti var, tvístraðist út í veður og vind, en hér í sveit urðu ekki aðrir skaðar að ráði, enda var veðrið ekki jafn óskaplegt hér niðri í dalnum sem í Barkárdal.

Ekki minnst ég þess að fréttir bærust annars staðar frá af miklu tjóni vegna bylsins, nema að franskt hafrannsóknaskip, *Pourquoi Pas?*, fórst fyrir Mýrum suður og öll áhöfnin

druknaði, að einum manni undanskildum, sem rak í land á braki og var bjargað.

8. Ofsaveðrið í janúar 1944

Fimmtudaginn 27. janúar 1944 var eitt óskapa bálviðrið. Marahláka var af suðvestri og hlýtt. Veðrið skall á um nónn og stóð til næsta morguns. Engir skaðar urðu eða neitt minnisvert.

9. Feiknaofviðri 5. janúar 1952

Laugardaginn 5. jan. 1952 varð einn af ofsalegustu hlákuþyljum sem koma. Þá fauk flest, sem fokið gat. Hús skemmdust, bílar ultu, hey töpuðust og menn meiddust. Eftir fregnunum varð tjónið miklu meira víða annars staðar en hér í sveit.

Þá var það, sem timburskúr á Auðnum í Öxnadal tókst á loft í heilu lagi, fauk í einu kasti alla leið út í Bakka, lenti þar á hesthúsi, reif frá alla framhliðina, sem tvístraðist líka út í veður og vind. Hross voru í húsinu. Munu þau hafa ærst, því að þau þutu alla leið út á þelamörk og fundust ekki fyrr en eftir nokkra daga.

Eftir byl þennan gekk í hríðar og illviðri, sem entust langt fram eftir vetri.

10. Æsibylurinn 1. febrúar 1956

Vondur janúar var liðinn. Að morgni miðvikudagsins 1. febrúar var blíðviðri og kyrrt að mestu. Er á daginn leið fór dálítið að vinda og um rökkursbyrjun var orðið allhvasst. Síðan herti stöðugt á veðrinu og um klukkan átta um kvöldið var það orðið ógurlegt. Eftir klukkan 10 virtist heldur fara að draga úr mesta ofsanum. Þó hélst ofsastormur alla nóttina, allt til birtingar, en þá fór að kyrra.

Áttin var á hásunnan og hlýindi með mikilli leysingu. Allt af var úrfellislaust. Um nóttina gekk áttin til vesturs og kólnaði þá niður undir frostmark. Er þetta líklega ofsalegasti æsistormur, sem í mannaminni er.

Skaðar urðu stórkostlegir, svo að segja um land allt. Hér í

sveit sem annars staðar varð tjónið mjög mikið. Á eftirtöldum bæjum hér í sveit varð það mest:

Á Ásgerðarstöðum fauk gaddfrosið torfþak af gömlu framhúsi. Þakið sviptist af húsinu í einu lagi og barst nokkurn spöl út og niður á túnið, skall þar niður og brotnaði í stykki.

Á Staðarbakka reif járnplötur af parti á íbúðarhúsinu og einnig af heyhlöðu. Stórt hey, sem stóð vestan við hlöðuna, byltist upp að veggnum og lá við slysi á mönnum, sem voru í geilinni milli hlöðunnar og heysins. Annað stórt hey sem stóð niður undir gilbarminum út frá bænum fór niður undir grunn og lenti fram af klettunum niður í ána.

Í Flögu varð tjónið mest. Þar sópaði þökunum gersamlega af þremur samstæðum, stórum fjárhúsum. Sömuleiðis fauk brakkahlaða, sem tók 800 hesta af heyi. Steinsteyptur suður-stafninn brotnaði á miðri hæð og þakið tvístraðist út í loftið. Þá fauk og mikið af heyinu sem í hlöðunni var.

Í Baugaseli fauk brakki, sem geymdar voru í vélar og ýmisleg áhöld og smíðatól. Fauk brakkinn í heilu lagi svo algerlega, að ekki sást þar neitt eftir nema grunnurinn. Sumt af áhöldunum hvarf líka út í buskann og fannst sumt aldrei.

Eftir þetta veður var vetrarveðráttu lokið veturinn þann.

11. Haustofsinn 1963

Að kveldi miðvikudagsins 23. október rauk upp suðaustan skaðaveður og stóð fram undir morgun næsta dag. Fylgdi því talsverð úrkoma. Fremur var þá svalt í veðri en þó þítt. Urðu þá skaðar vítt um land, einkum þó á Suður- og Vesturlandi.

Hér varð ekki tjón af veðrinu nema á Barká. Þar fauk þakið ofan af stórrí heyhlöðu, nýbyggðri, einnig nýhlaðnir fjósveggir, ekki fullharðnaðir. Hrundu þeir alveg í rúst.

II. Sumarregnin verstu

1. Laugardagsregnið 1903

Laugardag 12. september var óhemjuregn. Hlýindi og suðræna voru fyrri hluta dagsins, en er á daginn leið gekk áttin mjög til vesturs og kólnaði.

Sumarið hafði verið mjög óþurrkasamt. Var þetta síðasta rigningin sem nokkuð kvað verulega að og jafnframt sú versta.

2. Sunnudagsregnið 1906

Sunnudaginn 19. ágúst 1906 var óskaplegt hroðaregn. Daginn áður var glampandi þurrkur með allþéttum norðvestan vindi, bólstraskýjum, en þó hálfskýjuðu lofti. Mikið hey var þá tekið saman sæmilega þurrt og sett í sæti.

Svo dimmt var af regninu, að ekki sá nema hér um bil kílómetra frá, og nýuppbornu sætin botndrupu öll.

3. Egidíusmessurigningin 1912

Þá var 1. september, laugardagur. Indælisveðrátta áður og eftir.

Regn þetta var mjög hlýtt en stórkostlegt. Þá stóðu menn úti við slátt gagndrepa allan daginn. Engum gat þá orðið kalt. Áin var í ógurlegu flóði.

4. Stórrigning 1914

Það var seint í ágúst, sem óskaplega rigndi dag einn. Þá var enginn úti við vinnu, því að mjög kalt var með regninu.

5. Ofsalegt regn 1919

Það var kringum þann 20. júlí. Áður hafði verið ágæt veðrátta og eins var eftir regnið. Rigning þessi var af austri og stóð í tvo sólarhringa. Flóð varð í ánni.

6. Voðaregnið 24. ágúst 1926

Sumarið 1926 tekur öllum sumrum fram með óþurrka hér í

sveit. Versta regnið var þriðjudaginn 24. ágúst, á Bartólómeusarmessu.

Á mánudaginn þann 23. ágúst var logn, en mjög þungbúið loft. Um miðaftan byrjaði að rigna. Hægt í fyrstu, en eftir því sem á kvöldið leið jókst úrkoman jafnt og þétt.

Um nóttina fór að gola og hélst golan áfram allan daginn eftir og herti þá nokkuð á regninu. Átt var vestlæg.

Allan daginn 24. ágúst rigndi svo ákaft, að slíkt er mjög fátítt hér. Húsleki var afskaplegur, er engin torf héldu. Um kvöldið fór að styttu upp. Þá voru pollar í hverri laut á hörðum túnbölum. Ár fóru í stórflóð og skriðuföll urðu mikil og víða.

Vond var veðráttan fyrir regnið, en eftir það tók út yfir með óþurrkana.

7. Dimma rigningin 1946

Hún hófst laugardaginn næstan fyrir göngur, 21. september. Daginn áður var logn og blíða. Er á leið laugardaginn fór að rigna og á sunnudaginn var rigningin eins og mest getur orðið hér í sveit. Ekki var rigning þessi stórdropótt, en svo þétt og úðakennd, að skyggni var mjög lítið. Var þá eins og í ágústregninu tuttugu árum áður, að hús láku ákaflega og pollar mynduðust á harðvelli.

Rigning þessi byrjaði með sumarhlýju, en lauk með kulda og snjó niður undir bæi á mánudagsnótt. Skriður féllu miklar og víða.

8. Ódæmaregnið 1950

Sumarið 1950 var frá byrjun ágústmánaðar og fram undir miðjan september óvenjulega úrfellasamt. Á því tímabili komu hér í sveit fimm stórrigningar, en oftast liðu sumrin svo, að aldrei stórrigndi, eða þá, að mikið regn kom ekki nema einu sinni.

Laugardagsmorguninn 19. ágúst var veðri svo háttað, að þéttingsgola stóð neðan dalinn, en skýjafar yfir var af suðaustri. Hlýtt var, loft óvenju dimmt og héngu skýin við fjalla-

brúnir. Sást þó aðeins grilla undir skýjahafið í norðaustri, yfir Vaðlaheiði, til ljósleitrar bliku sem hvarf þó fljótlega.

Um klukkan 11 herti á golunni og jafnframt fór að rigna. Fyrst kom skúr, sem stóð ekki lengi. Svo leið stutt stund regnlaus, þar til rigningin skall á með slíkum þunga, að ég minnst varla annars eins.

Þegar regnið dundi yfir, var ég staddur á næsta bæ. Var ég gangandi og lagði þegar af stað heim. Ekki hafði ég farið nema sem svaraði tvö hundruð metrum, þegar ég var orðinn alholdvotur og stígvélafullur, eins og ég hefði vaðið í vatni. Hafa ekki liðið nema tíu mínútur frá því að rigningin byrjaði og þar til að ekki var orðinn á mér nokkur þurr þráður.

Síðdegis fór heldur að draga úr mestu ósköpunum. Þó hélst rigningin allt fram á sunnudagsmorgun. Ekki varð þess vart að hér féllu skriður til skaða. Á Austfjörðum urðu þá hins vegar stórskaðar og manntjón á Seyðisfirði, en þar fórust fimm manns.

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2012

Stjórn félagsins skipa: Jón Hjaltason formaður, Hermann Óskarsson varaformaður, Þórgnýr Þórhallsson gjaldkeri, Birgir Þórðarson ritari og Guðmundur Steindórsson stjórnarmaður. Varamenn í stjórn eru Lára Ágústa Ólafsdóttir og Bernharð Haraldsson. Endurskoðandi, Karl Gunnlaugsson. Ritstjóri Súlna, Björn Teitsson (netfang, banna@simnet.is).

Þau gleðilegu tíðindi urðu á árinu að sveitarstjórn Eyja-fjarðarsveitar ákvað að taka upp fyrri stuðning við útgáfu



Frá vinstri Birgir Þórðarson, Guðmundur Steindórsson og Hermann Óskarsson í stjórn Sögufélags Eyfirðinga.

Eyfirðinga framan Glerár og Varðgjár. Vil ég fyrir hönd Sögufélags og allra áhugamanna um sögu Eyjafjarðar þakka stjórnarmönnum hjartanlega stuðninginn. Nú er verið að ganga frá próförk að Eyfirðingum svo gera megi nafnaskrá yfir ritið.

Björn Teitsson er nýr ritstjóri Súlna, þekktur að störfum sínum að skólamálum og fyrir fræðimennsku. Hann kenndi seinast við framhaldsskólana á Akureyri en er nú kominn á eftirlaun og gerir aðeins það er honum þykir skemmtilegt.



Þeir eru hættir ábyrgðarstörfum hjá Sögufélaginu. Frá vinstri Þórgnýr Þórhallsson gjaldkeri og Haukur Ágústsson ritstjóri Súlna.

– Myndirnar tvær tók Jón Hjaltason 16. okt. 2012.

Stjórn Sögufélags býður Björn velkominn til starfa og hlakkar til samstarfsins. Í tilefni ritstjóráskiptanna brá stjórnin út af þyrrkingslegum vana sínum og hélt ritstjórunum í senn kveðju- og fagnaðarsamsæti. Þar mætti Haukur, með sinni ágætu frú, Hildu Torfadóttur, og Björn Teitsson.

Þess skal einnig getið að okkar góði gjaldkeri, Þórgnýr Þórhallsson, hefur tilkynnt að hann muni láta af störfum í ársbyrjun 2013. Í næsta hefti munum við kveðja hann með virktum, rétt eins og hann á skilið eftir margra ára þjónustu í þágu félagsins. Þetta þýðir hins vegar að okkur vantar menn í stjórn, félagar, hafið endilega samband við stjórnina ef ykkur fýsir að leggja hönd á plóg en framundan eru spennandi tímar hjá Sögufélagi Eyfirðinga.

Með bestu kveðjum.

Stjórn Sögufélags Eyfirðinga

Leiðréttingar við Sútur 2011 og 2012

Í *Sútu* árin 2011 og 2012 birtust greinar um séra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað, sem bera titilinn *Þýðlyndur uppreisnarmaður*. Fáeinar leiðréttingar koma hér viðvíkjandi þessum greinum.

Í fyrri greininni, *Sútur*, 37. árg., 50. hefti 2011, bls. 10, er tekið fram, að Runólfur Magnús Ólsen, klausturhaldari, og Magnús hafi verið systrungar (systrasynir), en ekki er getið nánar, hver þessi Magnús var. Hér er átt við séra Magnús á Grenjaðarstað. Á bls. 12 er sagt, að Ögmundur, sem ritaði sig Sivertsen og sem orti kvæðið „Að Agent verðir óska eg þegi ...“ sé sonur Sigurðar. Þarna hefur fallið niður, að átt er við að hann hafi verið sonur séra Sigurðar Ögmundssonar á Ólafsvöllum. Af samhenginu þarna mætti halda, að Ögmundur væri sonur Sigurðar Sivertsen, kaupmanns, sem kveðið er um, en það er ekki. Á bls. 20, línum 10 og 11, talið neðan frá, á að standa „löggitur verzlunarstaður“. Á bls. 32 er þess getið, að Jón Sveinsson hafi verið sonur Sveins Pálssonar. Fallið hefur niður að átt er við Svein Pálsson, lækni og náttúrufræðing.

Í seinni greininni, *Sútur*, 38. árg., 51. hefti 2012, bls. 156, línu 22, talið að ofan, þar stendur: og Ásmundur (f. 1885-), fluttist til Vesturheims.[7] Hér hefur fallið niður og á að standa: og 6) Ásmundur (f. 1885-), fluttist til Vesturheims.[7] Á bls. 179, í 4. línu að ofan, á að standa búa, ekki bú. Í myndatexta á bls. 152 hefur gleymt að taka fram, að teikningin af Húsavík árið 1836 er eftir Auguste Mayer (birt með leyfi).

Efni þessa heftis:

Bls.

	Forsíðumynd – ritstjórnarspjall	3
	Viðtal við Gunnar F. Guðmundsson um Jón Sveinsson – Nonna	5
Saga Jónsdóttir	Borgarinnan Vilhelmina Lever	13
Björn Teitsson	H. V. Lever, jarðeplin og Búðargil	20
Jóhann Ó. Haraldsson	Æviágrip, samið 1951	42
Magnús Stefánsson	Sitthvað um upphaf sjúkrahúss á Akureyri	62
Sigurjón Vilhjálmsson	Ameríkuævintýri frá 1945.....	95
Bernharð Haraldsson	Hún var ekki Hansdóttir	105
Jón Hjaltason	Oddeyrarbrunninn 1906	118
Hermann Óskarsson	Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar	136
Halldóra Jónsdóttir	Endurminning – Stelpusaga frá Siglufirði 1940	140
Þorsteinn Jónsson	Hey að norðan	143
Eiður Guðmundsson	Minnisstæð veður í Hörgárdal	148
	Skýrsla stjórnar fyrir árið 2012.....	157
	Leiðréttingar við Sútur 2011 og 2012	160

SÚTUR XXXIX: 2013

Sútur

NORÐLENSKT TÍMARIT



Akureyri 1862. Tölvugerð mynd. Um hana er fjallað í heftinu á bls. 3